

**SKOÐUN** Breytum jólunum ekki í norræna nornaveiðihátíð skrifar Pavel Bartoszek. 25



**MENNING** Eva Einarsdóttir borgarfulltrúi gerir skemmtilegt jóladagatal fyrir börnin sín. 62



**SPORT** Liðsfélagi Hannesar Þorsteins Sigurðssonar var handtekinn fyrir veðmálabrask. 58







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
13. desember 2013
293. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



## Iðrun betri en dómar

Aðstandendur fórnarlamba gáleysisaksturs segja iðrun ökumannsins betri en þungan dóm. 6

**Vilja hlutabréf** Almennir fjárfestar á hlutabréfamarkaði eru að verða áhugasamari eftir mika ládeyðu í kjölfar bankahrunsins 2008. 6

**Dæla í Dauðahafið** Ísrael, Jórdanía og Palestína ætla að leggja vatnsleiðslu til að dæla í Dauðahafið. 10

**Fá niðurfærslu í bakið** Skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar auka á vanda Íbúðalánasjóðs að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. 16




| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | SA | 10 |
| Akureyri | 2° | S | 5 |
| Egilsstaðir | 4° | SA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | NA | 4 |
| Reykjavík | 4° | SA | 6 |

**Dregur úr vindi** Allhvasst N-til fyrrihluta dags en dregur úr vindi með deginum. Úrkoma víða, einkum SA-til í fyrstu en bætir svo í V-til síðdegis. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk



# Sekir um öll ákæruatriðin

Hinir fjórir ákærðu í Al-Thani-málinu voru dæmdir í þriggja til fimm og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Tveir dómanna eru þeir þyngstu sem hafa verið kveðnir upp í efnahagsbrotamálum hér á landi.

**DÓMSMÁL** Fjórmenningarnir sem voru ákærðir í Al-Thani málinu voru fundnir sekir í öllum ákæruatriðum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, var dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi og Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður bankans, í fimm ára fangelsi.

Þetta eru þyngstu dómar sem kveðnir hafa verið upp í efnahagsbrotamálum hér á landi.

Jafnframt voru Ólafur Ólafsson, fyrrverandi hluthafi í Kaupþingi, og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, dæmdir sekir. Dómarnir eru óskilorðsbundnir en enginn hinna ákærðu lét sjá sig í héraðsdómi.

„Þetta voru alvarleg brot sem þarna voru framin og verðskulda þessar alvarlegu refsingar sem þarna voru ákveðnar," sagði Björn Þorvaldsson, sem sótti málið fyrir hönd sérstaks saksóknara.

Í dóminum kemur fram að hinir ákærðu hafi verið meðal helstu áhrifamanna í stærsta viðskiptabanka á Íslandi. „Hin refsiverðu viðskipti ákærðu vörðuðu verulegum fjárhæðum. Eiga brotin sér ekki hliðstæðu í íslenskri réttarframkvæmd. Þá er við ákvörðun refsingar litið til þess að verulegt fjárhagslegt tjón hlaust af brotum ákærðu. Eiga ákærðu sér engar málsbætur," segir í dóminum.

Þórólfur Jónsson, verjandi Ólafs, telur sig hafa sýnt fram á sakleysi skjólstæðings síns og dómurinn hafi komið þeim í opna skjöldu. „Við niðurstöðu sem þessa er ekki hægt að una og hefur skjólstæðingur minn því ákveðið að áfrýja málinu til Hæstaréttar," segir Þórólfur í yfirlýsingu. Viðbrögð annarra sakborninga liggja ekki fyrir.

Á næsta ári verður tekið fyrir annað dómsmál sem snýst um markaðsmisnotkun Kaupþings banka. Hreiðar Már, Sigurður og Magnús eru á meðal ákærðra í því máli. - fb, þþ / sjá síðu 4



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON



SIGURÐUR EINARSSON



ÓLAFUR ÓLAFSSON



MAGNÚS GUÐMUNDSSON

### ➜ Brotin eiga sér ekki hliðstæðu

- Hreiðar Már Sigurðsson var dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun
- Sigurður Einarsson var dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun
- Ólafur Ólafsson var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir hlutdeild í umboðssvikum Hreiðars Más og Sigurðar og fyrir hlutdeild í markaðsmisnotkun þeirra beggja
- Magnús Guðmundsson var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir hlutdeild í umboðssvikum Hreiðars Más og fyrir hlutdeild í markaðsmisnotkun Hreiðars Más og Sigurðar



**HJÓLASTÍGAR MALBIKAÐIR** Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir á Hverfisgötu í Reykjavík að undanförnu. Í gær batnaði aðgengið þegar hjólastígar voru malbikaðir fyrir framan Bíó Paradís og verslunina Sjáðu. „Við erum rosalega ánægð með þetta og erum bjartsýn á framtíðina," segir Gylfi Björnsson, verslunarstjóri Sjáðu, spurður út í hið bætta aðgengi. „Þetta er búið að vera ógeðslega erfitt en vonandi fer þetta aðeins að liðkast til." Sjá síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

Fagna afmæli Ása í Bæ:

## Bróðir kynnir á aldarafmælinu

**FÓLK** Afmæli Ása í Bæ verður fagnað með tónleikum í Hörpu í febrúar, en þá hefði hann orðið 100 ára hefði hann lifað. Kristinn R. Ólafsson, hálfbróðir Ása, verður kynnir á en 38 árum munar á þeim.



KRISTINN R. ÓLAFSSON

Móðir Kristins var 28 árum yngri en Ólafur faðir þeirra og sex árum yngri en Ási. „Þegar ég fæddist stóð karl faðir minn á sextugu en mamma var 32 ára."

Bræðurnir ólust upp í Eyjum og Ási í Bæ hélt uppi líflegu tónlistarlífi í bænum. - ue / sjá síðu 54

Leikkonan Anita Briem var hikandi við að búa til barn en á nú von á stúlku:

# Læt ekki taka óléttuna frá mér

**LÍFIÐ** „Mig langaði að búa til barn en var mjög hikandi og áhyggjufull yfir að kippa mér svona af markaðnum," segir leikkonan Anita Briem sem á von á sínu fyrsta barni í lok desember.

Anita hefur notið velgengni í kvikmyndaborginni Hollywood. Hún segist hafa unnið hörðum höndum að ferli sínum til að geta klifið hærra og hærra og til að hafa meira frelsi til að velja leikstjóra til að vinna með og verkefni sem hafa merkingu fyrir hana.

„Þó ég hafi áorkað miklu þá er þetta allt ósköp brothætt. En þetta kraftaverk gaf mér þá gjöf að sleppa aðeins óttanum og kvíðanum. Maður fær bara að vera barnshafandi í fyrsta skipti einu sinni og ég ætla ekki að leyfa neinum að taka frá mér þá stórbrotnu upplifun," segir Anita. Hún segir einmanalegt að vera ólétt í Hollywood. Engin af vinkonum hennar eigi börn.



Anita segist ekki geta tekið sér fæðingarorlof. „Það er ekkert til sem heitir fæðingaorlof í þessum bransa þar sem ég er bara ráðin í eitt verkefni eftir annað og ekki með fastan vinnuveitanda."

Anita segist ekki ætla í keisaraskurð eins og margar konur í Hollywood gera. „Náttúrulega alla leið. Það hljómar kannski masókismalega en ég myndi alls ekki vilja missa af þessari upplifun," segir Anita. - mm / sjá síðu 44







## SPURNING DAGSINS



„Örvar, mun jólamaturinn þinn smakkast vel?

**„Mig grunar það óþægilega.“**
Örvar Þór Guðmundsson safnaði 1,5 milljónum króna handa foreldrum langveikra barna. Hann segir að þeir sem tóku þátt í söfnuninni finni hugsanlega betra bragð af jólamatnum.

Bandaríska fréttastofan CNN telur Reykjavík einn af tíu jólalegustu stöðum heims í nýrri samantekt:

# Norðurljós og 13 jólasveinar slá í gegn

**REYKJAVÍK** Bandaríska fréttastofan CNN hefur valið tíu jólalegustu staði í heiminum og er Reykjavík einn þeirra. Á vefsíðu CNN er fjallað um séreinkenni Íslendinga yfir jólahátíðina.

Fram kemur á vefnum að hér á landi séu þrettán jólasveinar sem gefa góðum börnum í skóinn á hverjum degi fyrir jól. Jólamarkaðurinn á Ingólfstorgi ku einnig vera einn sá jólalegasti í heiminum. „Þarna geta ferðalangar keypt litríkar jólagjafir, skreytingar og fleira,“ sagði í fréttinni.

Þegar Reykjavík er þakin snjó og norðurljósin lýsa upp borgina mun höfuðborg Íslands vera ein sú jólalegasta í heiminum, samkvæmt CNN. - fb



**JÓLALEG BORG** Reykjavík hefur verið valin einn af tíu jólalegustu stöðum heimsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ➜ Jólalegustu staðirnir

- **Reykjavík,** Íslandi
- **Barcelona,** Spáni
- **Rovaniemi,** Finnlandi
- **New York,** Bandaríkjunum
- **Nürnberg,** Þýskalandi
- **Quebec,** Kanada
- **San Miguel de Allende,** Mexíkó
- **Santa Claus,** Indlandi
- **c,** Frakklandi
- **Valkenburg,** Hollandi



**BOÐIÐ TIL VEISLU** Farþegum sem voru í fyrsta flugi easyJet frá Bristol til Keflavíkur var boðið til veislu við komuna til landsins.

Flugfélagið easyJet flýgur í beinu flugi til Bristol:

# Fjórða beina flugið frá landinu

**SAMGÖNGUR easyJet, eitt stærsta flugfélag Evrópu, hóf í gær beint áætlunarflug milli Íslands og Bristol í Englandi. Þetta er fjórða flugleið easyJet frá Íslandi en félagið flýgur einnig í beinu flugi milli Keflavíkur, London, Manchester og Edinborgar.**

**Flogið verður til Bristol tvisvar í viku allt árið um kring.**

**easyJet hóf flug á milli London og Keflavíkur í mars árið 2012. Fyrsta árið flaug félagið 72 sinnum til og frá landinu en á næsta ári áætlar það að flogið verði 832 sinnum til og frá landinu. Næsta vor bætist ný flugleið við og verður jafnframt fimmti áfangastaðurinn sem flogið verður til allt árið en það er borgin Basel í Sviss.** - jme

## BRUNI

### Eldur í ruslagámi

Eldur kom upp í ruslagámi við Gullinbrú í Reykjavík í gærkvöldi við hús sem áður hýsti útibú Landsbankans. Húsið fylltist af reyk og er ein hlið þess sviðin og skemmd. Slökkvistarf gekk vel. Talið er að kveikt hafi verið í.

## LEIÐRÉTT

Ranglega var sagt að Íslandsbanki og Arion banki hafi hlotið vottun samkvæmt ISO 27001-staðlinum í umfjöllun um netöryggi í Fréttablaðinu í gær. Hið rétta er að í svörum frá bönkunum kom fram að þeir vinni samkvæmt kröfum staðalsins, en þeir hafa ekki fengið vottunina. Af viðskiptabönkunum hefur aðeins Landsbankinn fengið formlega vottun samkvæmt ISO 27001-staðlinum.

Ályktun Evrópuþingsins:

# Viðræðurnar verði kláraðar

**EVRÓPUMÁL** Evrópuþingið undirstrikar í nýrri ályktun um framgang aðildarumsóknar Íslands að ESB, að sambandið styðji það að aðildarferlinu verði haldið áfram og það leitt til lykta. Þar er einnig áréttað að Ísland sé enn skilgreint sem umsóknarríki.

Þingmenn segjast fagna því að Alþingi skuli gera úttekt á stöðu viðræðnanna og þróun mála í ESB og bjóða fram aðstoð sína í þeim efnum. Loks segjast þeir vonast til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla, sem fara skal fram áður en viðræðunum verði haldið áfram, verði skipulögð. - þj

# Ræddi ofbeldið við embættismenn páfa

Nýskipaður sendiherra Íslands í Páfagarði er fyrsti kaþólikkinn sem gegnir því embætti. Ræddi kynferðisofbeldi í Landakotsskóla við æðstu embættismenn í Vatíkaninu og segist hafa lýst hryggð yfir því hvernig kaþólska kirkjan tók á málinu.

**UTANRÍKISMÁL** „Þetta var mjög hátíðleg stund í mínu lífi. Það geislaði mikilli hlýju af Frans fyrsta páfa. Hann er greinilega hlýr maður, léttur í lund og skemmtilegur,“ segir Martin Eyjólfsson, fastafulltrúi Íslands í Genf og nýskipaður sendiherra Íslands í Vatíkaninu. Hann er fyrsti íslenski kaþólikkinn sem er skipaður sendiherra í Páfagarði. Martin afhenti páfa trúnaðarbréf sitt í gær ásamt sautján öðrum nýskipuðum sendiherrum.

„Um leið og ég afhenti páfa trúnaðarbréfið sagði ég nokkur orð við hann. Ég bar honum kveðju forseta Íslands og íslensku þjóðarinnar og sagði honum að þetta væri mikill heiður fyrir mig. Jafnframt sagði ég páfa að ég myndi biðja fyrir honum. Hann brosti út að eyrum enda leggur páfi mikið upp úr bæninni og mætti hennar,“ segir Martin.

Þegar hinir nýskipuðu sendiherrar höfðu afhent trúnaðarbréf sín hélt Frans fyrsti stutta ræðu þar sem hann hvatti heimaríki sendiherranna til að berjast gegn mansali með öllum tiltækum ráðum, það væri smánarblettur í samfélagi þjóðanna. „Þegar páfi hafði lokið máli sínu gafst mér tækifæri til að skiptast á nokkrum orðum við hann. Ég færði honum Kærleikskúlu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra að gjöf og sagði honum frá verkefninu, sem hann blessaði,“ segir Martin.

Martin hefur þegar átt fundi með háttsettum embættismönnum Páfagarðs. Þar lýsti hann yfir ánægju með að Frans páfi hefði



**AFHENTI TRÚNAÐARBRÉF** Martin Eyjólfsson, nýskipaður sendiherra Íslands í Páfagarði, afhendir Frans fyrsta trúnaðarbréf sitt í gær.

fært boðskap kirkjunnar í átt að grunngildum hennar og lagt áherslu á þau málefni sem sameina mannkyn.

Á fundunum ræddi Martin meðal annars hörmulegt kynferðisofbeldi sem nemendur í Landakotsskóla sættu á síðari hluta síðustu aldar. „Ég lýsti yfir mikilli hryggð yfir því hvernig kaþólska kirkjan á Íslandi virðist ætla að taka á þeim málum og var meðal annars að vísa til nýlegrar umfjöllunar um sanngirnisbætur til þolenda,“ segir Martin og hvetur kaþólsku kirkjuna til að finna viðunandi lausn á þessum málum.

Langalangafi Martins, Gunnar Einarsson, var annar tveggja tólf ára íslenskra drengja sem fóru utan árið 1870 til náms hjá jesú-

> **„Hann brosti út að eyrum enda leggur páfi mikið upp úr bæninni og mætti hennar.**
>
> *Martin Eyjólfsson, sendiherra Íslands í Vatíkaninu*

ítum í Kaupmannahöfn. Hinn var Jón Sveinsson, Nonni, sem hélt áfram til Frakklands. Gunnar tók kaþólska trú í Kaupmannahöfn en sneri að því loknu heim aftur.

Fjölskylda Gunnars varð síðan kjarninn í starfi kaþólska safnaðarins á Íslandi fyrstu áratugina. Jóhannes Gunnarsson, sonur Gunnars, var fyrsti íslenski biskupinn í Landakoti, en hann var langömmubróðir Martins.

johanna@frettabladid.is




Vladimír Pútín kom víða við í árlegri stefnuræðu sinni í Kreml í gær:

# Varði af kappi íhaldsstefnu sína

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti segir mikilvægt að standa vörð gegn „kynlausu og ófrjóu“ umburðarlyndi Vesturlanda, sem geri engan greinarmun á góðu og illu. Í hinni árlegu stefnuræðu sinni, sem hann flutti í Kreml í gær, minntist hann reyndar hvergi beinum orðum á lög sem banna „áróður“ fyrir samkynhneigð, en þessi lög hafa verið gagnrýnd fyrir að ýta undir andúð á samkynhneigð.

Hins vegar sagði hann mikilvægt að leggja áherslu á hefðbundin fjölskyldugildi og sagði það ólýðræðislegt að ráðast „ofan frá“ gegn þessum hefðbundnu gildum því það gangi þvert gegn vilja meirihlutans.

Þá neitaði hann því að Rússar væru að beita Úkraínumenn þrýstingi, en Úkraínustjórn hætti nýverið við að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið eftir að rúss-



**VLADIMÍR PÚTÍN** Flutti hina árlegu stefnuræðu sína í Kreml í gær. NORDICPHOTOS/AFP

nesk stjórnvöld höfðu dregið verulega úr viðskiptum við Úkraínu.

Enn fremur gagnrýndi hann harðlega rússnesk fyrirtæki sem skrá sig í skattaskjólum erlendis og boðaði ráðstafanir um að hvetja slík fyrirtæki til að koma með tekjurnar til Rússlands: „Viljið þið eiga aflandsfyrirtæki? Fínt, en komið þá með peningana hingað.“ - gb

# ALLT Í JÓLA-PAKKANN!

NÝTT KORTATÍMABIL
VISA MasterCard
12.12.13

NOMITE

GOLD EINSTÖK GÆÐI

Koddi
50 x 70 sm.
**9.995**

SPARIÐ 10.000 AF SÆNG

LÚXUS GÆSADÚNSÆNG

SÆNG FULLT VERÐ: 29.950

**19.950**

PERFECT BODY QUILT

**PEGASUS GÆSADÚNSÆNG**
Frábær gæsadúnsæng fyllt með 90% gæsadúni og 10% smágerðum gæsafjöðrum. Þyngd: 600 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Vandað ver úr 100% bómull sem þolir 60°C þvott. Sæng: 135 x 200 sm. Koddi stærð: 50 x 70 sm. **9.995** Vnr. 4030250, 4230204

TOVE
HELGA
TORUN
KREP
LIANE
SOLVEG
HELLE
STRAUFRÍTT
STRAUFRÍTT

SPARIÐ 1000 AF VÖLDUM SETTUM

FULLT VERÐ: 2.995

**1.995**

**SÆNGURVERASETT**
Mikið úrval á frábæru tilboði!
TOVE ~~2.995~~ 1.995 HELGA ~~2.995~~ 1.995
TORUN ~~2.995~~ 1.995 SOLVEG ~~2.995~~ 1.995
LIANE ~~2.995~~ 1.995 HELLE ~~2.995~~ 1.995
Vnr. 1257780, 1257680, 1284780, 1284980, 1214480, 1165680

**AFI INNISKÓR**
Góðir og mjúkir inniskór. Tvær gerðir. Stærðir: 40-46. Vnr. 370-972538-201

20% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.495

**1.995**

NÝTT

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TUNGUSÓFUM OG SÓFUM!

MIKIÐ ÚRVAL AF SPEGLUM Á FRÁBÆRU VERÐI!

VERÐ FRÁ:

**4.995**

**SIA MYNDARAMMAR**
Nokkrar stærðir:
10 x 15 sm. **199** 13 x 18 sm. **299**
18 x 24 sm. **399** 24 x 30 sm. **499**
30 x 40 sm. **695**
Vnr. 1961100

VERÐ FRÁ:

**199**

SPARIÐ 3000

FULLT VERÐ: 12.950

**9.950**

**PELLE SKRIFBORÐSSTÓLL**
Á krómfæti og með stillanlegri setu.
Litur: Hvítur.
Vnr. 3620032

NÝTT

**ALRICK SPILABOX**
Flott spilabox sem inniheldur 7 skemmtileg spil og leiki. Allt á einum stað! Vnr. 3976900

FULLT VERÐ: 2.995

**1.995**

33% AFSLÁTTUR

67% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 299

**99**

**TJASSE JÓLADISKAMOTTA**
Fást í nokkrum mismunandi gerðum.
Vnr. 6029800

25% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ PR. MTR.: 795

**595**

**SANTAS JÓLAVAXDÚKUR**
Fallegur jólavaxdúkur.
Breidd: 140 sm.
Vnr. 5675600

20-60% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLAKÖPPUM!

33% AFSLÁTTUR

3 STK.

FULLT VERÐ: 2.995

**1.995**

**JANE HANDKLÆÐASETT**
Fallegt handklæðasett með jólarósarmunstri. 3 stk. saman í pakka.
Vnr. 1005-13-1172

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

**JÓLAKAPPAR**
Mikið úrval af jólaköppum á frábæru verði! Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur!

NÚ VERÐ FRÁ:

**499**

# Fjórir fengu fangelsisdóm í héraði í Al-Thani-málinu

Dómur var kveðinn upp í Al-Thani-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Allir fjórir sem voru ákærðir í máinu fengu fangelsisdóma. Þyngstu refsinguna hlaut Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings.

**DÓMSMÁL** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, var dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi og Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður bankans, í fimm ára fangelsi fyrir aðild sína að Al-Thani-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Þetta eru þyngstu dómar sem kveðnir hafa verið upp í efnahagsbrotamálum hér á landi.

Jafnframt hlaut Ólafur Ólafsson, fjárfestir og fyrrverandi hluthafi í Kaupþingi, þriggja og hálfs árs dóm og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, þriggja ára dóm.

Allir dómarnir eru óskilorðsbundnir en það var Símon Sigvaldason, dómsformaður í málinu, sem las upp dómsorð. Enginn hinna ákærðu lét sjá sig í héraðsdómi.

Í dóminum kemur fram að fjórmenningarnir eigi sér engar málsbætur. Þar segir að Hreiðar Már og Sigurður hafi, þegar brotin voru framin, verið æðstu stjórnendur stærsta viðskiptabanka á Íslandi. Magnús hafi verið framkvæmdastjóri viðskiptabanka í samstæðu Kaupþings banka hf. og Ólafur einn stærsti einstaki hluthafi í bankanum í gegnum félög sín.

„Hin refsiverðu viðskipti ákærðu vörðuðu verulegum fjárhæðum. Eiga brotin sér ekki hliðstæðu í íslenskri réttarframkvæmd. Þá er við ákvörðun refsingar litið til þess að verulegt fjárhagslegt tjón hlaust af brotum ákærðu, sem fullframin voru á tímabilinu 18. til 23. september 2008. Eiga ákærðu sér engar málsbætur," segir í dóminum.

Saksóknari hafði farið fram á sex ára fangelsi yfir Hreiðari Má. Þá fór hann einnig fram á sex ára fangelsi yfir Sigurði og fjögurra ára fangelsi yfir Magnúsi og Ólafi. Refsingarnar voru því mjög nálægt því sem saksóknarinn gerði kröfu um í málflutningi sínum.

Hreiðari Má var gert að greiða málsvarnarlaun verjanda síns sem nema 33,4 milljónum króna. Til frádráttar refsingu hans kemur gæsluvarðhaldsvist frá 7. til 17. maí 2010.

Sigurður þarf að greiða 10,8 milljónir króna í málsvarnarlaun til fyrrverandi verjanda síns, Gests Jónssonar, sem sagði sig frá málinu í vor. Einnig þarf hann að greiða Ólafi Eiríkssyni, sem tók við af Gesti, 3,5 milljónir króna.

Ólafur Ólafsson þarf að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Þórólfs Jónssonar, 14,8 milljónir króna, og fyrrverandi verjanda sínum, Ragnari Hall sem einnig sagði sig frá málinu, 5,8 milljónir.

Magnús Guðmundsson þarf einnig að greiða laun verjanda síns en til frádráttar refsingu hans kemur gæsluvarðhaldsvist frá 7. til 14. maí 2010.

freyr@frettabladid.is
thorbjorn@frettabladid.is



**VONBRIGÐI HJÁ VERJENDUM** Dómur í Al-Thani-málinu var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Verjendur fjórmenninganna voru viðstaddir en ekki skjólstæðingar þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Al-Thani-málið frá a til ö

- Al-Thani-málið er eitt stærsta efnahagsbrotamál í Íslandssögunni, ekki síst vegna umfangs þess, flækjustigs, fjölda vitna og fleira. Ákært var fyrir markaðsmisnotkun á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti og umboðssvik.
- Málið var í rannsókn í á þriðja ár og á einum tímapunkti var einn hinna ákærðu, Sigurður Einarsson, eftirlýstur af Interpol þar sem hann sinnti ekki fyrirmælum sérstaks saksóknara um að koma til Íslands til að gefa skýrslu.
- Málið á rætur að rekja til hlutabréfakaupa sheiks Mohammads Bin Khalifa Al-Thani hinn 22. september 2008 en félag hans keypti 5,01 prósents hlut í Kaupþingi banka fyrir 25,7 milljarða króna með láni frá bankanum.
- Tenging Al-Thani við Kaupþing liggur í persónulegri vináttu hans og Ólafs Ólafssonar, sem er einn hinna ákærðu í málinu. Þessi vinátta kristallast í sameiginlegu áhugamáli, hestamennsku, en Ólafur heimsótti meðal annars Al Shahania-býlið í Doha í Katar í boði sheiksins.
- Nánast engar myndir eru til af Al-Thani svo vitað sé. Eitt sinn birtu íslenskir fjölmiðlar myndir af þremur mismunandi einstaklingum sem allir voru sagðir Al-Thani. Eina myndin sem hefur birst af honum og hægt er að treysta er ljósrit úr vegabréfi hans.
- Páttum í Al-Thani-fléttu Kaupþingsmanna er lýst í Rannsóknarskýrslu Alþingis. Þegar Kaupþing fór í þrot og Fjármálaeftirlitið tók bankann yfir hinn 8. október 2008 var Q Iceland Finance, félag Al Thanis, eigandi 5,01 prósents hlutar í Kaupþingi og þriðji stærsti hluthafinn í bankanum.
- Hreiðar Már var ákærður fyrir umboðssvik; að veita félaginu Brooks Trading, eignalausu félagi á Jómfrúareyjum, 50 milljóna dollara lán í september 2008 en félagið var í eigu sheiksins. Lánið var veitt án þess að fyrir lægi samþykki lánanefndar Kaupþings eða að endurgreiðsla þess væri tryggð.
- Magnús Guðmundsson var ákærður fyrir hlutdeild í broti Hreiðars í þessum lið ákærunnar. Fólst hlutdeildin í því að hann tók þátt í því að gefa starfsmönnum Kaupþings fyrirmæli um að greiða út lánið og útvega félagið sem Al-Thani notaði í viðskiptunum.
- Þá voru þeir Hreiðar Már og Sigurður ákærðir fyrir umboðssvik vegna 12,8 milljarða króna láns til félagsins Gerland Assets Ltd. á Tortóla á Jómfrúareyjum sem var í eigu Ólafs Ólafssonar og hélt á 9,88 prósenta hlut hans í Kaupþingi.
- Ólafur Ólafsson var ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikum þeirra Hreiðars Más og Sigurðar í þessum lið, en til vara fyrir hylmingu og peningaþvætti, með því að hafa lagt á ráðin með Sigurði og Hreiðari Má um að lánið yrði greitt félagi hans án tryggingar.
- Að síðustu voru þeir Hreiðar Már og Sigurður ákærðir fyrir markaðsmisnotkun á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti fyrir að hafa látið ranglega líta svo út að Al-Thani hefði lagt fé til kaupanna á hlutabréfunum. Jafnframt fyrir að leyna fjármögnun bankans á hlutabréfaviðskiptunum og aðkomu Ólafs að þeim.
- Þetta var gert með þeim hætti að sett var upp viðskiptaflétta sem fólst í því að Kaupþing banki lánaði enn öðru eignalausu félagi á Jómfrúareyjum, Serval Trading Group, 12,8 milljarða króna. Þetta var líka gert án samþykkis lánanefndar Kaupþings, samkvæmt ákæru. Sérstakur saksóknari taldi að þetta hafi verið sýndarmennska af hálfu ákærðu sem hafi verið til þess fallin að gefa ranga og villandi mynd af eftirspurn eftir bréfum Kaupþings banka.
- Þeir Ólafur og Magnús voru síðan ákærðir fyrir hlutdeild í markaðsmisnotkun þeirra Hreiðars og Sigurðar með því að hafa milligöngu um viðskiptin og annast samskiptin við sheikinn vegna þeirra.



**FYRRVERANDI VERJENDUR** Gestur Jónsson og Ragnar H. Hall, fyrrverandi verjendur Sigurðar Einarssonar og Ólafs Ólafssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fengu eina milljón í sekt:

## Misbuðu virðingu dómsins

**DÓMSMÁL** Lögmennirnir Ragnar H. Hall og Gestur Jónsson fengu eina milljón króna hvor í réttarfarssekt við dómsuppkvaðningu fyrir að segja sig frá Al-Thani-málinu sem verjendur sakborninga.

Ragnar var verjandi fjárfestisins Ólafs Ólafssonar í málinu og Gestur Jónsson var verjandi Sigurðar Einarssonar. „Ákvörðun þeirra um að segja sig frá vörn ákærðu olli óþörfum drætti á málinu og gekk þannig gegn hagsmunum ákærðu. Þá var sú háttsemi verjendanna að mæta ekki á dómþing við aðalmeðferð máls, þegar dómari hafði synjað þeim um að vera leystir undan verjendastörfum, til þess fallin að misbjóða virðingu dómsins," segir í forsendum dómsins. - sáp



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON** Sérstakur saksóknari sagði niðurstöðuna vera í samræmi við það sem embættið bjóst við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sérstakur saksóknari:

## Í samræmi við væntingarnar

**DÓMSMÁL** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sagði dómsniðurstöðuna hvað refsingu varðar vera „í samræmi við það sem embættið átti von á og ekki svo langt frá því sem farið var fram á". Hámarksrefsing fyrir umboðssvik, sem var annar meginákæruliður málsins, er sex ár.

Ólafur Þór reiknar með því að öllum dómunum verði áfrýjað, enda hafi flestum héraðsdómum í málum embættisins verið áfrýjað.

Þá muni þessi niðurstaða „að öllum líkindum hafa fordæmisgildi í öðrum málum sem embætti sérstaks saksóknara sé með í vinnslu", segir Ólafur Þór. - hmp




Pevaryl® 1% krem (econazolnítrat) er breiðvirkt sveppalyf til staðbundinnar meðferðar á sveppasýkingum í húð (af völdum Trichophyton, Epidermophyton og Microsporum tegunda, hvítsveppasýkingu (candidiasis), litbrigðasveppasýkingu (pityriasis versicolor)). Hentar vel gegn öllum húðsveppasýkingum óháð tegund eða staðsetningu. **Skammtar:** Berist á sýkt húðsvæði kvölds og morgna, nuddist varlega inn með fingri. Fyrir meðferð við fótsveppum skal þvo fætur og þurrka þá vel. Við sýkingu á höndum berist kremið á eftir hvern handþvott. Meðferð á að vara í minnst 2 vikur eftir að einkenni eru horfin. Börn yngri en 10 ára mega eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Einungis til útvortis notkunar, má ekki nota í augu eða munn. Gæta skal varúðar við meðhöndlun nálægt augum. Inniheldur bensósýru sem getur haft væg ertandi áhrif á húð, augu og slímhúð og bútýlhýdroxýanisól sem getur valdið staðbundnum aukaverkunum í húð (snertiexemi) eða haft ertandi áhrif á augu og slímhúð. **Meðganga / brjóstagjöf:** Kremið má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema skv. læknisráði. Má nota á öðrum og síðasta þriðjungi ef hugsanlegur ávinningur fyrir móðurina vegur þyngra en möguleg hætta fyrir fóstrið. Ekki er þekkt hvort Pevaryl berst í brjóstamjólk. Gæta skal varúðar við notkun Pevaryl hjá konum með barn á brjósti. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KÓLNANDI** Dregur úr vindi í dag og verður víðast hvar fremur hægur næstu daga þó eitthvað ákveðnari við ströndina. Kólnar í veðri á morgun með éljum V-til. Birtir til NA-til á sunnudag og kólnar enn frekar.




**Á morgun**
Að 15 m/s við A-til, annars hægari




**Sunnudagur**
Að 15 m/s vestast, annars hægari

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 8° | Gautaborg | 6° | London | 11° | Orlando | 21° | San Francisco | 13° |
| Basel | 9° | Frankfurt | 6° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 18° | Ósló | 0° | Stokkhólmur | 6° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 22° | New York | -1° | París | 6° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# TAX FREE DAGAR

# ALLT Á DÖMUNA!

Dagana 12. - 15. desember afnemum við VSK* af **ÖLLU Á DÖMUNA.**

Dömufatnaður, dömunærföt, dömunáttföt, dömusokkabuxur, dömuskór, dömutöskur, dömuklútar og dömufylgihlutir án VSK þessa 4 daga.




*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. desember.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir Hafnfirðingurinn sem hefur safnað 1.550 þúsund krónum fyrir foreldra langveikra barna?
**2.** Hvaða breski leikari tók viðtal við Jón Gnarr borgarstjóra fyrir podcast-þætti sína á netinu?
**3.** Þróunaraðstoð Íslands er að mestu bundin við þrjú af fátækustu ríkjum Afríku. Hvaða þrjú ríki eru það?

**SVÖR:**
**1.** Örvar Þór Guðmundsson. **2.** Russel Brand. **3.** Malaví, Mósambík og Úganda.

Börn teikna myndir sem skreyta strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu:

# Jólasveinninn skemmtir í strætó

**SAMGÖNGUR** Strætó hefur fengið leikskólabörn til þess að senda inn jólamyndir, sem eru límdar utan á strætisvagnana. Börn í einum leikskóla í hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu fá heimsókn frá Strætó.

Krakkarnir á leikskólanum í Sólborg í Reykjavík fengu fyrstu heimsóknina í morgun. Jólasveinn var með í för og skemmti krökkunum á meðan þau fóru ferð um hverfið, sungu jólalög og skreyttu strætisvagninn að innan. **- jme**



**KÁTT Á HJALLA** Krakkarnir í Leikskólanum Sólborg skemmtu sér konunglega þegar þau fengu jólasveininn í heimsókn og fengu að fara einn rúnt um hverfið sitt með honum í strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samtök myndréttarhafa:

# Hafa borgað skuld sína

**FÉLAGSMÁL** Samtök myndréttarhafa á Íslandi, SMÁÍS, hafa borgað skuld vegna skoðunarkerfis NICAM fyrir alders- og innihaldsmerkingar á kvikmyndum og tölvuleikjum.

Greint var frá því í byrjun árs að SMÁÍS hefði notað kerfið í leyfisleysi, þegar þeir borguðu ekki. Fráfarandi framkvæmdastjóri SMÁÍS, Snæbjörn Steingrímsson, sagði málið vandræðalegt, en sagði málið snúast um vanskil, ekki ólöglega notkun. **- hva**




# Áhugi almennings á hlutabréfum eykst

**Niðurstöður hlutafjárútboða sýna að áhugi almennra fjárfesta á hlutabréfamarkaðinum er að aukast. Tölur um hlutabréfasjóði sýna sömu þróun. Bein eignaraðild íslenskra heimila á markaðinum er á milli fimm og sex prósent af heildinni.**

**VIÐSKIPTI** „Hlutafjárútboð N1 staðfestir það sem við höfum séð í öðrum útboðum á árinu, að áhugi almennings á hlutabréfamarkaðinum er að aukast og hann er að koma aftur inn á markaðinn,“ segir Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar.

Mikil umframeftirspurn var eftir hlutabréfum í N1 í almennu hlutafjárútboði sem lauk síðastliðinn mánudag. Um 7.700 áskriftir bárust og af þeim tilheyrðu 7.200 þátttakendum sem lögðu fram tilboð undir tíu milljónum króna. Eftirspurnin var slík að hámarksúthlutun í síðarnefnda hópnum var 183 þúsund krónur á hverja áskrift.

„Þessi mikli fjöldi, og það hversu lítið kom í hlut hvers og eins, sýnir hvað áhuginn var mikill,“ segir Magnús og bendir á önnur dæmi um mikla eftirspurn í hlutafjárútboðum fyrr á árinu.

Mikil þátttaka er að sögn Magnúsar ekki eina vísbendingin um að almennir fjárfestar sæki í auknum mæli inn á hlutabréfamarkaðinn. Sú þróun sést einnig í tölum um hlutabréfasjóði sem Seðlabanki Íslands tekur saman.

„Þegar maður lítur á verðbréfamarkaðinn í heild þá hafa heimilin fylgt öðrum inn á markaðinn og rúmlega það. Eignir hlutabréfasjóða voru í árslok 2012 rúmlega 38 milljarðar en voru komnar í um 71 milljarð í lok október. Þar af hefur bein eign heimilanna í þessum sjóðum farið úr tæplega níu milljörðum í árslok 2012 í 16,4 milljarða í lok október.“



**KAUPHÖLLIN** Íslensk heimili eiga á milli fimm og sex prósent af hlutabréfamarkaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Bein eignaraðild íslenskra heimila á hlutabréfamarkaðinum er að sögn Magnúsar á milli fimm og sex prósent af heildinni. Árið 2002 var hún um sautján prósent og á mánuðunum fyrir efnahagshrunið um ellefu og hálft prósent.

„Við eigum enn svolítið í land ef við ætlum að ná hlutfallinu upp í það sem það var á árunum fyrir hrun og almenningur á töluvert inni.“

Spurður hvort auka þurfi enn frekar trú almennings á hlutabréfamarkaðinum segir Magnús að þar sé enn verk að vinna við að bæta úr áhrifum hrunsins.

„Ég held að menn hafi lært ýmislegt á þeim útboðum sem hafa verið haldin hingað til og menn séu að reyna að vanda sig þar,“ segir Magnús.



> **Við eigum enn svolítið í land ef við ætlum að ná hlutfallinu upp í það sem það var á árunum fyrir hrun og almenningur á töluvert inni.**
>
> *Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar*

**haraldur@frettabladid.is**




Hjólastígar hafa verið malbikaðir fyrir framan Bíó Paradís og Sjáðu:

# Bætt aðgengi á Hverfisgötunni

**SKIPULAGSMÁL** Búið er að malbika hjólastíga fyrir framan Bíó Paradís og verslunina Sjáðu á Hverfisgötu í Reykjavík. Í gær var sandað og þjappað yfir snjóbræðslulagnir svo vegfarendur eigi enn greiðari aðgang að verslun og þjónustu á Hverfisgötu.

„Við erum rosalega ánægð með þetta og erum bjartsýn á framtíðina,“ segir Gylfi Björnsson, verslunarstjóri Sjáðu, spurður út í bætt aðgengi. „Þetta er búið að vera ógeðslega erfitt en vonandi fer þetta aðeins að liðkast til.“

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að mikil áhersla sé lögð á að gera gönguleiðir og akstursleiðir eins greiðar og kostur er. Gangandi vegfarendur komist alla götuna og leiðir séu greiðar í bílastæðahús, bæði Traðarkot og Vitatorg.

Í dag verður opnað fyrir bílaumferð af Laugavegi niður Vatnsstíg og áfram niður Hverfisgötu. Einnig munu starfsmenn Reykjavíkurborgar hefjast handa við að setja upp jólaljósaskreytingar við Hverfisgötu.

Verslunarmenn hafa gagnrýnt borgina fyrir seinkun framkvæmda en til stóð að þeim lyki í nóvember.



**HVERFISGATA** Miklar gatnaframkvæmdir hafa verið á Hverfisgötu að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framkvæmdir eru styst á veg komnar á gatnamótum Hverfisgötu og Frakkastígs en þar var orðið við óskum um að hefja framkvæmdir síðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Endanlegum frágangi á gatnamótunum lýkur í janúar. **- fb**


Einstaklega gott verð á hinu og þessu í jólapakkann
Góðar gjafir, alltaf gott verð!
4790 kr.
Askja með „Cranberry joy"-dekurvörum
Stór askja með „Olive"-dekurvörum
6790 kr.
Askja með „Strawberry"-dekurvörum
4590 kr.
Handsápu- og handáburðartvenna
3990 kr.
Budda með „Olive"-dekurvörum
2990 kr.
Gefum gleði Á JÓLUNUM
1990 kr.
Jólavaralitur
Litbrigði: „Pearlised sweet coral"
Litbrigði: „Matt peachy pink"
3990 kr.
„Cranberry joy"-ilmstangir
890 kr.
Jóla-brennsluolíur
„Carbon"-augnblýantur
Litbrigði: „Purple"
1690 kr.
3990 kr.
Safn fjögurra augnskugga
Litbrigði: „Plum"
Litbrigði: „Brown"
Glitfarðakúlur (þ.e. „highliter")
2790 kr.
„Ceramic crackled"-brennsluker
2190 kr.
1690 kr.
Úrval lítilla gjafakubba sem innihalda sturtugel, húðnæringu og blaðlilju
THE BODY SHOP®
Farðaburstasett
6490 kr.
„Cranberry joy body butter"-húðnæring
2690 kr.
KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI
Sendum í póstkröfu, sé þess óskað sími 564 6552




Búðarhálslína 1 verður tekin í notkun skömmu eftir næstu áramót:

# Kostnaður nemur um milljarði

**IÐNAÐUR** Búðarhálslína 1, sem flytja á raforku frá Búðarhálsvirkjun, hefur verið tengd við meginflutningskerfi Landsnets ásamt nýju tengivirki við Búðarháls.

Fram kemur í tilkynningu frá Landsneti að raforkuflutningur frá Búðarhálsvirkjun eigi að hefjast í byrjun næsta árs. Búðarhálslína 1 er 5,6 kílómetra löng. Kostnaður við byggingu Búðarhálslínu 1 og tengivirkið er um einn milljarður króna.

Mat á umhverfisáhrifum línunnar og Búðarhálsvirkjunar fór fram fyrir nokkrum árum og var fallist á framkvæmdina með skilyrðum. Framkvæmdir við verkið hófust sumarið 2012 með lagningu vegslóða, vinnu við undirstöður fyrir möstur og byggingu tengivirkishússins.

Síðasta sumar voru háspennumöstrin reist, leiðari línunnar strengdur og lokið við uppsetningu búnaðar í tengivirkinu. Í sumar verður unnið að lóðarfrágangi við tengivirkið og frágangi á umhverfi og slóðum meðfram línunni. **- óká**



**TENGIVIRKI** Búðarhálslínu Orkuvirki setti upp háspennubúnað, en Ístak byggði, lagði slóða og smíðaði undirstöður háspennumastra. MYND/LANDSNET

# Iðrunin mikilvægari en fangelsisdómar

Aðstandendur fórnarlamba gáleysisaksturs vilja heldur efla forvarnir en þyngja refsingar. Þau segja ökumanninn ábyrgan en að mikilvægara sé að hann iðrist og breyti hegðun en sitji fleiri ár í fangelsi. Reiðin er vondur fylgifiskur sorgarinnar.

**SAMFÉLAGSMÁL** Í vikunni var þingfesting í Héraðsdómi Vesturlands í máli ákæruvaldsins gegn ökumanni bifreiðar sem skall framan á fólksbifreið 17 ára gamallar stúlku í apríl síðastliðnum með þeim afleiðingum að stúlkan dó. Ákært er fyrir manndráp af gáleysi, ölvunarakstur og önnur umferðarlagabrot. Ákæruvaldið fer fram á að ökumaðurinn hljóti 12 til 18 mánaða óskilorðsbundinn dóm.



**ÁSGEIR INGVI JÓNSSON**

Fjölskylda stúlkunnar hefur komið meðal annars fram í Kastljósi og gagnrýnt að dómsvaldið nýti ekki refsiramma fyrir manndráp af gáleysi og vill að dómar fyrir ölvunarakstur séu þyngdir. Refsiramminn er frá 30 dögum til sex ára.

Heiðrún Tara Stefánsdóttir er systir Unnar Lilju Stefánsdóttur sem lést í bílslysi í Keflavík árið 2010. Hún og fjölskylda hennar fundu til mikillar reiði út í dómskerfið þegar dómur féll yfir bílstjóra bifreiðarinnar. Hann var ölvaður og ákærður fyrir manndráp af gáleysi en tvær stúlkur létust í slysinu. Hann fékk tólf mánaða dóm og þar af níu mánuði skilorðsbundna.

„Þetta var vægur dómur miðað við verknaðinn. Okkur fannst dómskerfið meta mannslíf ansi léttvægt. En svo lítur maður á allar hliðar og gerir sér grein fyrir að þetta var hörmulegt slys. Þetta var gáleysi, ekki ásetningur. Slysin gera ekki boð á undan sér og þegar maður er 18 ára, eins og þau voru á þessum tíma, þá er maður ódauðlegur.“

Heiðrún Tara segir ökumanninn vissulega ábyrgan og hann hafi átt að taka út sína refsingu. Hún hefur aftur á móti ekki trú á langri fangelsisvist. „Ég styð frekar forvarnir en að loka fólk inni í sem lengstan tíma. Í raun er stærsti dómurinn að þessi drengur varð tveimur stúlkum að bana. Það er mjög þungur kross að bera alla ævina. Í raun finn ég til með honum.“



**SYSTIR** Heiðrún Tara Stefánsdóttir segir stærsta dóminn fyrir ökumanninn vera að lifa með þessu slysi. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Ásgeir Ingvi Jónsson missti fimm ára dóttur sína í bílslysi árið 2006 á Suðurlandsvegi og sonur hans lamaðist fyrir neðan mitti. Ökumaður hinnar bifreiðarinnar var dæmdur í 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir gáleysislegan hraðakstur og að verða dóttur Ásgeirs og farþega í eigin bíl að bana.

„Þeir sem valda svona slysum þurfa að sjálfsögðu að taka ábyrgð á gjörðum sínum. En refsingin sem slík skipti mig ekki höfuðmáli. Það sem skiptir máli er að gerandinn sýni, ekki bara á yfirborðinu heldur í verki, að hann iðrist gjörða sinna,“ segir Ásgeir. Maðurinn var ítrekað tekinn fyrir hraðakstur á árinu eftir slysið, áður en hann kom fyrir dóm. Það sat í Ásgeiri í langan tíma.

„Það er eins og hann hafi ekki áttað sig á því hvað gerðist. Sú staðreynd var mun erfiðari en hversu langa fangelsisvist hann fékk. Ég hef í raun ekki trú á refsingu í svona málum heldur forvörnum. Þótt hann hefði setið tveimur árum lengur eða þremur árum lengur hefði það ekki breytt neinu. Það sem skiptir máli er að löggæslan verði sýnilegri svo fólk hugsi sig tvisvar um áður en það keyrir of hratt eða keyrir drukkið. Það er það sem virkar en ekki hugsunin um að eitthvað geti komið fyrir. Við verðum nú að einbeita okkur að því að bjarga fólki. Við björgum ekki fólki eftir að skaðinn er skeður.“ Ásgeir segir reiðina vera vondan fylgifisk í sorginni. „Ég skil reiði aðstandenda og ég skil að þeir heimti refsingu. En það er vont að sitja í reiðinni lengi.“



**LÉST Í BÍLSLYSI** Svandís Þula Ásgeirsdóttir var aðeins fimm ára gömul þegar hún lést í bílslysi á Suðurlandsvegi árið 2006.

**erlabjorg@frettabladid.is**

## Mannúðlegt dómskerfi á Íslandi



Þyngsta refsing fyrir manndráp af gáleysi í umferðinni sem hefur verið dæmd er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi en þar var líka dæmt fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi, auk brota gegn umferðarlögum eins og venja er í þeim málum. Refsiramminn fyrir manndráp af gáleysi er allt að sex ár í fangelsi.

„Það er dómvenja á Íslandi að ákveða refsinguna neðarlega innan refsimarkanna,“ segir Ragnheiður Bragadóttir, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands. „Það er hefð á Íslandi og á Norðurlöndunum að refsingar eru vægar. Þetta hefur verið talið mannúðlegt kerfi. Sé Ísland borið saman við önnur lönd er brotatíðni hér tiltölulega lág og dómar vægir. Í Bandaríkjunum er brotatíðni há og dómar þungir. Þungir dómar virðast ekki skila færri brotum og markmiðið hlýtur að vera að fækka brotum.“ Ragnheiður segir dæmdar refsingar geta þróast en það gerist á lengri tíma. „Refsingar fyrir stórfelld fíkniefnabrot og kynferðisbrot hafa þyngst á undanförnum árum. Gerðar voru lagabreytingar sem höfðu áhrif til þyngingar refsingar en framkvæmdin var á undan lögunum, því að refsingarnar fóru að þyngjast áður en lögunum var breytt vegna aukinnar umræðu og upplýsinga um alvarleika brotanna auk þrýstings frá samfélaginu.“

markhönnun ehf






PARTÍRÉTTIR
RÓSA GUÐBJARTS
**2.399 KR**




LEIÐINN TIL SIGURS
GUNNLAUGUR GUÐMUNDSSON
**2.594 KR**




AMMA GLÆPON
DAVID WILLIAMS
**2.793 KR**

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




NÝIR HEILSURÉTTIR FJÖLSKYLDUNNAR
BERGLIND SIGMARSDÓTTIR
**2.994 KR**




HEILSUBAKSTUR
AUÐUR INGIBJÖRG KONRÁÐSDÓTTIR
**2.583 KR**




FLOTTAR NEGLUR
**1.965 KR**




DAGBÓKIN MÍN
**1.973 KR**




ÓVÆNT VINÁTTA
JENNIFER S. HOLLAND
**1.973 KR**




ONE DIRECTION
**1.393 KR**




ÍSLENSKU DÝRIN MÍN
**1.979 KR**



DÚKKULÍSUTASKAN MÍN
**1.973 KR**

Breyttur lífsstíll hefur áhrif:

## Egg seljast nú sem aldrei fyrr

**LANDBÚNAÐUR** Í ár hafa þegar selst fleiri egg en selst hafa á einu ári áður, jafnvel þótt desember sé ekki nema hálfnaður. Á þetta er bent í nýútkomnu Bændablaði.

„Það fór að bera á því fyrir svona tveimur til þremur árum að sala á eggjum fór að aukast,“ er haft eftir Þorsteini Sigmundssyni, eggja- og kjúklingabónda í Elliðahvammi. Hann rekur breytinguna til lífsstílsbreytinga sem áhrif hafi á mataræði með áherslu á lítið af einföldum kolvetnum í fæðu. - óká

Alifuglar hækkuðu enn flugið í kjötneyslumynstri landsmanna á síðasta ári:

# Helmingi minna kindakjöt borðað en 1983

**LANDBÚNAÐUR** Neysla á alifuglakjöti hafði í lok síðasta árs sexfaldast miðað við stöðuna í árslok 1983. Í nýjasta tölublaði Bændablaðsins er rýnt í gögn Hagstofu Íslands um kjötneyslu landans.

Fram kemur í blaðinu að verulegar breytingar hafi orðið á neyslumynstri Íslendinga frá 1983. „Samkvæmt þessum tölum var neyslan á kindakjöti í árslok 2012 innan við helmingur þess sem hún var í árslok 1983.“

Áður var kindakjöt uppistaðan, en 1983 neyttu Íslendingar að meðaltali 45,3 kílóa á mann. „Neysla á kindakjöti minnkaði síðan jafnt og þétt þar til hún náði lágmarki árið 2011 í 18,8 kílóum á mann, eða 24 prósentum af heildarkjötneyslunni,“ segir í Bændablaðinu. Frá þeim tíma hafi neysla kindakjöts svo aukist aftur, komin í 26 prósent í árslok 2012. Alifuglar eru hins vegar enn í sókn, tóku fram úr kindakjöti 2007 og var neysla alifuglakjöts í lok síðasta árs komin í 26 kíló á mann, 32 prósent af heildarneyslu. - óká

### ➜ Kjötneysla landans árin 1983 og 2012




**SKIPTINGIN** Gögn Hagstofunnar sýna breytt neyslumynstur landans.





Lokað í dag föstudag!
Opnum mánudag 16.12.
að Dvergshöfða 27 110 Rvk
FRAMTAK BLOSSI ehf

Fallegar jólagjafir
- okkar hönnun og smíði

JÓN & ÓSKAR
jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind


Jólalest Coca-Cola kemur á morgun

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


# Dæla úr Rauðahafi í hverfandi Dauðahaf

Ísrael, Jórdanía og Palestína leggja um 180 kílómetra vatnsleiðslu frá Rauðahafi til Dauðahafs. Leiðslan er svar við því að yfirborð Dauðahafsins lækkar um einn metra á ári. Gagnrýnendur efast og segja annað liggja að baki framkvæmdinni.

**MIÐAUSTURLÖND** Ísrael, Jórdanía og Palestína hafa gert með sér sögulegt samkomulag um að leggja 180 kílómetra langa vatnsleiðslu til Dauðahafsins. Verkefnið snýst um að vinna gegn látlausri lækkun vatnsborðs Dauðahafsins með því að dæla 200 milljónum rúmmetra vatns þar á milli.

Fulltrúar stjórnvalda frá löndunum þremur undirrituðu samninginn í höfuðstöðvum Alþjóðabankans í Washington á mánudag. Við það tækifæri sagði orkumálaráðherra Ísraels, Silvan Shalom, að samningurinn sé sögulegur en um leið niðurstaða draums til margra ára. Samningurinn væri mikilvægur í umhverfislegu- og efnahagslegu tilliti en ekki síður skref í átt til bættra samskipta ríkjanna.

Á sama tíma sem verkefnið er kynnt sem björgunarleiðangur fyrir Dauðahafið, þá njóta borgir í Ísrael og Jórdaníu góðs af verkefninu, en þær fá ferskvatn og rafmagn frá orkuverum sem tengjast lögninni.

Gagnrýnendur segja að vatnsveitan muni aðeins flytja tíunda hluta þess vatnsmagns sem þarf til að snúa þróuninni við, og verkefnið sé aðeins skugginn af þeirri framkvæmd sem rætt hefur verið um í áratugi. Aukinheldur er sagt að vatnsveitan ógni vel þekktum sérkennum Dauðahafsins.

Austurströnd Dauðahafsins er í Jórdaníu en vesturströndin er undir stjórn Ísraela, þó tveir, þriðju þess sé hluti af heimastjórnarsvæði Palestínumanna á Vesturbakkanum. Palestínumenn njóta í engu þeirrar auðlindar sem svæðið er.

Dauðahafið, sem liggur 400 metra undir sjávarborði, er segull fyrir ferðamenn. Þar leita menn sér lækninga og dægrastyttingar með því að láta sig fljóta um í vatni sem er tíu sinnum saltara en sjór, en Dauðahafið er í raun stöðuvatn. Ísraelsk fyrirtæki selja auk þess heilsu- og fegrunarvörur unnar á svæðinu fyrir geipiháar upphæðir.

Vatnsleiðslan mikla mun liggja um Jórdaníu og það mun taka fimm ár að leggja hana, með ærnum kostnaði. Talið er að framkvæmdin muni kosta 500 milljónir punda, eða tæpa 100 milljarða íslenskra króna.

svavar@frettabladid.is




**Á FLOTI** Vegna seltu Dauðahafsins er mönnum lífsins ómögulegt að sökkva, og því sækja milljónir manna þangað til heilsubaða. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## Hvorki er hægt að synda né sökkva



**HVERFANDI** Á síðustu öld lækkaði yfirborð Dauðahafsins um rúma 25 metra en nú er þróunin enn hraðari. NORDICPHOTOS/AFP

- Dauðahafið er stórt stöðuvatn á landamærum Ísraels og Jórdaníu
- Nafn Dauðahafsins má vísast rekja til þess að það er svo salt að þar þrífast hvorki fiskar né aðrar stærri sjávarlífverur. Eina lífið sem þar finnst eru smásæir þörungar og gerlar
- Dauðahafið er miklu saltara en sjór. Ástæðan fyrir seltu þess er sú að það ríkir ekki jafnvægi á milli innstreymis og útstreymis. Áin Jórdan streymir í Dauðahafið, auk þess sem minni ár leggja því til vatn. Hins vegar er ekkert útstreymi úr vatninu enda er það undir sjávarmáli
- Selta Dauðahafsins er nú 26-35%, um 10 sinnum meiri en selta hafsins
- Þessi mikla selta gerir það að verkum að menn sem baða sig í Dauðahafinu geta hvorki synt né sokkið
- Yfirborð Dauðahafsins er meira en 420 metra undir sjávarmáli og er það lægsti staður á yfirborði jarðar. Á 20. öld lækkaði yfirborð Dauðahafsins um rúma 25 metra; þróun sem nú er mun hraðari.

*Heimild: Vísindavefurinn*



Jóladagatal ÓB
Þú gætir unnið 200.000 kr. eldsneytisúttekt eða gulllykil ÓB sem veitir 20 kr. afslátt í 10 skipti.
Alla daga fram að jólum verða ótrúlega góð jólatilboð hjá Olís og ÓB fyrir handhafa ÓB-lykla. Allir sem nota lykilinn fara í pott. Því oftar sem þú veifar lyklinum í desember, því oftar fer þitt nafn í pottinn. Daglega drögum við út gulllykil ÓB. Þú finnur jólatilboð dagsins á Facebook-síðu ÓB. Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð!
Í DAG, FÖSTUDAGINN
13. DESEMBER
-13 kr.
AF BENSÍNI OG DÍSEL HJÁ
ÓB OG OLÍS MEÐ LYKLINUM
ÓB
olís
*ÖLL TILBOÐ VIRKA MEÐ LYKLINUM
Afslátturinn gildir einnig
með Staðgreiðslukorti
og Tvennukorti Olís.
ÓB
PIPAR\TBWA · SÍA · 133713

Handtekin í flugstöðinni:

## Stálu djásnum fyrir milljónir

**LÖGREGLUMÁL** Svo virðist sem karl og kona hafi komið hingað til lands í þeim eina tilgangi að stela. Parið var handtekið í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gær og á því fundust skartgripir fyrir á fjórðu milljón króna.

Þau komu til landsins á mánudag og sama dag hafði lögregla afskipti af þeim vegna þjófnaðar á fatnaði og matvælum. Þau héldu svo áfram að láta greipar sópa uns þau voru handtekin, yfirheyrð og send úr landi. - jme

Niðurskurður hjá Hafrannsóknastofnun setur að óbreyttu sjálfbæra nýtingu fiskistofna í uppnám:

## Segir að orðspori Íslands sé stefnt í hættu

**SJÁVARÚTVEGUR** „Reksturinn stendur í járnum á þessu ári eins og síðustu árin, en þá hefur jafnt og þétt gengið á svigrúmið til að halda úti kjarnastarfseminni. En það eru horfurnar á næsta ári sem setja þetta á alvarlegra stig, en líka þarf að tryggja fjárhagsforsendur starfseminnar árið 2015 og síðar, því hér er fyrst og fremst um að ræða árlega vöktun á fiskistofnunum, sem er nauðsynleg forsenda fiskveiðiráðgjafar og sjálfbærra veiða,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar.


JÓHANN SIGURJÓNSSON

Jóhann skrifaði grein í Morgunblaðið í gær þar sem hann segir að þrátt fyrir margra ára aðhald í rekstri og hartnær tíu ára stöðuga rekstrarhagræðingu, hafi stofnuninni tekist að halda úti kjarnastarfsemi sinni.

Þessu sé öfugt farið nú í ljósi niðurskurðar í ríkisfjármálum. „Eins og á við um flestar stofnanir ríkisins eru horfur á að Hafrannsóknastofnun muni þurfa að draga úr starfsemi sinni á næsta ári. Fullyrða má hins vegar, að niðurskurður starfseminnar í viðbót við það sem þegar er orðinn, mun stefna sjálfbærri nýtingu fiskistofna á Íslandsmiðum í hættu, sem og orðspori Íslands, íslenskra sjávarafurða og markaðssetningu þeirra,“ segir Jóhann. - shá



**BUNDINN** Viðbúið er að draga þurfi úr úthaldi skipa og fella niður rannsóknir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bakkavör losar sig við eign:

## Seldi tékkneskt dótturfyrirtæki

**VIÐSKIPTI** Matvælaframleiðslufyrirtækið Bakkavör hefur selt dótturfyrirtæki sitt í Tékklandi, Heli Food Fresh. Kaupverðið er ekki gefið upp.


ÁGÚST GUÐMUNDSSON

Dótturfyrirtækið hefur fram að þessu haldið utan um framleiðslu Bakkavarar í Tékklandi á tilbúnum réttum.

Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, segir í tilkynningu vegna sölunnar að hún sé annað skref í átt að markmiði fyrirtækisins um að einblína eingöngu á þá markaði sem bjóði upp á bestu vaxtarskilyrðin. - hg

Gengistrygging ólögmæt:

## Hefur áhrif á aðra samninga

**DÓMSMÁL** Samningur Flugastraums ehf. við SP-Fjármögnun hf. um fjármögnun á kaupum á dráttarvél var lánssamningur að mati Hæstaréttar og gengistrygging fjárhæða því ólögmæt.

Í samningnum, sem gerður var árið 2006, var kveðið á um gengistryggingu fjárhæða. Slík gengistrygging telst vera ólögmæt ef um er að ræða lánssamning en lögmæt ef um er að ræða leigusamning.

Í tilkynningu frá Landsbankanum segir að ljóst sé að dómurinn hafi áhrif á mat á því hvort sambærilegir samningar hjá Landsbankanum teljist vera leigusamningar eða lánssamningar með ólögmæta gengistryggingu. Farið verður yfir fordæmisgildi dómsins á næstunni. - hva

# Engar góðar fréttir af álveri í Helguvík

**Enn er vonast til að álver rísi í Helguvík. Forstjóri Norðurorku segir að enn sé áhugi á verkefninu. Stjórnarformaður HS orku segir að menn hafi fullan hug á að ná samningum um orkusölu. Hvort það gerist viti hann hins vegar ekki.**

**IÐNAÐUR** „Það er ekkert nýtt í þessu en það eru heldur ekki góðar fréttir. Það eru engar góðar fréttir í kringum álver í Helguvík,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ.

Viðskiptablaðið greindi frá því í gær að forstjóri Century Aluminium, Michael Bless, hefði sagt á fundi með bandarískum greiningaraðilum að ekki yrði farið lengra með álver í Helguvík nema arðsemi yrði góð.

Viðskiptablaðið segir að samkvæmt þeim gögnum sem það hafi, hafi Bless sagt að orkuverð sem HS Orka og Orkuveita Reykjavíkur bjóði sé of hátt og Landsvirkjun geti ekki útvegað þá orku sem til þarf.

Sagðist Bless tilbúinn að líta á fjárfestingu í Helguvík sem „sokkinn kostnað“.

Árni segir að menn séu ekki hættir við verkið þó enn sé ekki búið að semja um orkuverð eða afhendingu orkunnar.

„Þegar forstjórinn talar um sokkinn kostnað þá meinar hann að það sé ekki hægt að gera ráð fyrir að það verði ávöxtun af framkvæmdinni. Það verði að taka tillit til þess mikla vaxtakostnaðar sem hafi orðið af því og hann verði að fella niður.“

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir að enn sé áhugi á verkefninu.

„Það þarf að klára orkumálin en ekkert liggur fyrir með orkuafhendingu frá HS Orku og Orkuveitunni. Við höfum verið að kanna hvort fleiri séu aflögufærir en það hefur verið lítið um svör enn þá. Menn vísa til endurskoðunar rammaáætlunar,“ segir Ragnar.

Hann bætir við að menn hafi verið að bjóða hærra verð fyrir orkuna og það yrði litið fram hjá þeim kostnaði sem kominn sé en það hafi ekki dugað til enn þá.

Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður HS Orku, segir að fyrirtækið hafi fullan hug á að ná samningum um orkusölu til álvers Norðuráls í Helguvík. „Við höfum enn fullan hug á að ná samningum og höfum unnið að því allan tímann. Við trúum því að það geti gerst. En hvort það gerist veit ég ekki,“ segir Ásgeir

johanna@frettabladid.is



**Í UPPNÁMI** Fréttir bárust af því í gær að forstjóri Century Aluminium hefði sagt að ekki yrði farið lengra með álver í Helgvík nema tryggt væri að arðsemi yrði góð. Forstjóri Norðuráls segir að enn sé hugur í mönnum að reisa álver. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


ÁRNI SIGFÚSSON


MICHAEL BLESS



**„Við höfum ennþá fullan hug á að ná samningum.“**

*Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður HS Orku.*

## Átta ára ferli á krossgötum? – Álver í Helguvík 2005-2013

**Maí 2005** Century Aluminium, Reykjanesbær og Hitaveita Suðurnesja hefja könnun á möguleikum á álveri Norðuráls í Helguvík. Þetta eru fyrstu staðfestu fregnirnar um væntanlegt álver

**Apríl 2006** Lóðarsamningur undirritaður milli Norðuráls og Reykjanesbæjar. Með því tryggir Norðurál sér lóð, ásamt því að semja um gjöld til Reykjanesbæjar

**Apríl 2007** Samningur um orkusölu milli Hitaveitu Suðurnesja og Norðuráls. Þessi samningur var undirritaður í kjölfar viljayfirlýsingar milli Norðuráls, HS og Orkuveitu Reykjavíkur, sem undirritaði orkusölusamning nokkrum vikum síðar

**Mars 2008** Reykjanesbær og Sveitarfélagið Garður veita Norðuráli byggingarleyfi fyrir álveri. Tveimur dögum síðar hófust undirbúningsframkvæmdir í Helguvík

**Júní 2008** Fyrsta skóflustunga tekin að álveri í Helguvík. Ráðherrar, bæjarstjórar og þingmenn svæðisins tóku þátt í athöfninni þar sem andstæðingar álversins mótmæltu harðlega

**September 2008** Norðurál fær starfsleyfi frá Umhverfisstofnun

**Júní 2009** Stöðugleikasáttmálinn undirritaður. Þar kveður á um að Helguvíkurálveri verði unnið brautargengi

**Ágúst 2009** Iðnaðarráðherra og forsvarsmenn Norðuráls undirrita fjárfestingarsamning

**Ágúst 2010** Iðnaðarráðherra stendur fyrir samstarfsfundi með Norðuráli, orkufyrirtækjunum, sveitarfélögum og stofnunum, til að ræða stöðu mála og eyða óvissu varðandi framhaldið

**Desember 2011** Gerðardómur úrskurðar að HS Orka þurfi að standa við samninginn við Norðurál um að útvega álveri í Helguvík raforku

**Maí 2012** Gerðardómur úrskurðar að Norðuráli hafi verið óheimilt að skerða innkaup á rafmagni frá HS Orku og OR

**September 2012** Michael Bless, forstjóri Century Aluminium, móðurfélags Norðuráls, segir að samningar um orku fyrir álver í Helguvík séu á lokametrunum

**Júní 2013** Forstjóri HS Orku segir álverð of lágt í heiminum til að hægt sé að byggja bæði arðsamt álver í Helguvík og arðbærar virkjanir

**Desember 2013** Bless segir á fundi með Bank of America að álver verði ekki byggt í Helguvík við núverandi aðstæður. Hann segist tilbúinn að líta á fjárfestingu fyrirtækisins í álveri í Helguvík sem „sokkinn kostnað“









## Evrópu- og heimsmeistari

Það er óhætt að segja að skammt sé stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki er langt síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og síðan bættist enn ein rósin í hnappagatið þegar 66 bílablaðamenn hvaðanæva úr heiminum útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 39 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.540.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# iPad

Verð frá: **54.990.-**




**iPad Air** kraftmikill og léttur

**iPad mini** nettur og flottur




## Skemmtipakkinn

Mánaðaráskrift í gegnum **OZ Appið*** fylgir
**100 fyrstu** símunum keyptum hjá epli.is

**Skemmti**pakkinn inniheldur: **Stöð 2 - Stöð 3 - Krakkastöðina - Gullstöðina - Bíóstöðina - Popp TV**

## iPhone 5s



Verð frá: **109.890.-**

**Tónlist.is**

snara

## iPhone 5c



Verð frá: **89.890.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
* OZ Appið sækir þú á Appstore, virkar einnig með iPad.

# iPhone

## nú ódýrari og líka skemmtilegri

### iPhone 4s / 8GB




**Tónlist.is**
Mánaðaráskrift fylgir
100 fyrstu símunum

**snara** vefbókasafn
Mánaðaráskrift fylgir

## Verð: **67.890.-**

VISA MasterCard Kortalán í allt að 36 mánuði

**epli.is**

**Smáralind**
Opnunartímar: **12.-21. desember**
Virkir dagar 11-22 | Laugardagar 11-22 | Sunnudagar 13-22

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

Þörungaverksmiðjan:

## Finnur Árnason ráðinn til starfa

**RÁÐNING** Finnur Árnason hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum.

Finnur hefur komið víða að stjórn og rekstri fyrirtækja, svo sem í sútun og harðviðarþurrkun, auk þess sem hann var framleiðslustjóri Slippfélagsins.

Finnur, sem er fæddur 1958, lauk B.Sc.-námi í efnafræði við HÍ árið 1985 og Fil.cand.-prófi í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Gautaborg 1988. - fb

Landssamband eldri borgara og Securitas semja um tæknilausnir sem auðvelda fólki að búa heima:

# Tæknin nýtt þar sem hennar er þörf

**HEILBRIGÐISMÁL** Landssamband eldri borgara (LEB) og Securitas hafa gert með sér langtímasamning um kynningu, þróun og innleiðingu á tæknilausnum sem auðvelda öldruðum búsetu á eigin heimili. Með slíkum lausnum má tryggja að fólk geti búið á eigin heimili eins lengi og mögulegt er.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB, tekur í sama streng „Það er mikilvægt fyrir farsæld þeirra 21 þúsund einstaklinga sem eru félagsmenn í 53 aðildarfélögum LEB að velferðartækni sé nýtt þar sem hennar er þörf og þetta samstarf er liður í þeirri viðleitni.“

Um er að ræða svonefnda velferðartækni sem auk öryggismála felur í sér notkun ýmiss konar tækja til að auðvelda daglegt líf aldraðra. Þar á meðal til samskipta, hreyfiaðstoðar, heilsufarsvöktunar og heimilisstarfa. Með breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar þar sem hlutfall aldraðra fer vaxandi verður velferðartækni sífellt mikilvægari, að því er segir í fréttatilkynningu.

„Þessi samningur við LEB er þýðingarmikill fyrir okkur í Securitas til að skilja sem best þarfir þessa mikilvæga hóps sem við viljum þjóna vel og lengi við síbreytilegar aðstæður,“ segir Guðmundur Arason, forstjóri Securitas. - fb



**SAMIÐ** Guðmundur Arason, forstjóri Securitas hf., og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður LEB, handsala samkomulagið.



**HEITAVATNSLÖGN** Pípur frá Deildartunguhver voru endurnýjaðar 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brugðist við ítrekuðum vanda hitaveitu á Akranesi:

## Þrefalda tank fyrir heitt vatn

**ORKUMÁL** **Byggja á sex þúsund rúmmetra heitavatnstank á Akranesi í stað tvö þúsund rúmmetra tanks sem þar er.**

**Vandamál hafa verið með heitt vatn á Akranesi sem veitt er til bæjarins frá Deildartunguhver í Borgarfirði. Bæjarstjórnin segist ánægð með nýja heitavatnsgeyminn en að byrja verði á að leita að framtíðarlausn. „Í því felst bæði að hefja tilraunaboranir eftir heitu vatni í nágrenni Akraness og að flýta endurbótum við Deildartunguæðina eins og kostur er,“ segir bæjarstjórnin.** - gar

**EVRÓPUSAMSTARF**

### Opnað fyrir umsóknir

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Horizon 2020, nýrri rannsókna- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins. Áætlunin nær til áranna 2014 til 2016. Hér hefur Rannís umsjón með áætluninni. Íslensk heimasíða Horizon 2020 er sögð í smíðum.

**EFNAHAGSMÁL**

### Viðspyrnu náð í OECD

Í nýrri mánaðarskýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, eru horfur í heimshagkerfinu sagðar jákvæðari á næsta ári. Í umfjöllun IFS Greiningar kemur fram að merki séu sögð um viðspyrnu og ráð gert fyrir aukinni iðnframleiðslu.

# Segja Íbúðalánasjóð fá niðurfærslu í bakið

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir aðgerðir ríkisstjórnarinnar við leiðréttingu húsnæðisskulda auka á vanda Íbúðalánasjóðs. Forstjóri sjóðsins segir endanleg áhrif aðgerðanna vegna uppgreiðslu lána óljós. Aðgerðirnar hafi einnig jákvæð áhrif.

**EFNAHAGSMÁL** Að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) kemur boðuð skuldaniðurfærsla ríkisstjórnarinnar til með að auka byrðar Íbúðalánasjóðs.

Í viðtali við Bloomberg-fréttaveituna segir Daria Zakharova, sendifulltrúi AGS sem fer með málefni Íslands, að aðgerðirnar hafi í för með sér aukna hættu fyrir Íbúðalánasjóð vegna þess að þær ýti undir uppgreiðslu lána hjá sjóðnum. Uppgreiðsla lána skapar sjóðnum vandræði þar sem hann getur ekki endurfjármagnað eða breytt kjörum skuldabréfa sem gefin voru út til að fjármagna útlánin. Þetta segir Zakharova að kalli á enn aukin fjárframlög ríkisins til sjóðsins.



**DARIA ZAKHAROVA**



**SIGURÐUR ERLINGSSON**

Í frétt Bloomberg segir að AGS áætli að ríkið kunni að þurfa að leggja sjóðnum til 40 milljarða króna til viðbótar á næstu fjórum árum til þess að eiginfjárhlutfall hans haldist yfir 2,5 prósentum. Það sé þó ekki nema helmingurinn af lögboðnu 5,0 prósenta eiginfjárhlutfalli.

Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, kveðst ekki tjá sig um tölulegar fullyrðingar Bloomberg. Hvað áhrif skuldaleiðréttinga ríkisstjórnarinnar varði þá sé enn nokkur óvissa um endanleg áhrif þeirra á Íbúðalánasjóð.





**SÉRTÆKAR AÐGERÐIR KYNNTAR** Fjármálaráðherra og forsætisráðherra kynntu fyrir hálfum mánuði niðurfærslu lána og hugmyndir um að séreignarlífeyrissparnaður nýtist í niðurgreiðslu húsnæðislána. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Málið á eftir að fara í þinglega meðferð og þar geta ýmsir hlutir breyst. En ljóst er að þetta er bæði stór aðgerð og eins og hún hefur verið kynnt þá er ljóst að hún kemur til með að hafa jákvæð áhrif á lánasafn sjóðsins.“

Með aðgerðunum getur greiðslugeta lántaka aukist og þar með gætu heimtur sjóðsins á lánum batnað. Að auki kunna veð sem, sjóðurinn hefur fyrir lánum, að hækka með hækkandi eignaverði. Sigurður segir hins vegar erfitt á þessu stigi að meta mögulega uppgreiðsluáhættu sjóðsins af aðgerðunum. „Heilt yfir þá líður manni ekkert illa með þetta.“

Sigurður segir um leið ljóst að við aðgerðirnar þurfi sjóðurinn að færa niður lán í lánasafni sínu, en á móti komi framlag úr ríkissjóði. „Það er að segja fullar bætur fyrir þau lán sem við þurfum að færa niður. Þannig að nettóáhrifin eru þau að lánasafnið minnkar og við fáum fjármuni á móti því.“

**40** milljarða króna gætu stjórnvöld þurft að leggja Íbúðaláni til næstu fjögur árin til að halda eiginfjárhlutfalli sjóðsins yfir 2,5 prósentum.

Í rökstuðningi vaxtaákvörðunar peningastefnunefndar Seðlabankans í vikunni kom fram að nefndin teldi að áhrif skuldaniðurfærslunnar á verðbólgu hafi verið vanmetin. Í viðtali Bloomberg við sendifulltrúa AGS kemur jafnframt fram að sjóðurinn telji að fjármunum sem verja eigi í niðurfærsluna yrði betur varið í að greiða niður skuldir ríkisins. olikr@frettabladid.is

Nýtt frá Jóa Fel

Sykur- og hveitilausar jólasmákökur að hætti Jóa Fel

*Dökkar súkkulaði og ljósar kókos- og súkkulaði*

Innihald: möndlumjöl, kókoshveiti, fiber fin, smjör, egg, sukrin, sykurlaust súkkulaði, kakó, lyftiduft, salt og stevía.





Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut

Baráttusamtök fyrir réttindum utangarðsfólks voru stofnuð í Iðnó í gær:

# Röddin fyrir utangarðsfólk

**SAMFÉLAGSMÁL** Samtökin Röddin – baráttusamtök fyrir réttindum utangarðsfólks voru stofnuð á fjölmennum fundi í Iðnó.

Í stjórn eru sjö félagsmenn og þrír til vara. Stjórnarformaður var einróma kjörinn Alma Rut Lindudóttir. Auk hennar eru í stjórn þau Bjarni Tryggvason, Elísabet Kristjánsdóttir, Gunnhildur Bragadóttir, Hrafnhildur Jóhannesdóttir, Laufey Bára Einarsdóttir og Þorleifur Gunnlaugsson.

Samtökin eru landssamtök og tilgangur þeirra er, eins og nafnið bendir til, að berjast fyrir réttindum og vinna að málefnum utangarðsfólks.

Samtökin munu leitast við að koma að og hafa mótandi áhrif á allar aðgerðir stjórnvalda sem lúta að málefnum utangarðsfólks. Það verður m.a. gert með því að efla samtakamátt þeirra sem láta sig málið varða og vinna með öðrum félagasamtökum og hópum sem hafa svipuð markmið. Einnig skal sjá til þess að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar verði virt og þeim mannréttindasáttmálum sem Ísland á aðild að sé framfylgt.

Efla skal gagnrýna og málefnalega umræðu um þjónustu við utangarðsfólk og stuðla að því að þeim sem lenda utangarðs verði búin skilyrði til að njóta hæfileika sinna.



**STJÓRNARFORMAÐUR** Alma Rut Lindudóttir hefur verið kjörin stjórnarformaður Raddarinnar. MYND/ERNIR EYJÓLFSSON

Þeir sem vilja gerast stofnfélagar geta haft samband við Ölmu Rut Lindudóttur á netfanginu Almarut@internet.is. - fb

# Njóttu glæsilegrar hönnunar og framúrskarandi myndgæða

## SAMSUNG SJÓNVÖRPIN ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI OG MARGVERÐLAUNUÐ UM HEIM ALLAN

SAMSUNG




UExxF8005ST

### 8005 LÍNAN
### LED SMART TV

EISA AWARD Best Product 2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000

## Glæsilegt verðlaunatæki

Nýjasti 1000 riða (CMR) Samsung skjárinn er í öllum 8000 tækjunum.

Stærðir: 40"/46"/55"/65"/75"

### 7005 LÍNAN
### LED SMART TV

Frábær myndvinnsla í afburða 800 riða (CMR) skjá.

Stærðir: 40"/46"/55"/60"




UExxF7005ST

**HLJÓMTÆKI**

HW-F751

SAMSUNG



Bluetooth

Hágæða heimabíóstæða – "Soundbar" við sjónvarp; einnig hljómtæki með afspilun frá USB og snjallsíma. Stútfull af hátækni. Til í mörgum stærðum.

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

KVIKA

Fórnað við sameiningu:

## Slíta sambandi við vinabæina

**SVEITARSTJÓRNIR** Sambandi við vinabæi Álftaness verður slitið. Þetta ákvað bæjarstjórn Garðabæjar, sem eins og kunnugt er sameinaðist Álftanesi um síðustu áramót.

Álftanes var í norrænu vinabæjasamstarfi við Gävle í Svíþjóð, Gjøvi í Noregi, Næstved í Danmörku og Rauma í Finnlandi.

Bæjarstjórnin samþykkti tillögu Gunnars Einarssonar bæjarstjóra um að tilkynna sveitarfélögunum um vinslitin. - gar

Árbæjarlón tæmt í tvígang vegna viðgerða á gamalli aðfallspípu sem gaf sig:

# Aðfallsæðin gaf sig eftir 92 ár

**FRAMKVÆMDIR** Viðgerð á aðfallspípu Elliðaárstöðvar stendur nú yfir, en hún gaf sig um miðjan nóvember. Gert er ráð fyrir að virkjunin, sem enn framleiðir rafmagn í hverflunum frá 1921, verði gangsett að nýju á næstu dögum.

Aðfallspípan, sem liggur frá Árbæjarstíflu að rafstöðinni, er smíðuð úr tréstöfum og girt stálgjörðum. Vart varð leka úr pípunni um miðjan nóvember og var hún þá tæmd og rekstur þessarar elstu virkjunar í Reykjavík stöðvaður. Nyrðri hluti Árbæjarlóns var tæmdur þegar bilunin uppgötvaðist og fara þurfti inn í pípuna. Síðan var safnað í lónið aftur og tæmt í annað sinn þegar viðgerðir hófust.

Elliðaárstöð var tekin í notkun árið 1921 og hefur verið rekin síðan, en með mismunandi hætti þó. Nú síðustu árin hefur hún eingöngu verið rekin yfir vetrartímann, þó ekki samfleytt og aðeins á „skrifstofutíma.“ Enn þá eru upphaflegu hverflarnir í virkjuninni þó ýmis rafbúnaður hafi verið endurnýjaður. Stöðin og fleiri mannvirki tengd henni eru friðlýst. - shá



**VIÐGERÐ** Aðfallspípan er gerð úr tréstöfum og girt með stálgjörðum. MYND/OR

Tvöfalda leigutekjurnar:

## FÍ kaupir Bernhöftstorfuhús

**VIÐSKIPTI** FÍ fasteignafélag og Minjavernd hafa undirritað kaupsamning um kaup FÍ á fasteignum sem kenndar eru við Bernhöftstorfu.

„Um er að ræða fasteignirnar Lækjargötu 3, Amtmannsstíg 1, og Bankastræti 2,“ segir í tilkynningu. Fram kemur að við kaupin nær tvöfaldist leigutekjur og EBITA FÍ fasteignafélags slhf. á ársgrundvelli. Félagið er rekið af félagi sem er að meirihluta í eigu MP banka. - óká



**PÓSTÞJÓNUSTAN Í VÍK** Óásættanleg töf hjá póstinum segir sveitarstjóri.

Fékk ekki fundargögn í tíma:

## Sveitarstjórinn ávítar póstinn

**SVEITARSTJÓRNIR** Eva Dögg Þorsteinsdóttir sem er í sveitarstjórn Mýrdalshrepps sat hjá við afgreiðslu fjárhagsáætlunar næsta árs þar sem fundargögn bárust henni aðeins sólarhring fyrir fund.

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri svaraði því til að fundargögnin hefðu farið á pósthúsið í Vík á fimmtudag um hádegi. Fundurinn var fimm dögum síðar, á þriðjudegi. Gögnin voru því fjóra daga að berast heim til Evu sem býr í Dyrhólahverfi vestan Víkur. Ásgeir bókaði að það væri „með öllu óásættanlegt“. - gar

Hátíðarmessa á sunnudag:

## Fríkirkjan hundrað ára

**TRÚMÁL** Hátíðarmessa verður haldin í Fríkirkjunni í Hafnarfirði á sunnudaginn klukkan 11 í tilefni af hundrað ára afmæli fríkirkjunnar. Messunni verður útvarpað á Rás 1 og má telja það við hæfi þar sem fyrsta útvarpsmessa frá kirkju hérlendis var einmitt flutt í Fríkirkjunni í Hafnarfirði 31. janúar 1926.

Kirkjan var vígð 14. desember 1913 af séra Ólafi Ólafssyni, presti safnaðarins, og hafði hún þá verið reist á aðeins þremur til fjórum mánuðum af nýstofnuðum söfnuðinum. Síðan þá hefur fjórum sinnum verið byggt við kirkjuna og síðast var henni breytt að innan við gagngerar endurbætur árið 1998. - skó

### RÉTTINDI SAMKYNHNEIGÐRA Í HEIMINUM




Heimild: Washinton Post

# Lífláta fólk fyrir að sofa hjá

Í fimm ríkjum er dauðarefsing við samkynhneigð. Lög 76 ríkja skilgreina samkynhneigð sem glæp. Milljónir manna eiga fangelsisvist yfir höfði sér fyrir það eitt að hneigjast til sama kyns.

**INDLAND** Hæstiréttur Indlands kvað upp þann dóm í vikunni að lög sem banna kynlíf samkynhneigðra standist stjórnarskrá landsins. Í 76 löndum er samband samkynhneigðra refsivert samkvæmt lögum. Í fimm þeirra er dauðarefsing við samkynhneigð.

Þau ríki sem taka fólk af lífi fyrir að sofa hjá einstaklingi af sama kyni eru Íran, Jemen, Sádi-Arabía, Súdan og Máritanía. Ríkin sem hafa lögleitt grundvallarmannréttindi fyrir samkynhneigða, eins og hjónaband, eru fjórtán alls. Á síðustu tveimur áratugum hafa þrjátíu ríki breytt löggjöf sinni þannig að ekki er litið á samkynhneigð sem glæpsamlegt athæfi.

Í umfjöllun Washington Post um málið segir að rök hnígi að því að menn vanmeti mikilvægi þess að hæstiréttur Indlands staðfesti fyrrnefnd lög. Indland er næstfjölmennasta ríki heims með 1,2 milljarða íbúa. Það eru fleiri en íbúar næstu tuttugu fjölmennustu ríkjanna þar sem samkynhneigð er refsiverð samkvæmt lögum. Þetta þýðir að fjöldi þeirra homma og lesbía sem geta átt það yfir höfði sér að vera fangelsuð fyrir það eitt að hneigjast til sama kyns hefur líklega tvöfaldast í byrjun vikunnar. svavar@frettabladid.is



**VONBRIGÐI** Niðurstaða dómstólsins er gríðarlegt áfall fyrir baráttufólk fyrir réttindum samkynhneigðra á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP




Vinnuvélafyrirtæki á Húsavík gerir athugasemdir við vegtengingu við Bakka:

# Áskilur sér bætur fyrir vegagerð

**SKIPULAGSMÁL** Fyrirtækið Vinnuvélar Eyjólfs á Húsavík áskilur sér bótarétt vegna legu vegar frá Húsavíkurhöfn að áformuðu iðnaðarsvæði á Bakka.

„Lýst er yfir áhyggjum af jarðgangagerð svo nærri lóð fyrirtækisins og áskilinn bótaréttur komi til skemmda á fasteigninni eða mögulegri skerðingu notkunarmöguleika eignarinnar vegna framkvæmdanna,“ segir í fundargerð skipulagsnefndar Norðurþings um sjónarmið Vinnuvéla Eyjólfs sem er eitt þeirra sem bárust áður en athugasemdafrestur vegna skipulags- og matslýsingar leið.

Skipulagsefndin tók undir athugasemd Vinnuvéla Eyjólfs en kvað hana ekki heyra undir skipulagsmál. „Sjónarmið um mögulegar skemmdir eða aðra verðmætarýrnun eigna verði skoðuð á framkvæmdastigi og við veitingu framkvæmdaleyfis,“ sagði nefndin.

Skipulagsstofnun sagði að rökstyðja þyrfti þörf fyrir jarðgöng á hluta fyrirhugaðs tengivegar. Skipulagsnefndin fól skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins að svara þessari athugasemd. - gar



**HÚSAVÍKURHÖFN** Vinnuvélar Eyjólfs óttast skemmdir á fasteign sinni og skert notagildi lóðar ef vegur til Bakka fer þar um. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

# Dýrðlegur desember

**OPIÐ TIL KL. 22 TIL JÓLA – Á SUNNUDAG TIL KL. 18**

**Fjölmargir viðburðir – Jólabærinn á Ingólfstorgi – Leitin að jólavættunum**

- **Hurðaskellir kemur í heimsókn**
  Jólabærinn kl. 16 og 17:45 lau. og sun.
- **Þjóðkórinn syngur**
  Á völdum stöðum í miðborginni.
- **Jólalest Coca-Cola**
  Laugavegur milli kl. 16 og 17 á lau.
- **Leitin að jólavættunum**
  Taktu þátt í leitinni að Leiðindaskjóðu og öllum hinum. Fáðu bæklinginn í næstu verslun.

**Verum þar sem jólahjartað slær.**





WWW.MIDBORGIN.IS

GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

Fáanleg í öllum bókaverslunum miðborgarinnar

MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN

MIÐBORGIN OKKAR

Brandenburg/Teikning: Sól Hrafnsdóttir




**ÞREYTTUR NASHYRNINGUR Í BERLÍN** Í dýragarðinum í Berlín mátti sjá þennan þreytta nashyrning hvíla sig stundarkorn. NORDICPHOTOS/AFP







**BIÐRAÐIR Í SUÐUR-AFRÍKU** Fólkið er að bíða eftir strætisvögnum sem flytja það að stjórnarráðsbyggingunni í Pretoríu, þar sem lík Nelsons Mandela liggur á viðhafnarbörum. Fjöldi manns hefur lagt leið sína þangað til að votta honum virðingu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**SJÓRINN HAMAST Á HAFNARGARÐI Í LÍBANON** Mikið hvassviðri geisaði í Líbanon á miðvikudag. Kalt var í veðri og töluverð úrkoma fylgdi, ýmist snjór eða rigning. Sjórinn hamaðist á hafnargarði í höfuðborginni Trípolí. NORDICPHOTOS/AFP




**REGNBOGI YFIR GASABORG** Á Gasaströnd horfðu þessi börn hugfangin á glæsilegan regnboga sem gnæfði yfir Gasaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**PÚTÍN GENGUR Í SALINN** Vladimír Pútín Rússlandsforseti mætti í gær í St. Georgshöllina í Kreml til að flytja árlegt ávarp sitt til þjóðarinnar. NORDICPHOTOS/AFP




**ÞREYTTUR LÖGREGLUMAÐUR Í TAÍLANDI** Taílenskur lögreglumaður hvílir sig fyrir utan stjórnarráðsbygginguna í Bangkok, en mótmælendur höfðu tekið rafmagnið af húsinu og hvöttu lögregluna til að hafa sig á burt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**HUGHREYSTING Á ÍRLANDI** Um helgina ljúka Írar formlega endurgreiðslu fjárhagsaðstoðar sem þeir fengu frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna kreppunnar 2008. Þeir sem verst standa í samfélaginu munu þó áfram finna fyrir aðhaldsaðgerðum stjórnarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

# ALLT FYRIR JÓLIN

## fæst í Iceland.

6 Christmas fylltar kjötbökur
**298kr. pk.**

12 Party belgískt ís-konfekt
**598kr. pk.**

Party Pavlova með karamellu og hunangi
**598kr. pk.**

Baileys bomba
**898kr. pk.**

Dan cake mini-trufflukökur romm- eða mintubragð
**298kr. pk.**

Terry's súkkulaðibátar með appelsínubragði
**398kr. pk.**

## Fæst í Iceland

Magia di Chocolato 750 g með súkkulaðikremi
**998kr. pk.**

Pane T Tone con Canditi jólabrauð 500 g
**698kr. pk.**

8 Connie's karamellukökur
**298kr. pk.**

Fox's karamellubúðingur
**198kr. pk.**

Fox's jólabúðingur fyrir fjóra
**598kr. pk.**

Quality Street Matchmakers mintu- og appelsínusúkkulaði
**398kr. pk.**

Whitakers-súkkulaði, appelsínu, kaffi, mintu og jarðarberja
**298kr. pk.**

Jólagjafapappír 8 m rúllur
**298kr. pk.**

Nýtt kortatímabil

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND ENGIHJALLA

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.


Við elskum jólin
blómaval
FALLEGRI
JÓLATRÉ Í 40 ÁR!
Í 40 ár hefur Blómaval boðið Íslendingum fallegri jólatré.
Komdu í jólastemninguna til okkar og gerðu frábær kaup.
NORMANNSÞINUR
standard flokkur, eitt verð
150-240cm 6.990
NORMANNSÞINUR
sérvalinn af Blómavali
80-120cm 3.990
101-150cm 4.990
151-200cm 7.990
201-250cm 9.990
RAUÐGRENI
101-150cm 4.990
151-200cm 7.990
201-300cm 11.990
STAFAFURA
101-150cm 4.990
151-200cm 7.990
201-300cm 12.990
FALLEGRI JÓLATRÉ
Á FRÁBÆRU VERÐI
Eigum til úrvals normannsþin sérvalinn af sérfræðingum Blómavals, ásamt rauðgreni og stafafuru í öllum stærðum.
JÓLASTEMNING Í SKÚTUVOGI
OPIÐ TIL 21:00 ALLA DAGA
Jólasveinar heimsækja okkur í Skútuvogi kl. 15 og kl. 17 á laugardag og sunnudag
Rjúkandi heitt kakó og piparkökur alla daga í jólatrjáasölunni.

HÚSASMIÐJAN

# JÓLAVÖRUR
# 20-50% AFSLÁTTUR

## FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

**NÝTT KORTA TÍMABIL**

**Jólatréskúlur og toppar** 20-50% afsláttur

**Útiseríur** 20-50% afsláttur

**Inniseríur** 20% afsláttur

**Jólaskreytingarefni** 20% afsláttur

**Jólaljós** 20-50% afsláttur

**Jólastyttur** 20% afsláttur

**Smáraftæki** 20% afsláttur



RUSSELL HOBBS HANDÞEYTARI 5.990kr ~~7.830~~ TILBOÐ

**Handþeytari**
Desire, 380W, 5 hraða
1840069



RUSSELL HOBBS TÖFRASPROTI 7.900kr ~~9.990~~ TILBOÐ

**Töfrasproti**
Desire, 400W
1840068



FJARSTÝRÐ GRAFA 2.799kr ~~3.999~~ TILBOÐ

**Fjarstýrð grafa**
5857656

**Leikföng** 30% afsláttur



PRINSESSU DÚKKA 2.799kr ~~3.999~~ TILBOÐ

**Prinsessa Júlíana dúkka**
Ásamt fylgihlutum
5857599



POWERPLUS RAFHLÖÐUBORVÉL 3.995kr ÓDÝRT

**Rafhlöðuborvél 14.4V**
Power Plus borar og bitar fylgja.
Ein rafhlaða.
5245317



HNÍFASETT 6 STK 3.999kr ÓDÝRT

**Hnífasett 6 stk**
Téstandur
2009856



TRUE NORTH Gæsadúnúlpur 19.990kr ~~24.990~~ TILBOÐ

**True North**
4 litir, líka til í bleiku
5872403



AIDA Matar- og kaffistell 9.999kr ~~12.990~~ TILBOÐ

**Matar- og kaffistell Bistro**
30 stk. hvítt ferkantað
2201126

# OPIÐ TIL 21:00
# Í SKÚTUVOGI

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Gildir til 15. desember eða meðan birgðir endast. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar", tilboðsvörum og KitchenAid vörum.

# SKOÐUN

Ekki hlusta á varnaðarorð og úrtölur, Sigmundur:

## Skammstafanir og möppudýr

Það þarf nú ekki að koma nokkrum manni á óvart hvernig möppudýr með excelskjal fyrir sjóndeildarhring bregðast við róttækustu aðgerð í heimi í þágu skuldsettra heimila.

Már seðlabankastjóri og peningastefnunefnd bankans voru með tóm leiðindi, eins og við mátti búast. Peningastefnunefndin telur líklegt að stóra skuldaleiðréttingin muni auka verðbólgu og skapa þrýsting á lækkun krónunnar. Þessu liði með hagfræðiprófin finnst að „við útfærslu aðgerðanna ætti að huga að því með hvaða hætti megi draga úr neikvæðum hliðarverkunum þeirra á viðskiptajöfnuð og verðbólgu og minnka þannig þörfina á mótvægisaðgerðum peningastefnunnar“. Píp.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Ekki er seðlabankastjórinn skárri. Hann gerði lítið úr útreikningum ráðgjafarfyrirtækis með þrjá starfsmenn, sem reiknaði út fyrir ríkisstjórnina að skuldaniðurfærslan myndi ekki auka verðbólgu. „Ég ætla ekki að fara í neinn palladóm um þá skýrslu en við munum auðvitað hafa miklu meiri tíma til að gera þessa úttekt. Við erum með miklu þróaðra líkan til þess að meta áhrifin,“ sagði Már af alveg týpískum seðlabankahroka.

Þetta verður að kallast sérkennileg nálgun og bendir til að Seðlabankinn sé kominn í pólitík, frekar en að passa upp á verðbólgu og fjármálastöðugleika eins og honum er ætlað. Nú þarf Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra að berja í borðið og endurtaka heitstrengingar sínar: „Við látum ekki Seðlabankann stöðva okkur.“

Svo er það Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Kvenmaður á hans vegum, með nafn sem byrjar á zetu, sagði í viðtali við Bloomberg-fréttastofuna í gær að skuldaleiðréttingaraðgerðirnar væru misráðnar. AGS finnst enn þá að séu á annað borð til peningar í ríkissjóði eigi að nota þá til að borga niður skuldir allra skattgreiðenda í staðinn fyrir að lækka húsnæðisskuldir sumra. Þessum talsmanni sjóðsins finnst líka áhætta í því fólgin að peningarnir sem bankaskatturinn á að skila í ríkissjóð séu enn ekki í hendi og að kannski komi þeir alls ekki í ríkissjóð ef dómstólar dæma bankaskattinn ólöglegan. Af öllu má nú hafa áhyggjur.

Svo bætir AGS um betur með því að benda á að með skuldalækkunaraðgerðunum muni fólk borga lánin sín hjá Íbúðalánasjóði hraðar niður. Þannig muni fjármögnunarvandi sjóðsins fara vaxandi og skattgreiðendur (allir, ekki bara þessir sem fá skuldaleiðréttingu) muni þurfa að leggja sjóðnum til enn meiri peninga á næstu árum.

Vá. Eigum við að þurfa að hlusta á þetta? Hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nokkurn tímann ráðið Íslendingum heilt eða gert nokkuð til að hjálpa okkur?

Nú þarf forsætisráðherrann aftur að taka af skarið. Hann þarf að endurtaka, og kannski bæta aðeins í, ummæli sín frá því að AGS og OECD gagnrýndu skuldalækkunaráformin: „Hvað hins vegar OECD varðar, og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og allar þessar stofnanir, þá hef ég ekki miklar áhyggjur af því hvað hinum og þessum skammstöfunum finnst um þetta frumvarp.“

Já! Láta þá heyra það, Sigmundur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bless, bless hjá Bless

Mikil tíðindi bárust í gær þar sem haft var eftir Michael Bless, forstjóra Century Aluminium, í Viðskiptablaðinu að hann væri til í að líta á framkvæmdir til undirbúnings álveri í Helguvík sem sokkinn kostnað og teldi litlar líkur á að álverið kæmi til með að rísa að svo stöddu. Samningar hafi ekki náðst við orkufyrirtæki og því sé ekki útlit fyrir það að verkefnið sé nægilega arðbært til að halda megi því áfram. Ekki eru nema nokkrir mánuðir frá því að Bless lýsti því yfir hér á landi að framkvæmdir gætu hafist innan tíðar. Óþolandi hvað þessir náttúruverndarsinnar sem standa á móti framförum og atvinnulífi eru alltaf að eyðileggja allt.



### Þegar öllu er á botninn hvolft

Að mestu gamni slepptu hefur þessi rússíbanareið sem Helguvíkurálverið er verið ótrúleg. Milli þess sem fréttir hafa borist af lækkandi heimsmarkaðsverði á áli og deilum um virkjanir og orkunýtingu gengu ásakanir milli „álfólks“ og „eitthvað-annað-fólks“. Svo boðaði ný ríkisstjórn að nú fyrst yrði öllum pólitískum hindrunum rutt úr vegi, en sannleikurinn er sá að eins og fjölmiðlar hafa haldið á lofti er ásteytingarsteinninn orkuverðið og ekkert gerist án þess að sá þáttur leysist milli Norðuráls og orkufyrirtækjanna.



### Á hvern á að hlusta?

Merkilegt er að sjá snúninginn í kringum plön ríkisstjórnarinnar um að skera niður barnabætur á næstu fjárlögum. Einhver virðist hafa hlaupið fram úr sér í forystuliði stjórnarinnar í þeim málum og slíkt kom flatt upp á marga í hópi stjórnarþingmanna. Í frétt blaðsins í gær var haft eftir einum að fregnir af niðurskurðarplönum hafi komið eins og kjaftshögg, sérstaklega á framsóknarfólk. Samt er látið eins og þetta hafi aldrei staðið til. Á fólk þá ekki að taka sérstaklega mark á yfirlýsingum fjármálaráðherra eða formanns fjárlaganefndar?

thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Evrópuumræða á villigötum?

EVRÓPUMÁL



Haukur Eggertsson
iðnaðarverkfræðingur

Nú í október fagna Íslendingar fimm ára afmæli gjaldeyrishaftanna. Þegar höftin voru sett á var talað um að þau yrðu til allt að tveggja ára. Ég var, þá, einn af þeim bjartsýnu og taldi að inngangа í Evrópusambandið kynni svo sem að vera nothæf framtíðarlausn fyrir Ísland, en slík vegferð sem endaði með upptöku evrunnar tæki jú miklu lengri tíma en árin tvö. Síðan þá hefur bjartsýni mín dofnað.

Ekki eru allir á eitt sáttir hvað höftin kosta okkur, enda kostnaðurinn missýnilegur og bitnar misjafnlega á stéttum og atvinnugreinum. Heyrzt hafa tölur um tugi ef ekki á annað hundrað milljarða króna á ári, en ekki verður lagt mat á slíkar tölur hér. En eftir þessi fimm ár hillir enn ekki undir neina trúverðuga lausn um afnám haftanna, en upptaka erlends gjaldeyris án bakstuðnings frá viðkomandi ríki er líkleg til að mistakast. Undirritaður veit alla vega hvað hann ætlar að gera við sinn sparnað daginn sem innistæðum hans verður breytt í erlenda mynt.

Nú mega menn hafa ýmsar skoðanir á Evrópusambandinu, og í raun fátt sem er til þess gert að vekja óstjórnlega hrifningu þegar litið er í þá átt. Áframhaldandi hjakk með haftakrónuna vekur að sama skapi litla hrifningu, og ég á þá ósk að afkomendur mínir muni lifa í þjóðfélagi frjálsra viðskipta.

**➜ Nú mega menn hafa ýmsar skoðanir á Evrópusambandinu, og í raun fátt sem er til þess gert að vekja óstjórnlega hrifningu þegar litið er í þá átt. Áframhaldandi hjakk með haftakrónuna vekur að sama skapi litla hrifningu, og ég á þá ósk að afkomendur mínir muni lifa í þjóðfélagi frjálsra viðskipta.**

Eina sýnilega lausnin, sem er líkleg til þess að geta komið okkur út úr höftunum, a.m.k. hjá öðrum en þeim sem trúa á framsóknarjólasveininn, er upptaka evrunnar. Umræðan um Evrópusambandið ætti því ekki að snúast um hvort við eigum að ganga í sambandið eða ekki, heldur hvort við eigum að vera þar, það er stundinni lengur en upptaka evrunnar tekur. Íslendingar ættu því að skoða það alvarlega að verða fyrsta landið sem segir sig úr Evrópusambandinu, en það er ákvörðun sem bezt verður tekin þegar við höfum litast um innandyra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Jólasveinninn svarar

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Kæra (hugsanlega ímyndaða) barn. Já, þú sem sendir mér bréf og kvartaðir undan því að sumir í skólanum þínum hafi fengið iPhone 5 og dýrar græjur meðan þú fékkst bara tréliti og mandarínur. Þú spyrð af hverju ég gefi ekki öllum duglegum börnum sömu gjafir. Já, seisei.

Það er nú því miður einfalt svar við því, kallinn minn. Ég er goðsagnavera. Það eru foreldrarnir sem kaupa gjafirnar. Þannig að ástæðan fyrir því að þú fékkst mandarínu en Solla iPhone 5 (sem ég trúi nóta bene ekki að hún hafi í alvöru gert) er sú að mamma þín keypti handa þér mandarínu en mamma eða pabbi Sollu keyptu handa henni iPhone 5.

Ég geri raunar ráð fyrir að þú vitir þetta nú þegar, rétt eins og flest börn gera svona tveimur-þremur árum áður en þau hætta að spila þennan leik með foreldrum sínum. En ef það var ekki tilfellið, ef ég var að stinga á einhverri sápukúluveröld þá er það leitt en það var nú erfitt að halda áfram þessum blekkingum, úr því að þú spurðir svona hnitmiðað. Eitt er að fá barn til að haga sér vel með loforðum um gjafir. En annað er að reyna að útskýra að jólasveinninn gefi ríkra manna börnum dýrari gjafir. Kommon! Af hverju ætti ég að gera það? Og hvernig mögulega gæti ég réttlætt það?

**Þú veist aldrei alla söguna**

Sumir vilja reyndar meina að þú sért ekki til í alvörunni heldur uppspuni fullorðins fólks sem skrifaði þetta bréf í þínu nafni. Ef svo er: Engar áhyggjur, velkominn í klúbbinn. En sama hvort það er tilfellið eða ekki stendur eftir réttmæt spurning: Er það sanngjarnt að börn fái misdýrar gjafir á jólunum? Og miðað við hve margir deila þessu bréfi þá finnst mörgum það ekki sanngjarnt. Það var nú við því að búast af okkur Norðurlandabúunum. Við viljum ekki að neinn fái að halda að hann sé eitthvað spes, því þá gæti öðrum liðið illa. Fólk sem segist hata efnishyggjuna kvartar sáran undan því að aðrir fái flottara dót.

Pössum okkur aðeins. Til að byrja með þarf ekki að vera að þeir sem segjast hafa fengið dýrar gjafir segi satt. Fólk ýkir, börn ýkja. Svo getur verið að sumt af þessu sé bara rógburður og hluti af einhverju einelti.

„Gunna er rík – pabbi hennar gaf henni dýran síma – lemjum hana.“ En jafnvel þótt einhver fái dýran hlut, þá veistu aldrei alla söguna. Sumir foreldrar hitta börn sín lítið. Sumir pabbar vinna kannski á sjó. Sumir foreldrar búa ekki einu sinni með börnunum sínum. Sumir eru kannski mikið lasnir. Svo koma jólin og sumir foreldrar reyna kannski að bæta fyrir eitthvað með því að gefa dýrar gjafir. Ég er ekki að segja að það sé eitthvað frábærlega sniðugt, en gefum fólki smábreik. Þetta eru jólin. Breytum jólunum ekki í norræna nornaveiðahátíð.

> Breytum jólunum ekki í norræna nornaveiðihátíð.

Sumir foreldrar eru ríkari en aðrir og hafa þar af leiðandi efni á dýrari gjöfum. En það getur líka vel verið að foreldrar þessarar stelpu, sem átti að hafa fengið dýran síma í skóinn, hafi ekkert frekar haft efni á þessu en mamma þín en keypt hann samt. Þau hafi hækkað heimildina á kortinu og steypt sér í skammtímaskuldir. Það er ekki mjög gáfulegt.

**Fyrirmyndargjöf**

Mömmu þinni þykir vænt um þig. Þess vegna verður hún leið þegar hún heyrir að þér finnist gjafirnar sem þú færð ekki nógu fínar. En þú mátt bara vera glaður yfir að eiga mömmu sem er þér svona góð fyrirmynd. Hún ætlar ekki að nota peninga sem hún á ekki til að kaupa handa þér hluti sem þú þarft ekki á að halda. Hún kaupir handa þér það sem hún hefur efni á. Hún má vera stolt af þeirri gjöf sem hún er að gefa þér með þessu góða fordæmi. Með þá fyrirmyndargjöf ættirðu að pluma þig ágætlega í lífinu.

**Gleðileg jól**

*- Jólasveinninn*

*(Samt bara Pawel)*

# Hvers eiga dýrin að gjalda?

DÝRAVELFERÐ
Guðný Nielsen
iðnaðarverkfræðingur og stjórnarmeðlimur í Velbú, samtökum um velferð í búskap.



Ekkert lát virðist á vinsældum loðfelda á Íslandi og er það ekki síst áberandi nú í aðdraganda jólanna þegar kuldinn sækir að landsmönnum. Búið er að fylla á lagera verslana og mikið úrval tegunda er að finna í hillum. Loðfeldur er vinsæl jólagjöf í ár líkt og undanfarið. Flík sem áður var munaðarvara, kostaði handlegg og var oft aðeins gefin á stórafmælum er nú seld í flestum tískuvöruverslunum á verði sem neytendur ráða auðveldlega við. Hvernig má það vera?

> ➜ Kínverjar eru stærstu framleiðendur loðfelda á heimsvísu.

Kínverjar eru stærstu framleiðendur loðfelda á heimsvísu. Kínversk bú eru óteljandi og þeim fer fjölgandi. Sögum ber ekki saman um það hvort lög um dýravelferð séu yfirhöfuð til staðar í Kína. Aðferðir, sem beitt er við loðdýraframleiðslu þar, eru vægast sagt hræðilegar og næsta víst að íslensku búi yrði samstundis lokað, gerðist íslenskur framleiðandi uppvís að því að beita sömu aðferðum. Framleiðslan í Kína miðar að því einu að hámarka hagnað. Búin stækka og framleiðslukostnaðurinn lækkar. Keppst er við að koma sem flestum dýrum á hvern fermetra, sem minnstu er kostað til við fóður, vatn, hita og birtu; rétt þannig að dýrin haldist á lífi nógu lengi til þess að hægt sé að koma loðfeldinum í verð. Kostnaður við aflífun er mismikill og aðferðirnar margar eins og ógrynni myndbanda á veraldarvefnum sýna. Dýrin eru ýmist kæfð með útblæstri frá mótor, gefið raflost í endaþarm, barin til dauða með prikum, stigið á háls þeim og stappað og þau jafnvel fláð lifandi. Þessar myndbandsklippur geta eflaust fáir horft á til enda.

Loðfeldur í íslenskum verslunum er iðulega merktur íslensk hönnun, en hvergi kemur fram upprunaland feldarins. Íslenskir loðdýrabændur selja allan sinn loðfeld úr landi og þar sem Kínverjar framleiða mest allra af loðfeldi er ekki erfitt að gera sér í hugarlund hvaðan ódýri loðfeldurinn, sem við sjáum hér í verslunum, kemur.

Samstillt átak tískuhúsa og framleiðenda hefur byrgt okkur sýn á það hvers dýrin raunverulega gjalda til þess að við getum klæðst þessari tískuvöru. Standa íslenskir neytendur kannski í þeirri trú að lög og reglugerðir komi einhvern veginn í veg fyrir að vörur framleiddar á þennan hátt nái inn á íslenskan markað? Á meðan við gerum ekki lágmarkskröfur til framleiðenda um að velferð dýranna sé tryggð mun þessi tískuvara halda sessi sínum á íslenska markaðnum. Hvar drögum við línuna? Hvers eiga dýrin að gjalda? Munum að við kjósum með veskinu.

HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA



JBL by HARMAN

JBL Cinema SB200

HELSTU KOSTIR
- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Harman Display Surround tækni
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Einfalt í uppsetningu

VERÐ 59.990

Bluetooth®




Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Getur íþróttavöllurinn verið vettvangur jafnræðis?

SAMFÉLAG



Eva Dögg Guðmundsdóttir
cand. mag. í menningar- og innflytjendafræðum

Þegar líða fer að sveitarstjórnarkosningum langar undirritaða að benda á svið sem nýta mætti betur til uppbyggingar í velferðarmálum í samfélaginu.

Ég held að flestir geti verið sammála mér í því að eitt helsta velferðarmálefni og áskorun í okkar samfélagi er að tryggja háa atvinnuþátttöku borgaranna.

Samkvæmt nýlegri skýrslu Fjölmenningarseturs virðist þó vera hópur sem á erfiðara uppdráttar á atvinnumarkaðnum en aðrir. Það eru innflytjendur og afkomendur þeirra, sem í ríkari mæli en íslenskir ríkisborgarar hafa misst atvinnu sína eftir efnahagshrunið. Í skýrslunni er ekki greint svo mikið í tölurnar, enda er þetta tölfræðiskýrsla og því ekki greining á vandanum eða tillögur um úrbætur.

Ég ætla því að fá að vitna í skýrslu frá ráðuneyti félags-, barna- og samþættingarmála (Social-, børne- og integrationsministeriet) í Danmörku sem hefur framkvæmt greiningu á sama vanda. Það þarf vart að taka fram að danskt samfélag er með mun lengri reynslu af fjölmenningarsamfélagi en hið íslenska. Þrátt fyrir að samsetning og hlutfall þjóðerna sé ekki hið sama og á Íslandi má draga hliðstæður af greiningunni. Þar kemur fram að stór áhrifaþáttur er almennt lægra menntunarstig hjá innflytjendum og afkomendum þeirra sem og vöntun á sterku tengslaneti við Dani.

Ég ætla að dvelja aðeins við tengslanetagreininguna, því ég hef ennþá ekki hitt Íslending sem væri til í að hafna þeirri staðhæfingu að tengslanet skipti miklu máli í atvinnuleit á Íslandi.

Sú þróun hefur átt sér stað á Íslandi að íslenskir ríkisborgarar af erlendum uppruna og erlendir ríkisborgarar búa þéttbýlt á fáum stöðum í borginni. 30% íbúa á Kjalarnesi tilheyra þessum hóp og einnig 24% íbúa í Efra-Breiðholti.

Þessi þróun þarf ekki að vera neikvæð, því oft getur skapast mikill samhugur hjá fólki sem er í svipuðum aðstæðum, það er að segja aðfluttir sem hjálpast að því þeir eru án stórfjölskyldunnar og vina frá heimalandinu. Hins vegar skapast vandamál ef meginþorri tengslanetsins samanstendur af fólki sem ekki hefur sterka tenginu inn á atvinnumarkaðinn í landinu sem það býr í. Ef einstaklingur missir atvinnu sína aukast líkurnar á að viðkomandi nái ekki fótfestu aftur á atvinnumarkaðnum og festist í langtímaatvinnuleysi.

### Hvernig má styrkja tengslanet?

Rannsóknir á sviði íþrótta- og félagsvísinda hafa bent til að íþróttir hafa ákveðna kosti sem samskiptavettvangur milli fólks af ólíkum þjóðernum í fjölmenningarsamfélagi. Undanfarinn áratug hefur danskt samfélag í ríkari mæli unnið að langtímamarkmiðum í fjölmenningarmálum. Þar er litið á íþróttaþátttöku barna sem vettvang til uppbyggingar einstaklinganna, betri lýðheilsu og umfram allt aukinna samskipta og jafnræðis í samskiptum barna af ólíkum menningaruppruna.

Ég ætla að fara örstutt yfir þá efnislegu kosti sem íþróttir hafa sem vettvangur samskipta, en bendi jafnframt á að ekki sé allt jákvætt við íþróttaþátttöku. Íþróttamenning getur haft ókosti eins og t.d. „ljótan tón“ í samskiptum einstaklinganna í hita leiksins.

**➜ Íþróttaþátttaka getur aukið tengslanet. Þar hittast einstaklingar sem e.t.v. myndu ekki hafa samskiptagrundvöll í samfélaginu og byrja að hafa samskipti.**

Íþróttaleikvangurinn getur verið lýðræðislegur vettvangur; allir geta tekið þátt í íþróttinni frá fyrsta degi í nýju landi, því það eru engar formlegar hindranir fyrir þátttöku.

Íþróttir hafa einnig verið kallaðar alþjóðlegt tungumál, eða jafnvel taldar „þjóðernisblindar“, því líkamstjáning og líkamleg geta í íþróttinni verður aðalsamskiptamiðillinn. Hugurinn tæmist við líkamlega áreynslu. Þetta getur því verið vettvangur þar sem húðlitur, uppruni, trúarbrögð, hefðir og tungumálaerfiðleikar eru í bakgrunni og skipta ekki máli í samskiptum.

Íþróttaþátttaka getur stækkað tengslanet. Þar hittast einstaklingar sem e.t.v. myndu ekki hafa samskiptagrundvöll í samfélaginu og byrja að hafa samskipti. Hópíþróttir krefjast samvinnu. Þar að auki geta íþróttasigrar á velli haft jákvæð áhrif á sjálfstraust einstaklinganna og liðsheildina, því liðið getur orðið eins og önnur fjölskylda. Ég vil nýta tækifærið og hvetja stjórnmálaflokkana til að setja æskulýðsmálefnin á oddinn og styrkja hag barna, svo að kostnaður komi ekki í veg fyrir þátttöku í æskulýðsstarfi. Langtímaávinningurinn gæti orðið stór fyrir samfélag okkar.

# Ferðafrelsi á Íslandi? Þriðji hluti

FERÐAÞJÓNUSTA



Þorvarður Ingi Þorbjörnsson
fjallabílstjóri og leiðsögumaður

Ferðamennska á ökutækjum þarf á nýjum tengileiðum að halda. Ekki er verið að tala um malbikaða vegi, heldur vegslóða. Ferðaþjónustan þarf á öllum þeim leiðum sem til eru í dag og nokkrum nýjum að halda til að dreifa álaginu á landið. Sumum finnst þetta kannski til nokkuð mikils mælst, en ferðaþjónustan er og verður mikilvægur þáttur í efnahag landsins til framtíðar.

Tímabært er að líta á ferðaþjónustuna sem alvöru atvinnugrein sem leggur engu minna til þjóðarbúsins en fiskveiðar og stóriðja. Þar vegur afþreyingarferðamennska þungt, enda koma ferðamenn gjarnan til landsins utan sumarvertíðar.

Veturinn er kjörinn tími með tilliti til náttúruverndar og nýtingar á innviðum. Þessir ferðamenn koma gjarnan til að ferðast í ofurjeppum eða á vélsleðum um fjöll og firnindi, til að geta notið náttúrunnar fjarri mannabyggðum í ævintýralegum ferðum. Þarna hefur íslensk ferðaþjónusta sérstöðu. Þessu þurfa lög og reglugerðir að taka mið af og stuðla þannig að uppbyggingu framsýnnar ferðaþjónustu. Uppbygging í stað niðurrifs er það sem ferðaþjónustan þarf á að halda.

### Ekki boðlegt

Með gildistöku nýrra náttúruverndarlaga stóð til að þrengja að ferðafrelsi almennings. Um margt voru lögin til góðs, en annmarkar þó mun meiri. Lítið sem ekkert samráð var haft við ýmsa hagsmunaaðila líkt og innan ferðaþjónustunnar – það er ekki boðlegt þegar lagasetning sem þessi hefur neikvæð áhrif á ferðafrelsi fólks í leik og starfi. Frá því ég man eftir mér hefur landið heillað, ég ferðaðist frá barnæsku með fjölskyldu og vinum.

Ég sem svo margir aðrir hef atvinnu af því að fara með fólk um landið og það eru mér forréttindi og heiður að fá að sýna gestum okkar þetta einstaka land og náttúru þess og kenna þeim að koma fram við það af virðingu. Að geta farið um spennandi vegslóða sem eru jafnvel áratuga gamlir þar sem vart er aðra ferðamenn að finna. Fagna ég því frestun gildistöku nýrra náttúruverndarlaga sem engin þjóðarsátt var um.

**➜ Reyndin er að náttúruvernd hefur verið annað hvort í ökkla eða eyra. Í þessu málefni sem og öðrum þarf að finna hinn gullna meðalveg. Notum, nýtum njótum og verndum í sátt og samlyndi.**

Reyndin er að náttúruvernd hefur verið annaðhvort í ökkla eða eyra. Í þessu málefni sem og öðrum þarf að finna hinn gullna meðalveg. Notum, nýtum, njótum og verndum í sátt og samlyndi. Á Hveravöllum á Kili er minnisvarði um Fjalla-Eyvind og Höllu sem nefnist „Fangar frelsisins“. Gerum ekki alla Íslendinga að föngum frelsisins!


## FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ



MÉR VAR HALDIÐ NIÐRI

**Adolf Ingi Erlingsson,** sem nýlega var sagt upp störfum hjá RÚV, segir það ekki hafa farið fram hjá neinum sem fylgist með íþróttum þegar hann hvarf af skjánum. Hann telur ýmislegt óeðlilegt viðgangast í stjórn RÚV.

„Löggan í þessari bók gerir ekkert sem ég hef ekki gert sjálfur í starfi mínu hjá lögreglunni“

**Jón Óttar Ólafsson,** doktor í afbrotafræði, er höfundur glæpasögunnar Hlustað, þar sem meðal annars er lýst umfangsmiklum hlerunum lögreglu og sérstaks saksóknara.









**Nýliðar ná góðum árangri**

**Álitsgjafar Fréttablaðsins** velja bestu íslensku plötur ársins.

**Þegar lýðræðið hentar ekki**

**Ólgan í Taílandi** undanfarnar vikur á sér margra ára rætur í valdatogstreitu gamla íhaldsflokksins og hinnar auðugu Shinawatra-fjölskyldu.



FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | visir.is

HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS
*Ómissandi hluti af góðri helgi*




| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Óseyri 1. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Opið bréf til stjórnar Ríkisútvarpsins

MENNING

Arngunnur Árnadóttir

Júlía Mogensen

Melkorka Ólafsdóttir

Valgerður Þóroddsdóttir

aðdáendur Ríkisútvarpsins

Til Ingva Hrafns Óskarssonar, Magnúsar Stefánssonar, Bjargar Evu Erlendsdóttur, Guðrúnar Nordal, Margrétar Frímannsdóttur, Magnúsar Geirs Þórðarsonar, Úlfhildar Rögnvaldsdóttur, Sigurðar Bjarnar Blöndal, Péturs Gunnarssonar og Sigríðar Hagalín Björnsdóttur.

Undirritaðar eru skipuleggjendur samstöðufundar um Ríkisútvarpið sem haldinn var í Háskólabíói 4. desember síðastliðinn.

Við hörmum aðgerðir útvarpsstjóra þann 27. nóvember, þegar fjölda lykilstarfsmanna var sagt upp og mikið af ómetanlegu dagskrárefni lagt niður. Skörð voru höggvin í dagskrá Rásar 2, fréttastofuna, Kastljós og Spegilinn, en Rás 1 kom einna verst út úr aðgerðunum. Rás 1 missti við uppsagnirnar rúman helming starfsfólks síns en hlaut þó fyrir aðgerðirnar aðeins 7% af fjármagni Ríkisútvarpsins.

Okkur er kunnugt um fyrirhugaðan niðurskurð stjórnvalda til Ríkisútvarpsins. Í ljósi hans verður þó ekki sagt að aðgerðir útvarpsstóra hafi verið óhjákvæmilegar. Þvert á móti endurspegla þær fyrst og fremst forgangsröðun stjórnenda sem að okkar mati er í þó nokkru ósamræmi við lögbundið hlutverk Ríkisútvarpsins. Það að vega svo harkalega að starfsemi Rásar 1 er ekki réttlætanlegt með tilliti til þeirrar staðreyndar að heildarlaun og þóknanir til æðstu stjórnenda jukust úr 57,8 milljónum í 74,6 milljónir milli áranna 2012 og 2013. Ekkert var skorið niður í yfirstjórn Ríkisútvarpsins við uppsagnahrinuna.

### Erfitt að átta sig

Erfitt er að átta sig á viðmiðum útvarpsstjóra í uppsögnum á Rás 1. Tónlistardeildin hefur nánast verið jöfnuð við jörðu og eini útvarpsþátturinn fyrir börn var lagður niður, auk vandaðs þáttar um kvikmyndir. Eini dagskrárliður Ríkisútvarpsins sem fræðir almenning um vísindi, og það á ótrúlega aðgengilegan hátt, var tekinn af dagskrá. Þaulreyndu, menntuðu og verðlaunuðu starfsfólki var sagt upp.

Ummæli útvarpsstjóra á Bylgjunni sunnudaginn 8. desember vörpuðu nokkru ljósi á málið. Þar sagði hann m.a.: „Það má ekki hafa skírskotunina of þrönga, þetta heitir almannaþjónustuútvarp, þetta er ekki fámannaþjónustuútvarp og út á það gengur skilgreiningin á þessari starfsemi alls staðar í kringum okkur, á Norðurlöndunum, Bretlandi og alls staðar sem við tökum okkur til fyrirmyndar, að það verður að vera almenn skírskotun í dagskrárgerð, en það má ekki breyta þessu í einhverja sérviskulega, þrönga dagskrá sem hefur ekki almenna skírskotun, þá er alveg eins gott að loka þessu, þá hefur þetta enga þýðingu.“

### Takmarkaður áhugi

Út frá þessum ummælum má álykta að útvarpsstjóri hafi takmarkaðan áhuga á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Í lögum um Ríkisútvarpið segir meðal annars:

„Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni … fjölmiðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, fræðsluþættir, íþróttaþættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni … Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring … Ríkisútvarpinu ber að kynna margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu.“

Með hinni „almennu“ nálgun sem útvarpsstjóri boðar er unnið gegn fjölbreytni og dagskrárliðum sem hafa litla áheyrn en mikið vægi af öðrum ástæðum. Útvarpsstjóri lagði niður nokkra helstu fræðslu-, lista- og menningarþætti Rásar 1 auk barnaefnisins. Ástríðufullum hlustendum Rásar 1 hefur orðið fullljóst síðustu daga að ekki er hægt að tala um nema hálfa hljóðvarpsdagskrá á Rás 1, hinn helmingurinn er tónlist valin af handahófi, mest jólalög, og heilu plöturnar eru spilaðar til enda. Útvarpsstjóri á e.t.v. við margbreytileikann og fræðsluna þegar hann talar um „sérviskulega dagskrá“.

**→ Með hinni „almennu“ nálgun sem útvarpsstjóri boðar er unnið gegn fjölbreytni.**

### Rangfærslur

Auk þess virðingarleysis sem gætir í orðum útvarpsstjóra gagnvart lögum um stofnunina fer hann beinlínis með rangfærslur hvað varðar ríkisútvörp í nágrannalöndunum. BBC í Bretlandi rekur t.d. heilar fjórar útvarpsstöðvar sem helgaðar eru mismunandi tónlist, óháð fjölda hlustenda. Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins leggur nánast niður tónlistardeild einu útvarpsstöðvarinnar á landinu þar sem fjallað er um allar tegundir af tónlist.

Sýn útvarpsstjóra sem birtist í ummælum hans á Bylgjunni virðist ganga út á það að almannaútvarp lúti lögmálum markaðsins. Ríkisútvarpinu ber aftur á móti skylda til þess að sinna því sem einkareknir fjölmiðlar gera ekki. Dagskrárgerð Ríkisútvarps á ekki að vera háð markaðsöflum.

Við skorum á stjórnina að íhuga vandlega ábyrgð sína í aðgerðunum undanfarið og ígrunda afstöðu sína gagnvart því hvort útvarpsstjóri verði endurráðinn. Við hvetjum stjórnina til að tryggja að Ríkisútvarpinu sé stjórnað samkvæmt lögum um miðil í eigu þjóðarinnar. Við köllum eftir skýrri stefnu um framtíð stofnunarinnar í samræmi við lögbundið hlutverk hennar.

Um leið og við hvetjum stjórnina til úrbóta langar okkur að hvetja hlustendur og áhorfendur – eigendur Ríkisútvarpsins – til að láta í sér heyra og gefast ekki upp fyrr en árangur næst.

# Að fjárfesta í mannrækt

MENNTUN



Sturla Kristjánsson

sálar- og uppeldisfræðingur og Davis-ráðgjafi

Haft er eftir menntamálaráðherra að menntamálin séu í raun stærsta efnahagsmál þjóðarinnar og framtíð okkar byggist á því að nýta mannauðinn sem best.

Vonandi ber að skilja orð ráðherra svo að ávinningur menntunar sé efnahag þjóðarinnar mikilvægari en útlagður kostnaður.

Mannauð tengi ég mannlegu eðli og svo lengi sem sagnir herma hefur manneðlið verið samt við sig. Mikilvægt er því að iðja okkar og athafnir taki ávallt sem best mið af mannlegu eðli og þörfum, einkum á þeim tímum er ásköpuð mannleg fyrirheit þróast og mótast til atgerfis og athafna allt eftir þeirri umhyggju og atlæti er við njótum.

Farvegir mannlegs eðlis taka á sig ólíkar myndir; stílbrigði athafna mótast og erfast í hefðbundin menningarkerfi á ólíkum tímum og stöðum – tölum við þá gjarnan um menningarskeið og menningarsvæði. Þá kemur til framþróun og tækni, sem á hverjum tíma gefur okkur betri möguleika en áður á samskiptum milli menningarsvæða og á rannsóknum fyrri skeiða. Við eigum því ávallt betri möguleika en nokkru sinni fyrr á því að fegra og göfga mannlíf allt, en festum ekki alltaf sjónar á innstu verðmætum.

Umbætur í skólamálum geta haft að leiðarljósi það sem best er vitað um eðli manna og þarfir,– eða snúist um eitthvað allt annað.

### Eins og verksmiðjur

Skólaþróun verður að hafa það að markmiði að skólarnir geti æ betur hagnýtt sér sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu til árangursríkari starfa í fullu samræmi við mannlegt eðli og þarfir.

Leggja þarf áherslu á mannrækt og þá sérstaklega sammannlega eiginleika; á fræðslu um líffræðilegar forsendur og sérkenni sem og sálfræðilegar og félagslegar hliðar mannlegs lífs.

Aðstæðurnar í tíma og rúmi eru umgjörðin sem ákvarða afmörkun viðfangsefna, handbragð og framvindu hverju sinni og síðan birtist árangurinn í persónulegri útfærslu hvers og eins svo sem atgerfi og metnaður gefa tilefni til.

**→ Í stórum dráttum er skólakerfið enn í dag skipulagt eins og verksmiðjur nítjándu aldar, - eða frystihús nútímans, og líkamsþjálfun og agastjórnun miðar að því að prússneski herinn vinni næstu orrustu við Napóleon.**

Einnig má sjá þetta í því ljósi að hlutverk skólans sé á hverjum tíma að undirbúa framtíð á grunni þeirra sanninda sem reynslan hefur gefið varanlegt gildi.

Fyrirmyndir að íslenska skólanum eru sóttar til iðnríkja Norður-Evrópu sem tóku upp skólahald í kjölfar iðnbyltingar; feðurnir unnu í námunum, mæðurnar í verksmiðjunum og börnum þá búið athvarf í skólum allt frá fimm ára aldri og þar til þau gátu orðið að liði í atvinnulífinu. Annað meginhlutverk skólans varð síðan að eyða ólæsi og þriðja hlutverkið að sameina ólík þjóðarbrot, menningarhópa og trúfélög í eina þjóð.

Þetta verkfæri fluttum við til Íslands hvar mæður voru heima, læsi var landlægt og ein var þjóðin, tungan og trúin.

Skólinn, sem við fluttum inn frá öðrum þjóðum, hafði það hlutverk að gæta barna, eyða ólæsi og sameina þjóðarbrot.

Hönnun, skipulag og framkvæmd sótti fyrirmyndir í verksmiðjur iðnbyltingarinnar og hlýðniþjálfun prússneskra soldáta.

Í stórum dráttum er skólakerfið enn í dag skipulagt eins og verksmiðjur nítjándu aldar, – eða frystihús nútímans, og líkamsþjálfun og agastjórnun miðar að því að prússneski herinn vinni næstu orrustu við Napóleon.




# Vísindafélag í 95 ár

VÍSINDI



Þórarinn Guðjónsson

forseti Vísindafélags Íslendinga

Hinn 1. des. 1918 komu tíu kennarar við Háskóla Íslands á fund að boði prófessoranna Ágústs H. Bjarnasonar og Sigurðar Nordals og samþykktu að stofna félag til eflingar vísindastarfsemi í landinu. Það var stofndagur Vísindafélags Íslendinga. Tilgangurinn var að stofna félagsskap íslenskra vísindamanna, á öllum sviðum, til að efla vísindastarfsemi í landinu og styrkja stöðu vísinda í íslenskri menningu. Félagið hefur starfað undir þeim formerkjum síðan. Vísindafélag Íslendinga hefur gengið gegnum hæðir og lægðir á þeim áratugum sem liðnir eru frá stofnun þess. Samfara breyttum tíðaranda hefur félagið tekið nauðsynlegum breytingum sem miða að því að gera félagið áberandi í samfélagslegri umræðu um vísindaleg málefni.

Vísindafélag Íslendinga starfar óháð stofnunum og fræðasviðum og er því kjörinn vettvangur fyrir almenna umræðu um vísindi og hlutverk vísinda og fræða í samfélaginu. Félagið hefur breyst töluvert á síðustu árum og er nú opinn félagsskapur vísinda- og fræðimanna sem öðlast hafa akademíska þjálfun og stundað sjálfstæðar vísindarannsóknir. Meginhlutverk félagsins er að hvetja til umræðu um vísindaleg málefni hvort sem er í gegnum fræðsluerindi eða málþing, samskipti við stjórnmálamenn eða almenning. Félagið hefur staðið fyrir fjölda sérhæfðra sem og þverfaglegra málþinga um stöðu ungra vísindamanna, gildi grunnrannsókna fyrir íslenskt samfélag, mikilvægi samkeppnissjóða, málþinga um ritstuld, loftslagsbreytingar, áhrif efnahagshruns á íslenskt samfélag og svo mætti lengi telja.

Hér á landi er fjöldi háskóla og rannsóknastofnana og hefur oft skort vettvang fyrir akademíska umræðu utan þeirra. Það er von stjórnar Vísindafélags Íslendinga að geta skapað grunn fyrir slíka umræðu og að stjórnvöld muni nýta sér þekkingu og reynslu félagsmanna við stefnumótandi ákvarðanir í málefnum vísinda í náinni framtíð.

### Árin 95 og framtíðin

Vísindafélag Íslendinga hefur leikið mikilvægt hlutverk innan vísindasamfélagsins í áratugi, sérstaklega í tengslum við útgáfu og miðlun vísinda. Félagið er í sókn, og þörf er á að efla það enn frekar til að því sé kleift að vinna betur að því að styrkja stöðu vísinda. Þar er bæði litið til þess að efla starf og áhrif félagsins innanlands, á vísindasamfélagið og stjórnkerfið, sem og samfélagið í heild, og að auka þátttöku þess í samstarfi við erlend vísindafélög og akademíur, m.a. til þess að bera saman bækur og læra af þeim, og hafa áhrif á stefnumótun á alþjóðlegum vettvangi.

NÝTT KORTATÍMABIL

# SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS




## SKOPPA OG SKRÍTLA

GLEÐILEG JÓL

2.799KR

JÓLAGJAFIR ALLAN SÓLARHRINGINN
24
í Garðabæ og Skeifunni




2.199KR
Hákarlabeita 2




2.799KR
Strumparnir 2




2.199KR
Flóttinn frá jörðu




2.799KR
2 Guns




2.799KR
1D - This is Us




2.899KR
Ávaxtakarfan




2.799KR
Íslensku jólasveinarnir okkar




2.799KR
The Croods




2.899KR
Niko 2




2.799KR
Epic

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*



**INTENSO**

**800x600 PUNKTA UPPLAUSN**

**Intenso Photomodel 7**
Stafrænn 7" myndarammi með 800x600 punkta upplausn. Spilar myndir beint af minnislyklum eða kortum. Skyggnusýningar.

**VERÐ ▶ 12.990**



*Góður sími fyrir sjóndapra*

**PHILIPS**

**Philips XL3701B**
Þráðlaus DECT sími með stórum tökkum og LCD skjá, 3 beinvalstökkum, HD hljómi, handfrjálsum möguleika, 14 klst. í notkun og 6+ dögum í bið, nafna- og númerabirti, fjölradda tónum og 100 númera minni.

**VERÐ ▶ 8.490**



**MP3**

**INTENSO**

**Intenso MusicRunner**
MP3 spilari með 4GB minni. Spilar MP3 og WMA. Tónjafnari USB 2.0. Notar 1 x AAA rafhlöðu. Heyrnartól fylgja.

**VERÐ ▶ 4.990**



**JBL**

**JBL J55**
Kraftmikil heyrnartól með DJ 180 gráðu snúningi. 40 millimetra driver. 1,3 metra flöt snúra. Geymslupoki fylgir.

**VERÐ ▶ 12.990**



**Lenco**

**Lenco SCD24**
Lítið og nett ferðatæki með FM útvarpi og góðum geislaspilara.

**VERÐ ▶ 8.990**



**Panasonic**

**Panasonic SCPMX5**
2x60W RMS Full Digital samstæða með Digital iPod/iPhone vöggu. Pure Brilliant Sound. Bass & Treble Control. Útvarp. Klukka með vekjara og svefnrofa. USB og AUX tengi. 3 Way Bamboo Carcoal PP Cone hátalarar.

**VERÐ ▶ 74.990**



**PHILIPS**

**Philips MC147**
Lítil og nett samstæða með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.

**VERÐ ▶ 19.990**



**harman/kardon** **Bluetooth**

**Harman Kardon SoundstickWireless**
40w RMS margmiðlunar hátalarakerfi með MP3 og geislaspilara. 2 litlir 4 x 25mm hátalarar og 6" bassabox. HARMAN TrueStream Bluetooth þráðlaus tenging.

**VERÐ ▶ 43.990**

**Panasonic SCBTT100**
3D Blu-ray 2.1 heimabíókerfi með 520w RMS LincsD Digital magnara. 2 hátalarar og bassabox. 7.1 Virtual Cinema Surround Sound. 2D-3D conversion. High Definition 1080p @ 24fps myndgæði. P4HD. DTS-HD og Dolby TrueHD. DVD uppskölun í 1080p. ARC - Audio Return. VIERA Link/Deep Color/x.v.Colour. FM útvarp með 30 minnum. 2x USB, Optical, HDMI, Composite, RCA, DNLA tengi.



**Panasonic** Blu-ray Disc

**VERÐ ▶ 69.990**

**Panasonic SCBTT400**
3D Blu-ray 5.1 heimabíókerfi með 1000w RMS LincsD Digital magnara. 4 hátalarar og bassabox. PHL Reference Chroma Processor Plus - Gefur bestu BD OG DVD myndgæði. 7.1 Virtual Cinema Surround Sound. 1080p útgangur (x.v.colour, Deep Colour). P4HD. DTS-HD og Dolby TrueHD. DVD uppskölun í 1080p. Stafrænt RDS útvarp með 30 minnum. 2x USB, Optical, HDMI, Composite, RCA, DNLA tengi.



**Panasonic** Blu-ray Disc

**VERÐ ▶ 89.990**

## YAMHA RESTIO

4 LITIR Í BOÐI



**YAMAHA**

**Yamaha Restio**
Restio frá Yamaha hefur farið sigurför um heiminn enda er hér á ferð stílhrein og glæsileg hljóðlausn inn í hvaða rými sem er. Hægt er að fá Yamaha Restio í fjórum litum og er innbyggður geislaspilari, USB afspilun, FM útvarp og Ipod vagga.

Einnig fáanlegt með Bluetooth á 149.990.

**VERÐ ▶ 129.990**

## SOUNDBAR HEIMABÍÓKERFI

**YAMAHA**



**Yamaha YAS201BL**
Vandaður 160w soundbar með öflugum hljómburði. Þráðlaus bassahátalari með advanced YST II sem framkallar djúpan kröftugan bassa. Hægt að festa á vegg. Svartur háglans litur.

**VERÐ ▶ 89.990**

## HEIMABÍÓ MAGNARI



**harman/kardon**

**Harman Kardon AVR161**
5x85W heimabíómagnari með iOS Direct, Bluetooth og Intern 78W per rás. 6/8 ohms, 1kHz, <0.1% THD (5.1) Dolby TrueHD and DTS-HD Master Audio. Dolby Pro Logic /DPLII, Dolby Digital, DTS. USB, 5xHDMI tengi. USB, Optical, Digital coax, 2x RCA. HARMAN TrueStream fyrir Bluetooth. EzSet/EQ III auto-calibration. DLNA 1.5.

**VERÐ ▶ 79.990**




# TOSHIBA

**Toshiba 40L1353N**
40" Full HD Led sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T2/T/C móttakari. AMR 100 Active Motion & Resolution. Active Backlight Control. USB2.0, Scart, 3x HDMI, CI+, VGA tengi o.f.

**VERÐ 109.990**

# Góðar gjafir og Gleðileg Jól




## TOSHIBA

**Toshiba 32W1333N**
32" LED sjónvarp með 1366x768 punkta upplausn og Active Vision LCD. Innbyggður DVB-T/C móttakari. USB 2.0, Scart, 2xHDMI, Component, CVBS, DVB Ci og heyrnartólstengi. VGA og hljóð Inn.

**VERÐ 69.990**




## PHILIPS

**Philips 32PFL3208T**
32" Smart LED sjónvarp 1920 x 1080p upplausn. 100 Hz Perfect Motion Rate. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Smart TV með YouTube. 2x HDMI, 2 x USB. Skype möguleiki. EasyLink. App fyrir Android/Apple síma og spjaldtölvur.

**VERÐ 89.990**




## Panasonic

**Panasonic TXL42B6**
42" FHD IPS LED með 1920x1080p upplausn. Vreal Pro myndtækni. High Contrast filter. Stafrænn móttakari DVB-T+T2+C. USB margmiðlunarspilari. Scart, 2x HDMI, Composite og RCA tengi. Heyrnartólstengi. Optical út og CI rauf.

**VERÐ 119.990**




## Panasonic

3D gleraugu og snertipenni fylgja.

**Panasonic TXP50ST60Y**
50" Full HD 3D 1080p NeoPlasma sjónvarp með Vreal 3D Pro. 2D-3D conversion. Infinite Black Pro. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA Connect og opinn vafri. Wi-Fi. Skype. Háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari. iPhone/Android fjarstýringar app. 2x USB, 3x HDMI, kortalesari o.fl.

**VERÐ 299.990**



Bluetooth

## JBL

**FÆAT EINNIG RAUÐUR, BLÁR OG BLEIKUR**

**JBL FLIPBLACK**
Tveir öflugir 2 x 5W hátalarar með þráðlausri Bluetooth tengingu. Innbyggður hljóðnemi. 3.5mm jack tengi AUX. Li-ion hleðslurafhlaða. Straumbreytir og taska fylgja.

**VERÐ 19.990**



Bluetooth

## JBL

**JBL Charge**
Flottur þráðlaus hátalari með innbyggðum bassa sem skilar gæða hljómi. Bluetooth tenging fyrir þráðlaus samskipti. Innbyggð 6.000mAh hleðsluraflaða og hægt að hlaða spjaldtölvur eða síma gegnum USB.

**VERÐ 29.990**



## JVC

**JVC GZE105**
Háskerpu stafræn tökuvél með 2,7" LCD skjá og CMOS upptökuflögu. KONICA MINOLTA HD linsa. Power O.I.S titringsdeyfir. 40x optical aðdráttur og 200x stafrænn aðdráttur. iA Intelligent Auto. USB 2.0 og mini HDMI tengi. YouTube og Facebook upload.

**VERÐ 44.990**




**Þráðlaust tengi fylgir. Verðmæti 11.990**

24,2 Megapixla C-MOS myndflaga

## Nikon

**VR LINSA MEÐ HRISTIVÖRN**

**Nikon D3200KIT1855VR**
Stafræn SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 3, ISO 100-6400 (fer í 12800), 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl. Íslenskur leiðarvísir

**Nikon School námskeið fylgir.**






## SJÓNAUKAR Í MIKLU ÚRVALI





## EPSON SKJÁVARPI

Skjávarpi með 1024x768 upplausn og 2.800 ANSI Lumens birtu.

**VERÐ 119.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin




RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

## MERKISATBURÐIR

**1937** Japanski herinn hertekur Nanjing í Kína.

**1947** Breski togarinn Dhoon strandar undir Látrabjargi og er tólf mönnum bjargað við mjög erfiðar aðstæður.

**1981** Wojciech Jaruzelski lýsir yfir herlögum í Póllandi.

**1992** Vígt er nýtt orgel í Hallgrímskirkju í Reykjavík. Það er stærsta hljóðfæri Íslands og vegur um 25 tonn. Smíði þess kostar um 100 milljónir króna.

**1996** Fyrsta skóflustunga er tekin að Grafarvogslaug.

**2006** Þrír ítalskir verkamenn slasast við gerð Kárahnjúkavirkjunar þegar tvær járnbrautarlestar skella saman.

**ÞETTA GERÐIST:** 13. DESEMBER 1992

# Nýtt orgel vígt í Hallgrímskirkju

Nýtt orgel var vígt í Hallgrímskirkju í Reykjavík þennan mánaðardag árið 1992. Það var stærsta hljóðfæri á Íslandi á þeim tíma.

Orgelið er um 17 metrar á hæð, vegur um 25 tonn og í því eru 5.200 pípur. Smíði þess kostaði um 100 milljónir króna. Upphæðarinnar var að miklu leyti aflað með almennum samskotum og margar fjölskyldur tóku sig saman um að borga eina og eina pípu. Einnig létu margir minningargjafir um ástvini renna í orgelsjóðinn.

Þýska fyrirtækið Klais Orgelbau smíðaði hið volduga hljóðfæri og forstjórinn, Hans-Gerd Klais, kom til landsins við afhjúpun orgelsins sem fór fram 22. október. Hann lagði eyrun við leik Harðar Áskelssonar organista og lýsti því síðan yfir að hljómurinn væri eins og vonast hefði verið til.

Hallgrímskirkja er 74,5 metra há. Útlit og gerð orgelsins taka mið af byggingarstíl kirkjunnar. Orgelhúsið er tilkomumikið, enda á fjórum hæðum, smíðað úr eik og með tvöfaldan glervegg að baki. Gera þurfti nokkrar breytingar á kirkjunni til að hljómur orgelsins yrði fallegur.



---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**OLGA ÞORBJÖRG JÚLÍUSDÓTTIR**
**frá Tungufelli,**

sem lést 6. desember, verður jarðsungin frá Lundarkirkju laugardaginn 14. desember klukkan 12.00.

**Börn og fjölskyldur þeirra.**

---



†

Innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu, hlýhug og samúð við andlát okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**AUÐAR GÍSLADÓTTUR**
**Skólabraut 3, Seltjarnarnesi.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 13-E á Landspítalanum og starfsfólk og heimahjúkrunarþjónusta að Skólabraut 3 fyrir frábæra umönnun og hlýju.
Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

**Pála H. Jónsdóttir**
**Álfhildur H. Jónsdóttir**
**Dagbjört Jónsdóttir**
**Þórhallur Birgir Jónsson**
**Guðbrandur Jónsson**
**Walter Jónsson Ferrua**
**Þorlákur Guðmundsson**
**Sigurður Konráðsson**
**Ásthildur Alfreðsdóttir**
**Dóra Sólrún Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær sonur minn, bróðir, mágur og frændi,

**GUÐJÓN BJÖRGVIN KARLSSON HLEIN**
**Mosfellsbæ,**

lést á heimili sínu laugardaginn 7. desember.
Útför hans verður frá Garðakirkju mánudaginn 16. desember kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hlein. Söfnunarreikningur 0113-26-7052, kennitala 680172-0139.
Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hlein fyrir einstaka umönnun á liðnum árum.

**Þórunn Ragnarsdóttir**
**Sigurbjörg Karlsdóttir**
**Gísli S. Karlsson**
**Sigurgeir Karlsson**
**Maira Amanco**
**börn og barnabörn.**

---



Fullbúinn og kominn í kirkjugarð á
**aðeins 130.000 kr**
Einnig fáanlegur í öðrum litum
GranítSteinar
Helluhrauni 2 • 220 Hafnarfirði • Sími 544 5100


---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---

# Sigga Beinteins á hátíðlegum nótum

**Árlegir jólatónleikar Siggu Beinteins eru haldnir í Háskólabíói í kvöld og á morgun.**

„Ég er svo mikið jólabarn. Ég elska þennan tíma í kringum jólin," segir Sigríður Beinteinsdóttir, söngkona, en hún heldur sína árlegu jólatónleika, Á hátíðlegum nótum, í Háskólabíói í kvöld og á morgun klukkan átta.

„Þetta er fimmta árið í röð sem ég held tónleikana. Þeir verða með svipuðu móti og áður - ég hef reynt að hafa þá dálítið hátíðlega, eins og titillinn ber með sér, en aðallega vil ég bara að fólki líði vel," útskýrir Sigríður, en hún hefur meðal annars gefið út eigið jólalag í samstarfi við Pál Óskar, sem heitir Jólin koma með þér, og eina mest seldu jólaplötu á Íslandi, sem heitir Desember, sem er einmitt tuttugu ára í ár.

„Ég tala á milli laga og segi sögur og reyni að koma fólki í jólastemninguna," segir Sigríður jafnframt, en hún kemur til með að syngja lög á við Mót Betlehem, Jólin koma með þér, Senn koma jólin, Brú yfir boðaföllin, Ave Maria og fleiri klassískar jólaperlur í bland við nýrri jólalög.

„Ég vil að fólk hlæi og skemmti sér," segir hún. Ásamt Sigríði koma þau Egill Ólafsson, Guðrún Gunnarsdóttir og Valgerður Guðnadóttir fram.

„Ég er með alveg frábært lið söngvara með mér," segir Sigríður um gesti tónleikana í ár.

„Ég hlakka rosalega til," bætir hún við.

Uppáhaldsjólalagið sitt segir Sigríður vera Ó, helga nótt. „Það er í algjöru uppáhaldi," segir Sigríður, sem kemur einnig til með að syngja uppáhaldsjólalagið á tónleikunum.

Miðar á tónleikana seldust upp um miðjan október. „Því miður gefst ekki tími í aukatónleika í ár, en ef eftirspurning verður svona mikil á næsta ári líka er aldrei að vita hvað verður úr," segir Sigríður að lokum.

olof@frettabladid.is



**Á HÁTÍÐLEGUM NÓTUM Í FIMMTA SINN** Sigríður kemur fram á jólatónleikunum ásamt Agli Ólafssyni, Guðrúnu Gunnarsdóttur og Valgerði Guðnadóttur.
Fréttablaðið/Arnþór

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Skjóli,**
**áður Miðtúni 60, Reykjavík,**

lést 10. desember sl. Útför hennar fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 18. desember nk. kl. 15.00.

**Helgi H. Jónsson**
**Pétur Már Jónsson**
**Sturla Jónsson**
**Hugrún Jónsdóttir**
**Helga Harðardóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BERGÞÓR REYNIR BÖÐVARSSON**
**Fífilgötu 2, Vestmannaeyjum,**

lést þriðjudaginn 19. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Sigurlaug Vilmundardóttir**
**Marta Bergþórsdóttir**
**Ásgeir Sverrisson**
**Böðvar Vignir Bergþórsson**
**Bryndís Guðjónsdóttir**
**Ólafía Bergþórsdóttir**
**Vildís Bergþórsdóttir**
**Birgir Tómas Arnar**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær faðir okkar, unnusti, sonur og bróðir,

**BIRGIR GUÐNASON**
**Laugateigi 6,**

lést sunnudaginn 8. desember. Jarðsett verður frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 17. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarsjóð Umhyggju.

**Rúnar Örn Birgisson**
**Guðný Sara Birgisdóttir**
**Friðrik Björn Árnason**
**Hrund Jónsdóttir**
**Bára Þorsteinsdóttir**
**Guðni Magnússon**
**Guðni Guðnason**
**Sigurbjörg Hauksdóttir**
**Bryndís Guðnadóttir**
**Þorsteinn Marinósson**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR ÞÓRÐARDÓTTIR**
**Birkihvammi 21, Kópavogi,**

lést laugardaginn 7. desember á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 17. desember kl. 13.00.

**Inga Þóra Gunnarsdóttir**
**Halldór Jóhannesson**
**Snorri Steinberg Gunnarsson**
**Guðfinna Rósa Gunnarsdóttir**
**Halldóra Gunnarsdóttir**
**Einar Vilberg Þórðarson**
**Sævar Gunnarsson**
**Fe Daro Abellon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## JÓLAGESTIR BJÖRGVINS

**Jólatónleikar Björgvins Halldórssonar fara fram í Laugardalshöll á morgun kl. 16 og kl. 21. Margir þekktir tónlistarmenn koma fram með Björgvin á tónleikunum sem verða einstaklega tilkomumiklir. Þetta er í sjöunda skipti sem Björgvin er með sérstaka jólatónleika.**


Facebook Jólaleikur Parísartízkunnar

Á þorláksmessu munum við draga út einn heppinn þáttakanda sem vinnur okkar vinsælu kuldaskó með mannbroddum.




Vertu með í jólaleiknum og farðu inn á http://www.facebook.com/Parisartizkan.

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kryddhjúpuðum og fylltum hátíðarfugli með rósmarínsósu. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**HÁTÍÐARFUGL** Gómsæt fylling og rósmarínsósa fullkomna þennan hátíðarfugl. MYND/GVA

## KRYDDHJÚPAÐUR OG FYLLTUR HÁTÍÐARFUGL MEÐ RÓSMARÍNSÓSU

**1 hátíðarfugl u.þ.b. 2-3 kg.**
**Salt og nýmalaður pipar**

**FYLLING**
**200 g tilbúin brauðfylling, t.d. Herb Seasoned stuffing frá Pepperidge Farm**
**200 g alifuglahakk eða grísahakk**
**1 dl hvítvín**
**1 egg**
**Salt og nýmalaður pipar**
**Setjið allt í skál og blandið vel saman. Setjið síðan fyllinguna inn í fuglinn.**

**KRYDDHJÚPUR**
**100 g bráðið smjör**
**1 pakki Provencale frosin kryddblanda frá Findus**
**Blandið vel saman.**

*Losið haminn frá bringuskipinu með því að smeygja hendinni undir haminn og losa hann vel frá bringunni og lærunum. Hellið kryddsmjörinu undir haminn og kryddið allan fuglinn með salti og pipar. Bakið fuglinn við 180°C í u.þ.b. 2 klst. eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C.*

**RÓSMARÍNSÓSA**
**2 msk. olía**
**1 laukur, smátt saxaður**
**2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**
**2-3 rósmaríngreinar eða 1 msk. þurrkað**
**2,5 dl hvítvín**
**2,5 dl kjúklingasoð eða vatn og kjúklingakraftur**
**2,5 dl rjómi**
**Sósujafnari**
**40 g kalt smjör í teningum**
**Salt og nýmalaður pipar**

*Hitið olíu í potti og kraumið laukinn, hvítlaukinn og rósmarín í 2 mínútur án þess að brenna. Bætið þá hvítvíni í pottinn og sjóðið niður í sýróp. Þá er kjúklingasoði og rjóma bætt í pottinn og látið sjóða í 1 mínútu. Sigtið þá soðið í annan pott og þykkið með sósujafnara. Smakkið til með salti og pipar. Takið þá pottinn af hellunni og bætið smjörinu saman við. Hrærið þangað til smjörið hefur bráðnað. Eftir það má sósan ekki sjóða. Gott er að bæta smá soði úr ofnskúffunni í sósuna.*

*Berið fuglinn fram með sósunni og t.d. bökuðum litlum kartöflum og grænmeti.*




Jólagjöfin fyrir Bílaáhugamanninn

Aukahlutir

| Kastarar | Loftdælur | LED Kastarar |
|---|---|---|
| Verð kr. 27.990 | Verð kr. 8.490 | Verð kr. 17.990 |



Hjálmar

| Opnanlegir | Motocross | Lokaðir |
|---|---|---|
| Verð kr. 39.990 | Verð kr. 79.990 | Verð kr. 27.990 |



agv LAZER HELMETS

VDO Borgartúni 36 - 588 9747
www.vdo.is

VDO Offroad Line



www.nings.is



FYRIR PARTÝIÐ

Sushi-, spjót- og smáréttabakkar

NINGS

Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899

Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** Jólatónleikar verða á laugardag og sunnudag.

# GÓI KYNNIR Á JÓLATÓNLEIKUM SINFÓ

*Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar eru gríðarlega vinsælir og margar fjölskyldur láta þá aldrei fram hjá sér fara. Jólin koma með Sinfó.*



**GÓI** Að þessu sinni verður Gói, Guðjón Davíð Karlsson, kynnir á hinum vinsælu jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Mikið er lagt upp úr þessum tónleikum sem höfða til allra aldurshópa. Hátíðleikinn er í fyrirrúmi og leikin eru sígild jólalög auk þess sem börn og unglingar fá tækifæri til að sýna hæfileika sína.

Að þessu sinni verður Gói kynnir á tónleikunum. Ungir trompetleikarar þeyta lúðra sína með glæsilegu lagi Íslandsvinarins Leroys Anderson og nemendur Listdansskóla Íslands túlka Dans snjókornanna úr hinum sívinsæla ballett Tsjajkovskíjs, Hnotubrjótnum. Einsöngvarar jólatónleikanna, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Kolbrún Völkudóttir, ásamt kórstúlkum úr Langholtskirkju og Vox Signum, flytja úrval innlendra og erlendra jólalaga sem koma öllum í sannkallað hátíðarskap.

Í lok tónleikanna sameinast gestir í sal flytjendum og syngja Heims um ból með bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem hringir inn jólin. Það verður hátíðleg jólastemning í Eldborg um helgina.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447



**MATARHELGI** Eirný Sigurðardóttir (t.v.) er upphafsmaður markaðarins og skipuleggur ásamt Hlédísi Sveinsdóttur. MYND/GVA



**GÆÐAFRAMLEIÐSLA** Yfir 50 innlendir framleiðendur kynna framleiðslu sína um helgina. MYND/ÚR EINKASAFNI

# VEISLA FYRIR BRAÐGLAUKANA

**MATARMARKAÐUR** *Harpa verður vettvangur árlegrar matarveislu þar sem fjöldi innlendra framleiðanda kynnir og selur framleiðslu sína.*

Árlegur jólamarkaður ljúfmetisverslunarinnar Búrsins verður haldinn um helgina í Hörpu. Þar munu rúmlega 50 innlendir framleiðendur frá öllum landsfjórðungum kynna og selja framleiðslu sína. Markaðurinn, sem er sá stærsti sinnar tegundar hérlendis, hefur á skömmum tíma fest sig í sessi sem órjúfanlegur þáttur í jólahaldi íslenskra matargæðinga og hefur aðsókn á hann aukist ár frá ári að sögn Eirnýjar Sigurðardóttur, upphafsmanns markaðarins.

„Við byrjuðum árið 2011 í portinu hjá okkur í Nóatúni. Þá mættu tuttugu framleiðendur til leiks í brjáluðu vetrarveðri. Í fyrra hafði framleiðendum fjölgað í 42 og aðsókn gesta aukist mikið milli ára. Í ár verður sú nýjung að markaðurinn verður haldinn innandyra í Hörpu auk þess sem hann stendur nú yfir í tvo daga. Við ákváðum að flytja hann inn í ár þar sem veðrið er ótryggt á þessum árstíma fyrir útimarkað og einnig hefur framleiðendum fjölgað mikið. Auk þess má nefna að Búrið er að flytja út á Grandagarð eftir áramót þannig að segja má að við séum að stíga fyrstu skrefin í þeim flutningi.“ Auk Eirnýjar hefur Hlédís Sveinsdóttir komið að skipulagi markaðarins.

Gestir jólamarkaðarins geta smakkað á ótrúlega fjölbreyttri framleiðslu að sögn Eirnýjar. „Hér verður meðal annars boðið upp á ærpylsur, villt svínakjöt, tvíreykt hangilæri, birkisafa, sætreyktan ufsa, lífrænt bygg, heitreyktan makríl, makrílpestó og margt fleira.“

Markaðurinn var upphaflega skipulagður í tilefni hins alþjóðlega Terra Madredags en það eru Slow food-samtökin sem standa að honum. Þeim degi er ætlað að vekja athygli á ferskri og hreinni matvöru um allan heim að sögn Eirnýjar. „Markaðurinn hentar líka vel þeim sem eru að leita að nýjum hugmyndum fyrir jólamatinn en ekki síður fyrir aðventusnarlið, jólagjöfina og möndlugjöfina.“

### ÍSLENSKAR VÖRUR

„Hér verður meðal annars boðið upp á ærpylsur, villt svínakjöt, tvíreykt hangilæri, birkisafa, sætreyktan ufsa, lífrænt bygg, heitreyktan makríl og makrílpestó og margt fleira.“

### JÓLAMARKAÐURINN

***er á laugardag og sunnudag milli kl. 11-17 í Hörpu.***




Eva Ólöf Hjaltadóttir segir að sér hafi ekki liðið vel í langan tíma áður en hún kynntist Femarelle. „Ég er á lyfjum vegna sykursýki og sjúkdóms í skjaldkirtli. Ég þyngdist vegna lyfjanna, hef auk þess þjáðst af gigt með tilheyrandi verkjum. Mér fannst óþægilegt að vera innan um margt fólk og var farin að finna fyrir þunglyndi. Einnig átti ég erfitt með að vera í hávaða og var að einangrast gagnvart félagslífi. Núna hef ég tekið Femarelle inn í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn minn, fer í sund á hverjum degi, sæki félagsvist og bingó.“




# GÆÐAHÖNNUN Á NÝJUM STAÐ

**GUST KYNNIR** *Nýlega flutti GuSt verslun sína í nýtt húsnæði við Ingólfsstræti. Í versluninni er seld falleg hönnun fyrir sterkar íslenskar konur.*

Nýlega flutti hönnunarverslunin GuSt í nýtt húsnæði við Ingólfsstræti í Reykjavík. Undanfarin ár hefur verslunin verið staðsett á Laugavegi og í Bankastræti en þegar eigandi verslunarinnar, Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir fatahönnuður, fann húsnæði til sölu við Ingólfsstræti hugsaði hún sig ekki tvisvar um. „Hliðargöturnar við Laugaveg eru svo sjarmerandi og þar hafa margir hönnuðir komið sér fyrir innan um gallerí og litlar sérverslanir. Þetta er sams konar þróun og við höfum séð í stórborgum erlendis og lífgar mjög upp á stemninguna í miðbænum. Íslensk hönnun lifir mjög góðu lífi hér í miðbænum við hliðargöturnar og verslunin er áfram staðsett á besta stað, þar sem Laugavegur, Bankastræti, Skólavörðustígur og Ingólfsstræti mætast.“

Hönnun GuSt er ætluð sterkum íslenskum konum, að sögn Guðrúnar. „Íslenskar konur eru svo kraftmiklar. Við erum uppteknar við vinnu, heimilishald og tómstundir og viljum föt sem hægt er að nota bæði í vinnu og eftir vinnu, þægileg, falleg og tímalaus. Vörur mínar byggja á vönduðum efnum og eru hannaðar með það í huga að endast í langan tíma. Auk þess legg ég mikið upp úr skemmtilegum og óvæntum smáatriðum sem gera hverja flíka einstaka.“

Í dag verður jólaopnuninni fagnað með jólagleði milli kl. 18 og 20. „Við ætlum að bjóða gestum upp á léttar veitingar og ljúf jólalög. Snillingurinn Íris Sveinsdóttir verður með mér í kvöld en hún gaf nýlega út bókina Gleðilegt hár. Við munum því í sameiningu gefa konum ráðleggingar varðandi fötin og greiðsluna fyrir jólin.“



**STERKAR KONUR** Hönnun GuSt er ætluð sterkum íslenskum konum, að sögn Guðrúnar Kristínar Sveinbjörnsdóttur fatahönnuðar. MYND/PJETUR

### UPPLÝSINGAR

***Allar nánari upplýsingar um GuSt má finna á gust.is og á Facebook.***

# Snilld

S, C , Air, Mini ... þetta er allt snilld.



iPhone 5S
Snjallasti snjallsíminn frá Apple
**109.990 kr**



iPhone 5C
Llitaglaðir snillingar á góðu verði
**92.990 kr**



iPad Air
Léttari · Þynnri · Hraðari
**frá 89.900 kr**

iPad mini
Hann er knár þó hann sé smár
**frá 54.900 kr**

**JÓLATILBOÐ**



Macbook Air
128GB 12 tíma rafhlaða
**166.900 kr**

**JÓLATILBOÐ**



Apple TV 3
Netflix, Hulu+ m.m.
**19.900 kr**

## Einstakt úrval af aukahlutum fyrir Apple græjurnar þínar.

**Opið**
mán. - mið. 10-18.30
fim. 10-21
fös. 10-19
lau. 10-18
sun. 13-18

iStore
í Kringlunni

566 8000

istore.is

**Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og fagle ga þjónustu. Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfi- hömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.**












**BESTU VINIR** Hjónin Geir Gígja og Jónína Einarsdóttir með fjölskylduhundinn Ronju. Hugmyndin að vefsíðunni bestivinur.is vaknaði á ferðalagi með hundinn síðastliðið sumar. MYND/DANÍEL

# HVAR MÁ BESTI VINURINN VERA?

**HUNDAHALD** *Á nýju vefsíðunni* ***bestivinur.is*** *er hægt að fá upplýsingar um öll hundasvæði landsins auk fróðleiks, skemmtilegra myndbanda, upplýsinga um námskeið og hvar finna megi hundagistingu.*

Síðastliðið sumar vorum við fjölskyldan á ferðalagi um landið og hundurinn okkar með í för. Þá lentum við iðulega í vandræðum með hvar við mættum sleppa honum lausum. Mörg bæjar- og sveitarfélög hafa opnað sérstök hundasvæði þar sem hundar mega vera lausir en við rákum okkur á að upplýsingar um þessi svæði liggja ekki á lausu,“ segir Geir Gígja sem heldur ásamt konu sinni, Jónínu Einarsdóttur, úti vefnum tjalda.is þar sem er að finna upplýsingar um tjaldsvæði á landinu. „Okkur datt í framhaldinu í hug búa til vefsíðu þar sem hægt væri að finna öll hundasvæði landsins,“ segir hann og þannig vaknaði hugmyndin að vefsíðunni bestivinur.is.

Geir segir fólk almennt ekki mjög upplýst um þau hundasvæði sem eru í boði. „Við búum í Hafnarfirði og þegar við höfum hitt hundaeigendur og sagt þeim frá hundasvæðinu hér í bænum vita fæstir af því.“

Geir segir ekki hafa verið hlaupið að því að útvega upplýsingar fyrir síðuna. „Ég margsendi pósta á sum sveitarfélögin en ég held að ég sé kominn með öll svæðin,“ segir hann og vonar að sveitarfélögin sjái sér hag í að láta hann vita þegar ný svæði bætast við. „Ég veit til þess að slík svæði eru í vinnslu á nokkrum stöðum á landinu.“

Á vefsíðunni bestivinur.is er að finna kort sem sýnir hundasvæði á öllu landinu. „Höfuðborgarsvæðið stendur ágætlega, líkt og Austurland og ákveðinn hluti af Norðurlandi, en á Vesturlandi og Vestfjörðum er ekki að finna nein slík svæði,“ upplýsir Geir sem telur síðuna ekki síst gagnast hundaeigendum á ferðalagi.



Fleiri upplýsingar er að finna á síðunni. „Við höfum safnað saman lista yfir hundaþjálfara og -námskeið, hvar finna má pössun fyrir hundinn, annars vegar hótelpössun og hins vegar heimapössun. Við setjum inn fréttir og skemmtileg myndbönd af hundum og verðum auk þess með sérfræðinga sem skrifa pistla,“ segir Geir og lofar lifandi og skemmtilegum vef.

Hundur fjölskyldunnar heitir Ronja og er af labradorkyni. Hún er fyrsti hundur þeirra og Geir segir þau læra eitthvað nýtt af henni á hverjum degi. „Hún er þriggja ára, getur gert mann gráhærðan á köflum og er yndisleg þess á milli,“ segir hann hlæjandi. „Maður lærði ekki almennilega þolinmæði fyrr en maður eignaðist hund,“ segir hann kíminn.

■ solveig@365.is

**HUNDASVÆÐI**

Hægt er að finna öll hundasvæði landsins á **www.bestivinur.is** er að finna öll hundasvæði landsins. Fleiri upplýsingar má einnig finna undir bestivinur.is á facebook.

# SYNGJA Í KRINGUM LANDIÐ

*Söngvararnir Greta Salóme, Friðrik Ómar, Heiða Ólafs og Jógvan Hansen hafa verið á ferð um landið með jólatónleika sem þau kalla Jólin eru alls staðar.*

Tónleikarnir eru í kirkjum landsins en í dag verða þau í Egilsstaðakirkju kl. 20, á morgun kl. 16 í Norðfjarðarkirkju og í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði kl. 21. Á sunnudag troða þau síðan upp í Skálholtskirkju kl. 15 og í Selfosskirkju kl. 21.

Þetta er í fjórða sinn sem Friðrik Ómar ferðast um landið á aðventunni og hann segir að það sé ákaflega skemmtilegt og gefandi. Hann er í fyrsta skipti með þessum hópi. „Okkur hefur verið mjög vel tekið á öllum stöðum. Það myndast mjög góð stemning þar sem við komum fram og fólk er þakklátt fyrir svona jólatónleika á aðventunni,“ segir Friðrik Ómar. „Maður hefur stundum lent í því að vera veðurtepptur eða ekki komist á staðinn en núna hefur færðin ekkert spillt ferðalaginu. Við syngjum aðallega jólalög, gömul og ný, en síðan flyt ég Faðir vor, eins og ég geri á plötu minni,“ segir Friðrik Ómar enn fremur.

Efnisskráin er hátíðleg en í senn skemmtileg og því tilvalin fyrir alla fjölskylduna. Auk þeirra koma fram barnakórar frá hverjum stað fyrir sig.



**GÓÐUR HÓPUR** Jógvan og Friðrik Ómar fara um landið og syngja jólalög með þeim Gretu Salóme og Heiðu Ólafs. MYND/GVA



# Lífið

FÖSTUDAGUR
13. DESEMBER 2013

*Herramennirnir Kormákur og Skjöldur*
**KOMNIR MEÐ NÝJA HERRA-FATALÍNU** 2

*Hera Björk Þórhalls-dóttir söngkona*
**TÓNLEIKAR Í GRAFAR-VOGSKIRKJU** 4

*Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir*
**FATALÍNA MEÐ NORÐURLJÓSA-MYNDUM** 14



*Anita Briem*

## VIÐ EIGUM VON Á LÍTILLI DÖMU

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Grínistinn og fjölmiðlastjarnan Russell Brand hélt seinna uppistand sitt í Hörpu á þriðjudaginn. Sýningin ber heitið Messiah Complex. Íslendingar eru ólmir í grín ef marka má fjölda gesta sem lögðu leið sína í tónlistarhúsið. Þar mátti sjá **Jón Gnarr** borgarstjóra, Sunnu Ben, útvarpskonu á X-inu, og **Björk Guðmundsdóttur** tónlistarkonu. Þá mátti einnig sjá systurnar **Elínu**, Elísabetu og Sigríði Eyþórsdætur sem saman skipa hljómsveitina Sísý Ey, í góðu yfirlæti.









# Lífið

*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Marín Manda Magnúsdóttir**
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Constantine Paraskevopoulos
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**



Kormákur og Skjöldur.

## TÍSKA TÍÐARANDINN HENTAR HUGMYNDAFRÆÐI KORMÁKS OG SKJALDAR

***Fatahönnuðurinn Gunnar Hilmarsson hannar nýja og spennandi herrafatalínu með tvíeykinu Kormáki og Skildi.***

Herraföt eru bara eitthvað sem er í DNA-inu mínu og ég hef saknað þess að gera herraföt þar sem ég hef meira og minna verið að skoða blúndur og perlur undanfarin misseri fyrir Freebird," segir Gunnar Hilmarsson fatahönnuður. „Ég var fenginn til að vinna fyrir Kormák og Skjöld og ég veit ekkert skemmtilegra en að sitja fyrir hádegi og drekka kaffi með þeim og ræða lögun á tölum. Kaffið er ágætt en félagsskapurinn frábær," segir Gunnar. Hann segir samstarfið hafa verið til fyrirmyndar og að augljóst sé að þeir deili sömu ástríðu hvað varðar gæði, snið og söguna á bak við herrafatnað, sérstaklega áður en iðnaðarframleiðslan tók yfir. Gunnar segir tíðarandann henta einstaklega vel hugmyndafræði Kormáks og Skjaldar þar sem fyrirtækið sé byggt upp á skemmtilegum hefðum og gildum. „Áður fyrr entust föt svo lengi en hér í seinni tíð eru flíkur oft of hannaðar og menn eru bara orðnir eins og jólatré. Í dag vill fólk ákveðin gæði fyrir peninginn en það er eitthvað sem við leggjum mikið upp úr," segir hann. Nýja herrafatalínan var að mestu unnin úr ítölskum efnum og framleidd í Tyrklandi á sömu stöðum og Armani og Paul Smith láta framleiða sínar vörur. Kormákur Geirharðsson segir umræðurnar yfir kaffibollanum snúast um hvernig hægt sé að betrumbæta hönnunina og þróa grunnhugmyndina til að hanna gæðaflíkur, sem henta íslensku veðurfari, á skikkanlegu verði. „Við notum gömul snið og klassískar hugmyndir en það er alltaf eitthvert tvist í flíkunum. Okkur hefur fundist tweedefnið heillandi og við erum ótrúlega sáttir við þróunina á hönnuninni með samstarfinu við Gunna," segir Kormákur og bætir við: „Í skyrtulínunni okkar kennir einnig margra grasa en við höfum verið að prófa okkur áfram með þykkari efni þannig að skyrturnar henti jafn vel sem vinnuskyrtur."

Meira um nýju herrafatalínuna á Facebook undir Herrafataverzlun Kormáks og Skjaldar.



Kormákur, Skjöldur og Gunni.




Peysa – litir: svört - grá – drapp. Stærðir XS-S-M-L-XL
Hlíðasmári 8 - 201 Kópavogur – s. 6183022

## TAKTU ÞÁTT HÁRGREIÐSLULEIKUR LOKKA OG LÍFSINS

***Theódóra Mjöll Skúladóttir Jack hvetur fólk til að taka þátt í hárgreiðsluleik en stórir vinningar eru í boði.***

Nú er tíminn þar sem fólk er í hátíðarskapi og er að gera sig fínt fyrir jólin svo mér fannst tilvalið að búa til leik þar sem fjölskyldur gætu tekið þátt, sameinað skemmtilega samverustund og unnið til frábærra verðlauna í leiðinni," segir Theódóra Mjöll Skúladóttir Jack, höfundur nýju bókarinnar Lokkar. Theódóra Mjöll skrifaði bókina Hárið í fyrra en hún er hárgreiðslusveinn. „Ég held að fólki finnist einstaklega gaman að taka þátt í leikjum og mér þætti mjög gaman ef einhver nýtti sér greiðslurnar í bókinni minni."

Theódóra Mjöll segir leikinn vera einfaldan þar sem allir geta tekið þátt. Dæmt verður út frá útfærslunni á greiðslunni og sjálfri myndatökunni. „Hugmyndin þarf ekki að vera fullkomin en miklu máli skiptir að greiðslan sjáist vel, hvort sem um er að ræða uppsett hár, fléttur eða annað. Ég vona að sem flestir taki þátt því að það eru svo frábærir vinningar í boði."

***Leikurinn***

Gerðu fallega hárgreiðslu í þig eða litlu stelpuna, vinkonu eða fjölskyldumeðlim og taktu þátt í leiknum. Sendu myndina á Facebook-síðuna Lífið á Vísi eða í gegnum Instagram með því að merkja myndirnar með #lokkaroglifið eða sendu með tölvupósti á netfangið marinmanda@frettabladid.is. Myndirnar birtast á Vísi og úrslitin verða tilkynnt 20. desember.

Flottustu greiðslurnar að mati dómnefndar hljóta glæsilega vinninga en dæmt verður út frá gæðum hárgreiðslunnar og myndatökunni. Vinningslíkurnar aukast sé bakgrunnurinn stílhreinn og skemmtilegur.

***Glæsilegir vinningar fyrir 1. 2. og 3. sæti***

***Nánar um leikinn á Vísir.is***




Hugmynd að greiðslu úr bókinni Lokkar.



Theódóra Mjöll Skúladóttir Jack, höfundur hárbókarinnar Lokkar.




Farmers Market
ICELAND

WWW.FARMERSMARKET.IS

**FARMERS & FRIENDS** Verzlun • Hólmaslóð 2 • Grandi • 101 Reykjavík • S. 552 1960

# HEILSA TÍU GÓÐ RÁÐ FYRIR JÓLAMÁNUÐINN

***Hægt er að njóta allsnægta um jólin með góðri samvisku***

Desember er runninn upp, fullur af skemmtilegum uppákomum og veisluhöldum en jafnframt er þetta tímabil sem margir kvíða. Sérstaklega þeir sem eiga í baráttu við aukakílóin. Jólahlaðborðin, en margir fara á 2-3 slík í desember, auk aðventuveislanna í vinnunni og jólabakstursins heima geta skapað mikinn kvíða og stress fyrir einstakling sem er umhugað um að halda aftur af sér og passa upp á að neyta ekki of margra hitaeininga.

Félagsleg pressa frá vinum og vandamönnum um að smakka og vera með er mikil og gerir fólki erfitt fyrir. Mörgum finnst einnig erfitt að finna sér tíma til þess að mæta í ræktina og viðhalda heilbrigðum lífsstíl. Af hverju ættum við að hætta að næra og bæta líkamann? Ekki hættum við að tannbursta okkur þó að það sé mikið álag hjá okkur.


Tinna Arnardóttir.

***10 góð ráð fyrir jólamánuðinn***

**1.** Haltu þinni daglegu rútínu og ekki sleppa úr máltíðum yfir daginn.

**2.** Borðaðu mikið grænmeti og hreint gæðakjöt.

**3.** Passaðu skammtastærðirnar, notaðu lítinn disk, veldu á diskinn það sem þú telur hollt/betri kost.

**4.** Drekktu vel af vatni yfir daginn, vatn fyllir magann og eykur grunnbrennsluna.

**5.** Áfengi er hitaeiningaríkt, í einu rauðvíns- eða hvítvínsglasi eru um 110-130 hitaeiningar, ekki bæta á þig fljótandi og innihaldslausum hitaeiningum, vandaðu valið!

**6.** Skrifaðu niður raunhæf markmið í jólamánuðinum og límdu upp á ísskáp. Það heldur okkur betur við efnið.

**7.** Ef þú ert að fara í jólahlaðborð um kvöldið, borðaðu léttan hádegisverð, grænmeti og ávexti yfir daginn og drekktu vel af vatni.

**8.** Ekki fara í megrun, hreyfðu þig frekar meira.

**9.** Ekki halda að allt sé ónýtt þó að þú eigir einn slæman dag, það er 31 dagur í desember.

**10.** Passaðu magnið af óhollustunni sem þú setur í matinn þinn, það er hægt að minnka smjörið, sykurinn og hveitið sem við notum mikið í jólamánuðinum. Maturinn og kökurnar þurfa ekki að bragðast neitt verr og okkur líður betur í kjölfarið.



Eyþór Ingi, Hera Björk og Margrét Eir komu fram á tónleikum í Grafarvogskirkju.

# TÓNLEIKAR ILMUR AF JÓLUM Í GRAFARVOGSKIRKJU

***Gestir skemmtu sér konunglega á tónleikum Heru Bjarkar og félaga í Grafarvogskirkju.***

Standandi fagnaðarlæti urðu í lok tónleikanna Ilmur af jólum í troðfullri Grafarvogskirkju þar sem Hera Björk, Eyþór Ingi, Pétur Örn og Margrét Eir komu fram með stórkór Lindakirkju, gospelröddum og hljómsveit undir stjórn Óskars Einarssonar.

Flutt voru lög af nýrri plötu Heru, Ilmur af jólum 2, ásamt lögum af þeirri eldri sem kom út fyrir 13 árum. Til viðbótar voru sungin þekkt jólalög. Þá komu Eyþór Ingi og Pétur Örn fram og fluttu lagið Ég á líf, ásamt kórnum, gospelröddunum og hljómsveitinni svo fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna.

Eftir tónleikana myndaðist löng röð í áritun hjá Heru Björk sem flytur af landi brott fljótlega eftir áramót.


Óskar Einarsson var í miklu stuði.


Hera Björk og Pétur Örn í góðum gír.


# FLOTT FYRIR JÓLIN

20% afsláttur af öllum vörum um helgina




Kápur
Áður 24.990
Nú 19.990 kr.

Kjólar
Áður 14.990
Nú 11.990 kr.

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Sjá fleiri myndir á f






Sæt systkini í náttfötum.

# ÚLFUR OG YLFA NÁTTFÖTIN FRÁ ÍSLENSKA BARNAFATAMERKINU ÍGLÓ & INDÍ

***Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Ígló & Indí, segir mæður vilja hafa systkini í stíl, sérstaklega yfir hátíðirnar.***

„Hugsunin á bak við Ígló og Indí hefur verið að búa til föt sem börn hafa fulla hreyfigetu í, föt sem eru litrík og glaðleg með flottri grafík, því börn tengja svo mikið við myndir,“ segir Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Ígló & Indí. Hún segir að þær Helga hafi uppgötvað að foreldrarnir, einkum mæðurnar, hafi gríðarlega mikinn áhuga á að hafa systkini klædd í stíl, sérstaklega þegar kemur að sparifötum. „Við tókum þá ákvörðun fyrir tveimur árum að hanna sparilínuna okkar út frá svokölluðu „systkinakonsepti“ þar sem fötin passa saman fyrir börn á aldrinum 0 til 12 ára,“ segir Guðrún Tinna og heldur áfram: „Nú hafa náttfötin bæst í hópinn með eitt af uppáhaldsdýrunum okkar úr Ígló & Indí-heiminum, sem er ljónið, en þau fást bæði fyrir stelpur og stráka.“

Náttfötin fást í stærðunum 92/98 til 152/158 í verslun Ígló & Indí í Kringlunni eða í vefversluninni igloandindi.com.


Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Ígló & Indí.

IÐA

Stórvirkið **Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands** er komið út í tveimur bindum

Kynningarverð: 11.990 kr.
Fullt verð: 14.990 kr.

Tilboðið gildir til og með 19. desember.




Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík. Opið frá 9 - 22 alla daga

# TÍSKA JÓLA- OG ÁRAMÓTADRESSIÐ

***Hönnun frá Chloé, Sportmax, Kenzo og Alexander Wang á vinsældum að fagna í jólavertíðinni. Dragtir, stílhreinir jakkar, pils, silfur og leður er áberandi hjá mörgum hönnuðum í vetur. Jafnframt hafa rúllukragabolirnir skotist fram á sjónarsviðið á ný en þeir passa við einstaklega margt í fataskápnum hjá flestum. Að klæðast elegant kjól yfir hátíðirnar er þó án efa nokkuð sem margar konur velja að gera. Kjólarnir eru nú margir hverjir munstraðir og kvenlegir með sterkum línum yfir axlir. Ert þú búin að finna jóladressið í ár?***



**Kjóll:** FWSS
**Taska:** T by Alexander Wang
**Skór:** T by Alexander Wang
**Varalitur:** Film Noir frá MAC
**Hárefni:** Frizz Control frá Label.m
**Naglalakk:** Peace & love & OPI frá OPI



**Kjóll:** See by Chloé
**Hálsmen:** Kenzo
**Eyeliner:** Eye Kohl Fascinating frá MAC
**Augnskuggi:** Pro Longwear Paint Pot Clearwater frá MAC



**Rúllukragabolur:** FWSS
**Silkiskyrta:** FWSS
**Peysa:** Kenzo
**Leðurpils:** FWSS
**Varagloss:** Dazzleglass get rich quick frá MAC

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
GÓLFLAMPAR



Opið:
mán.-fös. kl. 9-18
Laugard. kl. 10-16
sunnud. kl. 12-16

3.995-
GÓLFLAMPI
Gylltur

9.995-
GÓLFLAMPI, TVÖFALDUR
Litir: Kopar og stál

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888



**Derhúfa:** Kenzo
**Rúllukragabolur:** FWSS
**Peysa:** Kenzo
**Stuttbuxur:** Kenzo
**Hanskar:** Sportmax



**Hattur:** Sportmax
**Rúllukragabolur:** FWSS
**Peysa:** Sportmax
**Buxur:** T by Alexander Wang
**Taska:** T by Alexander Wang
**Skór:** T by Alexander Wang

*Fatnaður Sævar Karl Hverfisgötu 6*
*Ljósmyndun Björg Vigfúsdóttir*
*Stílisti Erna Bergmann*
*Förðun Fríða María með MAC og Blue Lagoon skincare*
*Hár Fríða María með Label.M*
*Fyrirsæta Magdalena Sara Leifsdóttir*


INDISKA
KRINGLAN

# ANITA MEÐGANGA ER MEIRA UNDUR EN ÉG GAT ÍMYNDAÐ MÉR

***Anita Briem leikkona býr í Hollywood og hefur unnið hörðum höndum að frama sínum þar ytra. Á næstu vikum tekst hún á við stærsta hlutverk sitt hingað til, sem móðir. Lífið ræddi við Anitu um framann, brenglaða móðurímynd í Hollywood og draumabarnið sem er á leiðinni.***

Anita Briem býr í Los Angeles með grískættuðum eiginmanni sínum Constantine Paraskevopoulus. Í fjölda ára hefur hún sinnt leikkonuferli sínum en um jólin eiga þau hjónin von á frumburðinum. Anita segir meðgönguna vera stórbrotna reynslu og hlakkar til að kynnast litla englinum sínum.

*Til hamingju með óléttuna. Hvenær áttu von á þér?* „Takk fyrir. Ég er sett á 28. desember, svo hún gæti í rauninni komið hvenær sem er frá þessari stundu. Hún er orðin svo stór og sterk að hún ýtir líffærum mínum til miskunnarlaust. Þetta er allt alvöru núna. Litlir fætur potast upp í rifbein.“

***Hvernig hefur þér liðið á meðgöngunni?*** „Ég hef verið ótrúlega heppin. Ég fann fyrir smá ógleði fyrst en síðan bara smá þreytu einstöku sinnum. Ég get tekið mér 10 mínútna „djúpsvefns-kríu“ næstum því hvar og hvenær sem er. Þegar ég var í tökum á Fólkinu í blokkinni í sumar festi ég oft djúpan svefn á milli atriða, þá vissi enginn af þessu enn og allir héldu ábyggilega að ég þjáðist af drómasýki,“ segir hún og hlær.

## Þetta barn er kraftaverk

***Hefurðu fengið einhverja sérstaka löngun í mat á meðgöngunni?*** „Ég fæ ekki nóg af kornfleksi. Stundum vakna ég um miðja nótt að drepast úr hungri og verð að fara og fá mér kornfleks með ískaldri mjólk. Þetta er alveg orðið vandamál. Svo er ég frekar sjúk í ávexti og hangi stundum aðeins í ávaxtadeildinni í búðinni til að njóta ilmsins af ferskum fíkjum og ferskjum.“

***Er meðgangan eitthvað í líkingu við það sem þú bjóst við?*** „Ég er orðlaus næstum daglega yfir öllu því sem líkami minn er að gera. Þetta er margfalt meira undur en ég gat ímyndað mér. Svo hefur þetta líka verið ánægjulegra. Mig langaði lengi til að búa til barn en var mjög hikandi og áhyggjufull yfir að kippa mér svona af markaðinum. Ég hef unnið alveg rosalega hörðum höndum að mínum ferli til að geta klifið hærra og haft meira frelsi til að velja mér leikstjóra til að vinna með og verkefni sem hafa virkilega merkingu fyrir mig. Þó að ég hafi áorkað miklu er þetta allt ósköp brothætt. En þetta kraftaverk gaf mér þá gjöf að sleppa aðeins óttanum og kvíðanum. Maður fær bara að vera barnshafandi í fyrsta skipti einu sinni og ég ætla ekki að leyfa neinum að taka frá mér þá stórbrotnu upplifun.“

## Amerískt gjafaregn

***Hefurðu upplifað eitthvað óvenjulegt á þessum tíma?*** „Almenna kurteisi og tillitssemi sem maður finnur á allt annan hátt þegar maður er sýnilega óléttur. Svo upplifði ég alvöru amerískt „baby shower“. Vinkona mín hélt veislu fyrir mig og var hún líkust brúðkaupsveislu. Ég vildi endilega hafa bæði stelpur og stráka því ég hef alltaf verið mjög óttaslegin yfir þessum „barnasturtum“ sem þú sérð í bíómyndunum. Það eina sem ég bað um var að strákarnir mættu vera með og nóg væri til af áfengi svo við gætum nú haldið gott partí. Mamma kom ásamt Evu Ásrúnu, bestu vinkonu sinni, (sem var líka ljósmóðir mömmu og tók á móti mér) og þær héldu uppi stuðinu fram á kvöld með söng og kennslustund í íslenskum drykkjusiðum.“

***Veistu kynið?*** „Við eigum von á lítilli dömu.“

***Förstu í 3D-sónar sem er svo vinsælt?*** „Já, ég bað reyndar ekki um það en þeir gerðu það bara óumbeðnir. Fyrst um 20 vikur þar sem hún leit út eins og gamall krumpaður karl, og svo núna aftur nýlega þar sem dásamlega litla andlitið hennar og gígantísku varirnar hennar færðu foreldrum hennar mikinn létti og gleði. Við fengum meira að segja vídeó af henni í 3D þar sem hún er að naga á sér handarbakið. Þetta litla vídeó getur lyft hjartanu til tunglsins í hvaða kringumstæðum sem er.“

***Eruð þið hjónin búin að velja nafn? Kannski íslenskt nafn?*** „Við erum ekki búin að velja nafn ennþá en erum komin með nokkur í úrslit. Þetta er gríðarlega mikið ábyrgðarstarf. Það er mér mikilvægt að nafnið sé íslenskt og við viljum gjarnan finna nafn sem virkar bæði á íslensku og grísku þar sem barnsfaðir minn er af grískum uppruna. Svo þarf það líka að vera eitthvað sem auðvelt er að bera



Anita Briem er stórglæsileg verðandi mamma.

**NAFN** Anita Briem
**ALDUR** 31
**STARF** Leikkona
**HJÚSKAPARSTAÐA** Gift




## *Uppáhalds*

**MATUR**
Sushi, Dan Tanas steik, harðfiskur, silungur og íslenskt lamb. Grænkál, brokkólí og rauðrófur.

**DRYKKUR**
Malt er í uppáhaldi, kaldur bjór, grískt hvítvín, vatn og lífræn nýmjólk.

**VEITINGAHÚS**
Allir veitingastaðirnir í nýja hverfinu mínu.

**VEFSÍÐA**
thedailyshow.com til að byrja daginn hlæjandi og ruv.is til að horfa á Kastljós.

**VERSLUN**
Amazon.com, Free People, West Elm og The Pump Station.

**HÖNNUÐUR**
Harpa Einarsdóttir, Stella McCartney.

**HREYFING**
Ég er ónýt ef ég geri ekki jóga á hverjum degi.

**DEKUR**
Hand- og fótsnyrting. Stundum í kóreskt baðhús þar sem ég baða mig bæði í heitum pottum og ísköldum laugum til skiptis svo er allur líkaminn skrúbbaður í bak og fyrir af kóreskum konum í svörtum blúndunærfötum og að lokum er ég svo böðuð upp út mjólk. Einstaklega mögnuð reynsla.

***En óvissan fylgir svoldið þessu lífi sem ég hef kosið mér og ég verð bara að lifa lífinu af hugrekki en ekki í áhyggjukasti yfir hvað gerist næst. Það er hægt að sóa hálfu lífi í áhyggjur og missa af öllu því mikilvæga á meðan. Ég veit ég myndi sjá eftir því að lifa svoleiðis.***

## Myndaalbúmið





Haldið upp á 17 ára afmæli Katrínar systur minnar. Mynd tekin úr „baby shower“ veislunni. Anita Briem að leika í Fólkinu í blokkinni í sumar.

*Ég vil áorka hlutum sem hún getur verið stolt af. Mikilvægi þess að hún sé stolt af mömmu sinni heldur mér vakandi á nóttunni.*

fram á enskri tungu – sem sagt nærri ómögulegt. Við ætlum að halda því okkar á milli þangað til hún fæðist, og þá verður hún sú fyrsta sem heyrir nafnið sitt.“

### Einmanaleg ólétta í L.A.

***Ertu þá búin að vera á fullu í hreiðurgerð?*** „Við vorum að kaupa hús og erum þessa dagana að rífa niður veggi og leggja gólf. Mig sárlangar að byrja á alvöru hreiðurgerð, þvo og strauja fötin hennar og hengja upp gluggatjöld en það bíður í nokkra daga í viðbót. Nú eigum við allavega rosa sætan garð þar sem hún getur hlaupið um og haldið teboð í framtíðinni.“

***Hvernig er að vera ólétt í Hollywood?*** „Pínu einmanalegt. Engin af vinkonum mínum hér á börn. Ein var að láta frysta úr sér egg, hún er það næsta sem ég kemst að eiga vinkonu með barn. Stelpur hér bíða miklu lengur til að sinna framanum svo mér finnst ég svolítið einangruð hér. Umboðsmennirnir mínir og lögfræðingur voru ótrúlega ánægðir fyrir mína hönd og það var mikill léttir. Ég var hrædd um að þeir myndu halda að ég myndi vera svona amerísk mamma sem missir áhugann á vinnunni. Fólk hér veit ekki hvers konar sjálfstæði og töggur eru í íslensku kvenfólki.“

***Líta konur í Hollywood jafnvel öðruvísi á barneignir, nú þegar margir þekktir eru farnir að eignast fullt af börnum eins og Brad Pitt og Angelina?*** „Já, ég held að ímyndin hafi breyst frá því að það að eignast börn geri konur eldri og þær séu bara teknar af kjötmarkaðnum yfir í að það geri konur enn kvenlegri og kynþokkafyllri fyrir vikið. Í rauninni nær íslenskum hugsunarhætti, guði sé lof.“

***Talandi um framann, geturðu tekið þér almennilegt fæðingarorlof?*** „Það er ekkert til sem heitir fæðingarorlof í þessum bransa þar sem ég er bara ráðin í eitt verkefni eftir annað og ekki með fastan vinnuveitanda. Pínu erfitt að því leyti. En óvissan fylgir svolítið þessu lífi sem ég hef kosið mér og ég verð bara að lifa lífinu af hugrekki en ekki í áhyggjukasti yfir hvað gerist næst. Það er hægt að sóa hálfu lífi í áhyggjur og missa af öllu því mikilvæga á meðan. Ég veit ég myndi sjá eftir því að lifa svoleiðis.

Ég hef verið mjög meðvituð um að halda mér í góðu formi á meðgöngunni til að auðvelda mér að komast aftur í form. Það þarf að gerast ansi hratt og ég reikna með og stefni á að vera komin aftur í „action“ sirka mánuði eftir fæðingu.“



## *Meðgangan í myndum*


Komin **16 vikur** á leið.


**25 vikna** kúla.


**28 vikna** kúla.


**30. vika** og falleg kúla.


**32. vika.** Barnið vex og dafnar.


**36. vika.**




*Ég var hrædd um að þeir myndu halda að ég myndi vera svona amerísk mamma sem missir áhugann á vinnunni. Fólk hér veit ekki hvers konar sjálfstæði og töggur eru í íslensku kvenfólki.*

SOHO
MARKET
JÓLAVERÐSPRENGJA
12. - 24. desember
50%
AFSLÁTTUR
FATNAÐUR, TÖSKUR, SKÓR
OG SKART
SOHO MARKET | GRENSÁSVEGUR 8 | SÍMI 553 7300
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 12-18
FRÁ 16. DESEMBER OG FRAM AÐ JÓLUM FRÁ KL.12–22.
ÞORLÁKSMESSU KL. 12–23. AÐFANGADAG KL. 10–14.

### *Líkaminn tilbúinn að framkvæma*

***Varðandi fæðinguna, hvort heldurðu að verði fyrir valinu, náttúruleg fæðing eða hyggurðu á keisara eins og svo margar konur velja í dag?*** „Náttúrulega alla leið. Það hljómar kannski masókismalega en ég myndi alls ekki vilja missa af þessari upplifun. Hún sneri lengst af með hausinn upp og ég hafði miklar áhyggjur af að þurfa að fara í keisara en eftir löng samtöl og samningaviðræður við hana og alls konar daglegar apastöður sneri hún sér loksins. Nú er hún alveg þar sem hún á að vera, í viðbragðsstöðu, litla jólabarnið mitt. Ég ætla að fæða á Cedars Sinai-spítalanum en þeir eru sagðir vera með einhverja bestu fæðingaraðstöðu í heiminum. Ég er bara spennt að upplifa stund fyrir stund öll þessi kraftaverk sem líkami minn ætlar að fara að framkvæma.“

Anita var á Íslandi í sumar að leika í sjónvarpsþáttaröðinni Fólkið í blokkinni. Þá gafst henni tækifæri til að tilkynna fjölskyldunni góðu fréttirnar. „Íslendingar hafa miklu heilbrigðari hugsunarhátt gagnvart barneignum og fjölskyldu og ég naut þess virkilega að vera heima í þennan tíma.“ Eftir tökurnar á Íslandi var förinni heitið til Ástralíu að sinna öðru verkefni en fjármögnunin á verkefninu dróst og því eru tökur áætlaðar á næsta ári. „Ég gerði mitt besta til að þykjast vera vonsvikin við leikstjórann í símann en var dauðfegin í því það byrjaði að sjá á mér einmitt um þetta leyti, svona nokkrum vikum eftir tökurnar á Fólkinu. Ég hefði þurft að gefa það frá mér ef tökur hefðu haldist í sumar.“ Á næsta ári hefur Anita ráðið sig í þrjú verkefni en vill njóta þess að kynnast litla englinum sínum fyrstu mánuðina.

***Hafa framtíðardraumarnir breyst nú þegar þú ert að fara að takast á við stærsta hlutverk lífs þíns, að vera móðir?*** „Já, ég hef verið mjög hugsi um umhverfið. Langar að hún geti eytt ári hér og þar á Íslandi. Los Angeles er spennandi borg að mörgu leyti en hún er best þegar hún er jöfnuð út með íslenskri menningu svo hún litla dóttir mín fái alltaf jarðtengingu og finni í sálinni hvaðan hún kemur. Ég vil áorka hlutum sem hún getur verið stolt af. Mikilvægi þess að hún sé stolt af mömmu sinni heldur mér vakandi á nóttunni.“

### *Íslensk jól í útlöndum*

***Gætir þú hugsað þér að flytja aftur til Íslands nær fjölskyldunni?*** „Ég myndi vilja eyða meiri tíma heima nær fjölskyldunni, sérstaklega með litlu stelpuna mína. Ég veit ekki hvort ég myndi flytja til frambúðar. En lífið er alltaf að koma mér á óvart. Alltaf þegar mér finnst ég vita hvað kemur næst, snýst allt á haus og nýr kafli byrjar sem ég bjóst aldrei við. Vinnan er alltaf að fara með okkur um allar trissur og okkur hjónunum finnst gaman að ferðast og við erum ekki föst í einu umhverfi. Ég ólst upp í svoddan rokk og ról lífsstíl með foreldrum mínum að þannig líður mér best. Og þannig langar mig að kynna heiminn fyrir dóttur minni.“

***Hvernig verða jólin hjá ykkur?*** „Jólin okkar verða ósköp friðsæl og róleg vona ég. Við verðum bara tvö og bíðum eftir litla jólaenglinum okkar. Höfum verið á haus að gera upp nýja húsið okkar en vonandi getum við gírað aðeins niður í friðarjól núna. Mamma kom með malt og appelsín í síðustu heimsókn svo það situr alveg heilagt í ísskápnum til aðfangadagskvölds. Svo er ég að vonast eftir íslenskum jólamolum í pakkanum sem er á leiðinni frá mömmu.“

***Verða þau mikið öðruvísi en á Íslandi?*** „Við höfum alltaf haldið mjög íslensk jól. Það er vissulega meira sólskin hér en ég geri alltaf aðventukrans og kveiki á kertum á hverjum sunnudegi og hlusta á jólakveðjurnar á Rás 1 á Þorláksmessu eins og mamma gerir alltaf. Svo hlustum við á klukkurnar hringja inn jólin klukkan 18 á aðfangadagskvöld og messuna sem fylgir. Næst borðum við jólamatinn sem er venjulega hangikjöt og uppstúf en það má víst ekki vera á matseðlinum í ár. Svo eru kortin lesin og pökkunum sinnt áður en við göngum inn í nóttina með jóladisk Karlakórs Reykjavíkur. Mér finnst hátíðleikinn vera afar mikilvægur á jólum. Taka smástund til að staldra við og þakka fyrir allt sem ég hef.“

# í hátíðarskapi með Del Monte

Fullkomnaðu jólamatinn með niðursoðnum ávöxtum frá Del Monte




Del Monte® Quality

Del Monte® Quality

Ómissandi í forréttinn, aðalréttinn, eftirréttinn og baksturinn



Svava Halldórsdóttir, eigandi netverslunarinnar Brotherandsister.is







Fræga fólkið hefur verið mjög hrifið af úrunum frá WeWood en bæði Colin Firth og Paris Hilton eiga slík.

# SKART TÖFF ÚR Í ÞÁGU NÁTTÚRUVERNDAR

*Keyptu viðarúr í netversluninni brotherandsister.is og Skógræktin gróðursetur tré.*

Svava Halldórsdóttir hefur opnað nýja netverslun, Brother&Sister, sem selur einstök viðarúr. Verslunin leggur áherslu á umhverfisvernd og gróðursetur tré fyrir hvert selt úr. „Við erum í samstarfi við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar sem gróðursetur tré fyrir okkur í nafni verslunarinnar fyrir hvert selt úr. Úrunum fylgir GPS-netkóði sem vísar viðskiptavinum á staðsetningu trésins sem gróðursett hefur verið fyrir nýja úrið. Framleiðandur WeWood-úranna í Bandaríkjunum gróðursetja einnig eitt tré fyrir hverja sölu," segir Svava glöð í bragði. Úrin hafa vakið mikla athygli erlendis og hafa stjörnur á borð við Paris Hilton og Colin Firth sést með þau. „Við opnuðum um síðustu helgi og viðtökurnar voru rosalega góðar. Við erum langt komin með að klára fyrstu pöntunina og það lítur út fyrir að við þurfum að panta aftur fyrir jólin, sem kemur okkur ánægjulega á óvart," segir Svava. Árstíðirnar setja svip sinn á úrin og engin tvö eru nákvæmlega eins á litinn. „Það er mismunandi litur á viðnum og fer hann eftir því á hvaða árstíð viðurinn var nýttur í urasmíði. Úrin koma í endurnýttum umbúðum og allt kynningarefnið og nafnspjöldin okkar eru einnig prentuð á endurnýttan pappír."



Í netversluninni brotherandsister.is fást að auki skartgripir frá spænska fyrirtækinu Depeapa. „Hönnuður fyrirtækisins gerir allt sjálfur, endurnýtir tré í gerð skartgripa og fallegra hluta fyrir heimilið."

AUGLÝSING: AT-hús kynnir

# EITT VINSÆLASTA BRÚNKUKREMIÐ

**Módelfitnesskeppandinn Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir notar Brasilian Tan-brúnkukrem og vörur frá Jan Tana þegar hún keppir.**



Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir, einkaþjálfari í World Class, hóf að keppa í módelfitness árið 2009 og hefur síðan rakað til sín verðlaunum en hún er meðal annars Íslandsmeistari, bikarmeistari og heimsbikarmeistari í greininni.

Aðalheiður notar mikið af brúnkukremi til að ýta undir vöxtinn. „Það gerir vöðvana sýnilegri og er ein aðalástæðan fyrir því að það er notað jafn mikið í fitness og raunin er. Ég hef notað Brasilian Tan frá því ég var sextán ára og ber það á mig vikulega til að halda jöfnum lit og frísklegu útliti allt árið. Vörurnar frá Jan Tana nota ég svo í kringum keppnir," segir Aðalheiður sem hefur þegar hafið niðurskurð fyrir Arnold Classic í Ohio í febrúar en hún varð í öðru sæti á sama móti í fyrra. Aðalheiður stefnir ótrauð á toppinn en sigur myndi tryggja henni atvinnumannsskírteini í greininni.

Heildsalan AT-hús sér um innflutning á Jan Tana og er framleiðandi Brasilian Tan sem hefur verið fáanlegt í þrettán ár og verið mest selda brúnkukremið á markaðnum frá upphafi. Það er mikið notað af dönsurum, vaxtarræktarfólki og fólki sem notar brúnkukrem yfir höfuð.

AT-hús hefur styrkt Aðalheiði frá upphafi ferilsins. Hún segir Brasilian Tan rauðtóna en Jan Tana gultóna. „Jan Tana er aðallega hugsað fyrir keppendur en undir merkjum þess fást þó líka hefðbundin brúnkukrem, svipuð Brasilian Tan."

Þremur dögum fyrir keppni notar Aðalheiður Jan Tana Skin Prep en með því er líkaminn skrúbbaður hátt og lágt til að gera húðina jafna og hreinsa burt dauðar húðfrumur. Næstu daga er Jan Tana Fast Tan borið á í nokkrum lögum. Að lokum er Jan Tana Glaze sett yfir svo liturinn haldist og húðin fái ljóma. Ef eitthvað misferst er svo alltaf hægt að nota Glaze og svamp til að stroka út.



Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir snyrtifræðingur er Íslands- bikar- og heimsbikarmeistari í módelfitness.

Aðalheiður mælir hiklaust með vörunum frá AT-hús. „Þær lita ekki föt en komi slikja í ljósan fatnað fer hún auðveldlega úr í þvotti." Aðalheiður segir alls ekki ráðlegt að fara í ljós. „Kremin gefa mun betri árangur og fara miklu betur með húðina."



Hér er Aðalheiður með brúnkukrem og glans frá Jan Tana sem hún notar til að gera vöðvana sýnilegri.

Þess má geta að allir keppendur í Ungfrú Ísland 2013 notuðu Brasilian Tan og var Brasilian Tan-stúlkan valin í fyrsta skipti. Þá nafnbót fékk Hildur Karen Jóhannsdóttir. Brasilian Tan verður framvegis fáanlegt víðar en á Íslandi en nýlega var gerður samningur við Kris J. sem mun dreifa vörunni í Bretlandi. Eins liggur fyrir samningur við Skandinavian Tan. Nánari upplýsingar á www.heilsaogutlit.is.

Jan Tana fæst í Lyfju og Fjarðkaup og Brasilian Tan fæst í Hagkaup, Fjarðarkaup og apótekum.





Svona lítur Fimm mínútna förðun út. Kvöld-galaförðun með fölskum augnhárum. Dökk augu með grárri og „beige" skyggingu og rauðar varir.

# FÖRÐUN Á 5 MÍNÚTUM YFIR Í KVÖLDFÖRÐUN

*Kristín Stefánsdóttir, höfundur bókarinnar Förðun, skref fyrir skref, ráðleggur konum á besta aldri.*

- Þegar við erum komnar á besta aldur verðum við að huga að breytingum í förðun og leggja áherslu á aðra hluti, eins og að draga augun fram með skyggingu og forðast mikla liti. Nota frekar „smokey" förðun og er alveg tilvalið að nota fölsk augnhár sem eru hálf og mjög auðvelt er að setja sjálfar á með Duo-límí sem er sérstakt lím fyrir augnhár.
- Farðann eigum við að velja vandlega og muna að fá ráðgjöf um réttan lit sem hentar og nota fallega kinnaliti með ferskjulit til að ná fram frísklegu útliti eða sólarpúður og gott er að venja sig á að fara yfir skilin á eftir með farðaburstanum til að koma í veg fyrir skörp skil. Gott er að minnka púðurnotkun þar sem púður kallar fram allar fínar línur og nota það í hófi.
- Varalitinn eigum við að velja eftir okkar eigin tilfinningu og ekki láta ráðleggja okkur liti sem við notum ekki nema þetta eina skipti. Fjárfesta frekar í nýjum varalitablýanti sem breytir gamla góða varalitnum og glossi yfir.
- Jólaförðunin í ár eru dökk augu með „smokey" förðun og rauðar varir, klassískt jólaútlit sem allar konur geta notið, tilvalið að fá aðstoð við að finna sinn rétta rauða lit en allar konur eiga að geta fundið rauðan lit sem hentar þeim, því mismunandi styrkleikar og tónar eru til sem hægt er að velja úr.


ARMANDO TESTA
LAVAZZA
THE REAL
ITALIAN ESPRESSO
EXPERIENCE
FAVOLA CAPPUCCINO.
TRULY ITALIAN TASTE EFFORTLESSLY PREPARED.
Söluaðilar: Rafha, Víðir og Ormsson verslanir um allt land.
www.lavazzamodomio.com
A MODO MIO






Á flíkunum eru myndir af norðurljósunum. Fyrirsæta: Ásdís Svava Hallgrímsdóttir. MYNDIR/ ATLI MÁR HAFSTEINSSON

# TÍSKA NÝ FATALÍNA MEÐ LJÓSMYNDUM AF ÍSLENSKRI NÁTTÚRU Í VERSLANIR Á NÆSTUNNI

***Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir óskar eftir styrk fyrir fyrstu fatalínunni frá vörumerkinu Dimmblá.***

Ég stofnaði fyrirtækið mitt, Dimmblá, snemma á þessu ári og hannaði fyrstu fatalínuna með norðurljósin sem þema því þau eru glæsilegt sjónarspil í einstakri náttúrufegurð Íslands,“ segir Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Dimmblá.

Fatalínan kemur á markað innan skamms en hún varð að veruleika í samstarfi við landslagsljósmyndarann Sigurð Hrafn Stefnisson en ljósmyndir hans af norðurljósunum eru prentaðar á flíkurnar. „Það er mikill heiður að fá að nota myndir Sigurðar í fyrstu línu Dimmblár því hann er talinn meðal þeirra fremstu á þessu sviði á Íslandi,“ segir Heiðrún Ósk.

Hún segist bera mikla umhyggju fyrir íslenskri náttúru og telur mjög dýrmætt að Íslendingar eigi ósnortna náttúru. Verkefni af þessu tagi kostar skildinginn og því hefur Heiðrún Ósk óskað eftir aðstoð frá velunnurum til að greiða niður framleiðslukostnaðinn. Hægt er að styrkja verkefnið á hópfjármögnunarvefsíðunni Karolina Fund til 31. desember. „Þetta er frábær leið fyrir lítil fyrirtæki sem eru að hefja rekstur til að fjármagna verkefnin sín. Þeir sem styrkja Dimmblá um ákveðna upphæð geta valið sér flík úr nýju fatalínunni svo að þeir sem styrkja mig eru jafnframt að tryggja sér flík úr þessari fallegu fatalínu.“



Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Dimmblá.

***Hluti af ágóðanum af sölunni mun renna til Landverndar sem stendur vörð um íslenska náttúru.***

*Nánar um verkefnið á karolinafund.com og dimmbla.is*


**Allir fá þá eitthvað fallegt**

TAX FREE WORLDWIDE

**Fallegar gjafir og sérvara fyrir fjölskyldu og vini fást hjá okkur. Erum við gömlu höfnina í Reykjavík.**


Hönnuður: Hendrikka Waage


Hönnuður: Jón Ólafsson


Hönnuður: Linda Húmdís


Hönnuður: Varma


Hönnuður: Kristín Þ. Helgadóttir


Hönnuður: Sveinbjörg

**Geirsgata 5c | 101 Reykjavík | Sími: 522 777 | facebook.com/OldHarbourSouvenirs**

OLD HARBOUR souvenirs


## HEILSA

# HIMNESKT **BAMBUSNUDD** SEM DREGUR ÚR STREITU OG VEITIR VELLÍÐAN

Nýleg bambus-nuddmeðferð sem hefur notið mikilla vinsælda um allan heim er komin til Íslands.



Ágústa Kristjánsdóttir segir nuddið unaðslegt.

„Við fórum tvær til London á námskeið til að læra þetta nudd og vorum strax alveg heillaðar. Sjálf er ég sérstaklega hrifin af svona heitum meðferðum þar sem mér finnst þær vinna mjög vel á vöðvabólgu og stífum vöðvum. Hitinn er róandi og nuddþeginn nær djúpri slökun. Bambusnudd er einstök upplifun,“ segir Ágústa Kristjánsdóttir, eigandi snyrtistofunnar Ágústu.

„Nudd hefur verið notað í gegnum aldirnar til að vinna á meinum og viðhalda góðri heilsu. Í þessu nuddi mætast vestrænar og austrænar nuddaðferðir og útkoman er áhrifarík.“ Ágústa segir nuddþegann fá nudd á allan líkamann með heitum bambus sem gefur djúpt og áhrifaríkt nudd. Nuddarinn rúllar bambusnum eftir líkamanum með sérstakri tækni sem er afskaplega slakandi og róandi. Hitinn af bambusnum er róandi og nuddið sjálft er slakandi, sem dregur úr streitu og þreytu. Bambusinn örvar alla starfsemi líkamans og eykur súrefnis- og blóðflæði til húðarinnar. „Þessi meðferð er fyrir alla sem vilja fá jafnvægi á líkama og sál með djúpu og heitu nuddi, en þetta er líka góð dekurgjöf í jólapakkann,“ segir Ágústa.

Nánari upplýsingar um bambusnuddið er að finna á **snyrtistofanagusta.is.**

JS Watch co.
REYKJAVIK





# Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is




## Jökull Júlíusson

**ALDUR:** 23
**STARF:** Tónlistarmaður

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Mína yndislegu móður.

**En kysstir?** Ég kyssti kærustuna mína.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Þegar Danni bassaleikari mætti rakaður í morgun. Hann var búinn að heita því að raka ekki af sér skeggið (glerkuntuhýjunginn) út árið.

**Hvaða galla í eigin fari ertu búinn að umbera allt of lengi?** Líklega er það óþolinmæði, hún hjálpar víst ekki.

**Ertu hörundsár?** Já, líklega innst inn við beinið.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Nei.

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Ég virðist oft lenda í því að heilsa fólki sem tekur ekki eftir því og stend eins og fífl með útrétta höndina óþægilega lengi. Þetta veldur kjánalegri vanlíðan bæði hjá mér og viðstöddum sem taka eftir þessu.

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Já, einu sinni eða tvisvar.

**Tekurðu strætó?** Já, en ekki nógu og oft.

**Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag?** Ég er ekki persónulega á Facebook en hljómsveitin er með síðu og við reynum að vera virkir þar.

**Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?** Ætli ég heilsi ekki án þess að fólk heyri það eða taki eftir því og fari þá hjá mér.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Ég tala dönsku reiprennandi.

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Verða mér til skammar.

# HELGARMATURINN MEXÍKANSKT PICADILLO

*Sólveig Guðmundsdóttir rekur veitingastaðinn Culiacan og hefur alltaf haft áhuga á hollum og góðum mat. Hún kynntist mexíkóskri matargerð í Denver í Colorado þegar hún var að læra iðnhönnun. Hún segir fjölskylduna elska mexíkóskan mat sem gott er að eiga í ísskápnum að grípa í.*

**1 kg nautahakk (eða nauta- og grísahakk)**
**2 hvítlauksrif**
**1 stór laukur**
**2 dósir tómatar kubbaðir**
**2,5 dl nautasoð (vatn og teningur)**
**1 ½ dl rúsínur**
**1 ½ dl möndluflögur**
**2 msk. tómatpúrra**
**1 msk. kanill**
**1 msk. cumin**
**1 msk. kóríander**
**½ msk. chiliflögur**
**1 tsk. cayennepipar**
**1 ½ tsk. salt og ½ tsk. pipar**
**½ dl rauðvínsedik**
**Ferskt kóríander (má sleppa)**

Léttsteikið hakkið með lauknum og hvítlauknum. Setjið kryddin út í og steikið þau aðeins með hakkinu. Restinni af innihaldi er hellt út á og látið malla í ca. 30 mínútur. Dreifið ferskum kóríander yfir rétt áður en borið er fram (má sleppa). Þessi kássa er rosalega góð með tortillum. Hægt er að hafa t.d. ferskt salsa, sterka eða milda sósu, ost og sýrðan rjóma með. Svo er auðvitað æðislegt að hafa nachos og ostasósu með þessu. Uppskrift á culiacan.is.í




FALLEGAR JÓLAGJAFIR


Plötuspilari
59.900,-


Skúta
Verð frá 34.900,-


Hnöttur
19.900,-


Hauskúpupúði
8.900,-


Ljósmyndabækur


Silfurrefur trefill
14.900,-


Plötuspilari
39.900,-



Hljómplötur


Loftbelgur
Verð frá 3.900,-



Bréfapressa
3.900,-


Glerbox
4.900,-


Kanínuljós
7.800,-


Þvottabjörn
14.900,-

MYCONCEPTSTORE

Verslun: Innst í Dalbrekku ofan við Nýbýlaveg / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is




FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

# Veiðivörur.is

Síðumúli 37
581-2121

Reykjavík • Akureyri

Hafnarstræti 99
462-1977

# Þú færð jólagjöfina hjá Veiðivörum

## Munið eftir gjafabréfunum



Norfin Snjóþrúgur
Með Tösku
Jólatilboð: 27.990
Verð áður: 29.900



Vision Kura Vöðlujakkar
Verð: 44.990



Vision GT
Fluguveiðihjól
Verð: 41.990



Stangarhaldarar
með segul
Verð: 12.990



Neopran Vöðlur
Með Stígvélum
Jólatilboð: 22.990
Verð áður: 24.900



Norfin Mannbroddar
Með Keðju
Jólatilboð: 6.990
Verð áður: 7.900



Vision
Fluguveiðisett
Verð: 29.990



Vasaljós og höfuðljós í miklu úrvali
Verð frá: 1.990



Veiðikortið 2014
Verð: 6.900



Scarpa Ladakh
Gönguskór
Jólatilboð: 49.900
Verð áður: 59.995



Norfin
Lambúshetta
Verð: 4.990



Norfin
Arctic Moonboots
Jólatilboð: 19.990
Verð áður: 26.900



Norfin Camo
Expert Galli
Jólatilboð: 49.900
Verð áður: 59.900



Norfin Innan
undirfatnaður
Verð frá: 9.900



### Opið alla helgina !

Opið frá 10 til 22 í dag og á morgun.
Opið frá 13 til 17 á sunnudag.



Vision Loikka
Vöðluskór
Verð: 36.990



Norfin
Veiðihanskar
Verð frá: 4.990



A. Jensen
Tvíhendutilboð
Jólatilboð: 79.990
Verð áður: 102.700



Fluguhnýtingarsett
Verð: 14.990

Finndu okkur
á facebook
facebook.com/veidivorur

Skannaðu kóðann til að
heimsækja facebook
síðuna okkar.

WILLIAM JOSEPH · NORFIN® · VISION FLY FISHING · Badlands · SALMO

## BÍLAR & FARARTÆKI



**TILBOÐ 690.000.-**
FORD FOCUS.Árg.2005,ekinn 118.þ km,bensín,5 gírar,er á staðnum,100 % LÁN MÖGULEGT. Rnr.350751.S:562-1717.



**TILBOÐ 790.000.-**
KIA PICANTO EX.Árg.2005,ekinn aðeins 72.þ km,ný tímareim, sjálfskiptur,er á staðnum,100 % LÁN MÖGULEGT. Rnr.113679.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2011, ekinn 51 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.390.Fallegur og vel með farinn bíll Rnr.219445.



MERCEDES-BENZ Gl 320 cdi 4matic . Árgerð 2007, ekinn 139 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.890.1 eigandi og umboðsbíll vel útbúinn Rnr.219451.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

Bílás Bílasala Akranes



Renault Kangoo dísel, vsk.bíll 03/2005, ekinn 101 Þ.KM, Vetrar og sumard. Ný tímareim ofl. Verð 970.000. Rnr.119800.

**Bílasalan Bílás Akranes**
**Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilas**

bilfang.is S. 567 2000



**7 MANNA DIESEL !**
M-Benz GL 320 CDI DIESEL 05/2008 sjálfskiptur Bíll hlaðinn búnaði ! Gott verð 7990 !!!



**VERÐ MEÐ VSK !**
Ford Transit 350 Tourneo 05/2011 beinskiptur ek 70 þ.km klæddur kassi , burðargeta 1.4 tonn verð 4280 með VSK !!!



**SJÁLFSKIPTUR !**
Honda Jazz 1.4 LS 05/2007 ek 100 þ.km sjálfskiptur , Góð þjónusta Verð nú 1190 !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**




GE BÍLAR



**TILBOÐ 2.690.000-**
NISSAN X-trail diesel. Árgerð 2008, ekinn 128 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000- TILBOÐ 2.690.000. ath skipti góður bíll Rnr.760207.

**GE Bílar**
**Bolafæti 1, 260 Reykjanesbær**
**Sími: 420 0400**
**www.gebilar.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



HYUNDAI Terracan glx. Árgerð 2004, ekinn 172 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.990510. Verð nú kr: 1.190.000,-



KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.110921. 5.5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



KIA Sportage ex 4wd 112 hö disel. Árgerð 2005, ekinn 166 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.210061.



MERCEDES BENZ E 350 cdi 4matic . Árgerð 2010, ekinn 151 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.490.000. Rnr.160754. TILBOÐSVERÐ kr: 6.290.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



FORD Explorer Limited 4WD. Árgerð 2013, ekinn 14 Þ.KM,Mjög vel útbúinn. Verð 9.980.000.- Er á staðnum. Rnr.155461.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

100 bílar bílasala .is



DODGE Durango 4X4 SLT. Árg2007, ek 115-158 Þ.KM, bensín, sjálfsk, Leður, dráttarbeisli omfl, Flottir bílar, Ásett verð frá 2250-2490þkr, Rnr.150831. Erum með nokkra Durango á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



NEW HOLLAND TN75DA
Verð:3.890.000.- + vsk. Framlyfta, 2 glussasneiðar að framan og 2 að aftan. Lyftutengdur og fastur krókur að aftan. Vendigír-kúplingsfrír, Milligírar Ekinn: 5156 tíma Árgerð: 29.11.2004 maggi@metanbill.is S:694-9999



Suzuki Liana 4*4, árg. ,06. Ekinn 95þ. Ásett verð 1170þ. Tilboð 940þús. S. 8572349.

## 250-499 þús.



Wv póló árg 03 fimm dyra grá sans vél 1,2 beinsk ek 114 þús topp bíll verð 485 gsm 8682352



**GULUR SPARIBAUKUR - 250 ÞÚS!**
VW POLO 1.0 árgerð 2001 ek.140 þús, 3ja dyra, beinskiptur, cd, ný skoðaður! eyðir mjög litlu um 5ltr/100 ásett verð 450 þús TILBOÐ 250 þús s.841 8955

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 550 ÞÚS 100% VISALÁN**
DODGE STRATUS 2,4 árg 2003 ek.81 þús m. sjálfskiptur, skoðaður 14 ný vetrardekk,fallegur og góður bíll, ásett verð 850 þús TILBOÐ 550 ÞÚS möguleiki á 100% visa/euro s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**!!! 0-300ÞÚS STAÐGREITT !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 300þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir

VAKA



**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
**Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## fasteignir

# LANDMARK
FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**

**Landmark leiðir þig heim!**



| Magnús Einarsson | Sigurður Samúelsson | Sveinn Eyland | Íris Hall | Þórarinn Thorarensen | Kristberg Snjólfsson | Eggert Maríuson | Haraldur Ómarsson | Sigurður Fannar Guðmundsson | Benedikt Ólafsson |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Löggiltur fasteignasali | Löggiltur fasteignasali | Löggiltur fasteignasali | Löggiltur fasteignasali | Sölustjóri | Sölufulltrúi | Sölufulltrúi | sölufulltrúi | Sölufulltrúi | sölufulltrúi |
| Sími 897 8266 | Sími 896 2312 | Sími 690 0820 | | Sími 770 0309 | Sími 892 1931 | Sími 690 1472 | sími 845 8286 | Sími 897 5930 | Sími 661 7788 |

# 100% þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

## Húsaviðhald




**STRÚCTOR BYGGINGAÞJÓNUSTA EHF.**
Flísalagnir - Múrverk - Flotun. Áratuga reynsla. Porsteinn s. 893 6994

## Nudd

**DESEMBER TILBOÐ NUDD.**
Opið öll kvöld til kl. 21 til jóla. Nuddstofan Jera S. 659-9277

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 868 7204.




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is






Þjóðlagagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



**FALLEG KVÖLDLJÓS**
Mikið úrval af fallegum saltkristalslömpum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau 12-15 Sími 517-8060. www.ditto.is

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Hljóðfæri

Mjög vel með farinn Yamaha Flygill (190 cm) til sölu. Einnig til sölu lítið notað píanó. Uppl. í s. 899 3133.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla



## skemmtanir


BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:

LAUGARDAGURINN 14. DES
12:35 MAN. CITY - ARSENAL
14:50 EVERTON - FULHAM
14:50 CHELSEA - CRYSTAL PALACE

SUNNUDAGURINN 15. DES
13:20 ASTON VILLA - MAN. UTD.
15:50 TOTTENHAM - LIVERPOOL



STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu


## til sölu


lífrænt fyrir húð & hár

TILEINKAÐU ÞÉR HEILBRIGÐARI & LÍFRÆNNI LÍFSSTÍL

Green People eru margverðlaunaðar lífrænar snyrtivörur í dömu-, herra-, unglinga- og barnalínu. Þegar þú notar Green People ert þú sannanlega að nota hreina náttúrulega vöru og ert skrefi nær lífrænum lífsstíl fyrir þig og fjölskyldu þína.

Green People fæst m.a. í öllum verslunum Heilsuhússins, Heilsutorgi Blómavals, Víði Garðabæ og Heimkaup.

Green People vörurnar eru ekki prófaðar á dýrum og innihalda aldrei: Sodium lauryl/laureth sulphate, parabens, phthalates, propylene glycol, alcohol (ethyl alcohol, ethanol) & petrochemicals



Sala og dreifing: Ditto ehf. Smiðjuvegi 4, Kópavogi
www.facebook.com/GreenPeopleIslandi

GREEN PEOPLE
Organic Lifestyle


## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott nudd, heilnudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Til leigu 3ja herb. íbúð í Funalind, Kópavogi - Laus til afhendingar strax. Langtímaleiga. Verð 185þús per/ mán + hússj. og rafm. Uppl. sendist á ibudfunalind@gmail.com

### Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

26fm upphitaður bílskúr til leigu í Hólahverfi 111. laus strax. Uppl. í s. 893 2217 eða 557 4067 milli 17-19.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Eld Smiðjan ENGRI LÍK!

**ELDSMIÐJAN Á SUÐURLANDSBRAUT**
Ertu spriklandi, lifandi, elskar krefjandi umhverfi þar sem fullt af duglegu fólki er nú þegar og hefurðu reynslu af PIZZUbakstri? Erum með hlutastörf í boði fyrir reynda bakara.
Sæktu um á
http://umsokn.foodco.is

### Atvinna óskast

**TANNLÆKNAR ATH**
Reynslumikil klínka ó.e ca 87.5-100% starfi. Æskilegur vinnutími er 8-15 / 8-16. Get byrjað strax. Uppl. 8467260


STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

Félag Fasteignasala



Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

INHOPE insafe SAFT


Besta svarið
KOMIÐ Í VERSLANIR
SECURITAS
TACTIC
Besta svarið
Vinir þínir svara – þú velur rétta svarið!
Jim Carrey
Jón Gnarr
Homer Simpson
LOKSINS Á ÍSLANDI VERÐLAUNA SPILIÐ BESTA SVARIÐ
EINFALT OG SKEMMTILEGT
MÖNDLUGJÖFIN - JÓLASPILIÐ - PARTÝSPILIÐ
GOLDEN GEEK AWARD
MYNDFORM



**2 | KL. 19:50 LOGI Í BEINNI**

Gestir Loga í kvöld verða þau Ólafur Darri Ólafsson, Svala Björgvinsdóttir, Óttar Norðfjörð og Ásdís Rán Gunnarsdóttir. Flytjendur tónlistar verða Ragnheiður Gröndal, Svavar Knútur, Kristjana Stefáns, Baraflokkurinn og Mammút.

# Skemmtilegt föstudagskvöld



**2 | KL. 07:00/17:40**

SVEPPI OG VILLI BJARGA JÓLASVEINUNUM

Jólasveinarnir eru í vanda staddir þegar Sveppi og Villi koma þeim til bjargar.



**2 | KL. 19:25**

POPP OG KÓK

Unnur Eggertsdóttir fjallar um allt það nýjasta á sviði kvikmynda- og tónlistar.



**BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00**

CONTRABAND

Endurgerð íslensku myndarinnar Reykjavík Rotterdam með Mark Wahlberg í aðalhlutverki.




**Krakkastöðin | KL. 19:00**

ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU

Ævintýrið um Öskubusku hefur nú verið stílfært yfir á dýrin í villta vestrinu.



**3 | KL. 20:30**

SUPER FUN NIGHT

Þrjár klaufalegar vinkonur eru staðráðnar í að láta ekkert stoppa sig í að leita að fjöri á föstudagskvöldum.



**3 | KL. 20:55**

X-FACTOR USA

Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn.

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | 2 | 8 | | 1 |
| | 1 | 8 | | | 6 | 7 | 2 | |
| | 7 | 3 | | 9 | 1 | 4 | | |
| | | 5 | | | | 1 | | 3 |
| | 6 | | | | | | | |
| 9 | | 1 | 6 | 5 | 7 | | | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | | 2 | 1 | 4 | | | 7 |
| | 9 | | 3 | 8 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 4 | | | | 9 | 3 | |
| 9 | 5 | | | 4 | 1 | | 7 | |
| | | 3 | | 6 | | | 5 | |
| | | 5 | | | | | | |
| | | | 9 | 5 | | | | 2 |
| 2 | | | | 3 | 6 | | 4 | |
| 1 | 9 | 2 | | 8 | | | | |
| | 6 | 8 | | | | 7 | | |
| 5 | | | | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | | | | 7 | | 5 | |
| 9 | | 7 | 2 | 6 | | | | |
| 2 | 4 | | | | | | | 7 |
| | 2 | 9 | 4 | | | 5 | | 3 |
| | 6 | 8 | 9 | | | | | |
| | | | | | 3 | | | |
| 4 | 5 | | 8 | | | 7 | 3 | |
| | | | 5 | | | 9 | | 4 |
| | | | | 3 | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 3 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 7 |
| 4 | 9 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 |
| 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 | 5 | 3 | 2 |
| 9 | 2 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 6 | 5 | 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 6 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 9 |
| 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 7 | 6 | 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 2 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 4 | 7 | 6 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 8 | 7 | 5 | 4 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 1 | 9 | 8 | 5 |
| 6 | 3 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 4 | 5 | 7 | 6 | 1 | 3 | 8 |
| 3 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 | 2 | 7 | 4 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 5 | 9 | 3 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 | 5 |
| 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 9 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 | 4 | 3 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 7 | 6 | 5 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„70% af öllum árangri í lífinu næst með því að mæta á staðinn.“**

*- Woody Allen*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** bauti, **6.** í röð, **8.** duft, **9.** háttur, **11.** gelt, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** pot, **17.** til viðbótar, **18.** næði, **20.** tveir eins, **21.** svara.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** umhverfis, **4.** peningagræðgi, **5.** hamfletta, **7.** tónsvið, **10.** loft, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** pota, **19.** sjúkdómur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** áb, **8.** mél, **9.** lag, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** ískra, **16.** ot, **17.** enn, **18.** tóm, **20.** dd, **21.** ansa.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** barítón, **10.** gas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** ota, **19.** ms.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Guðmundur Gíslason (2318) vann skiptamun af enska skákmanninn Jon S. Friedland (2089) laglega í 4. umferð í FIDE Open-móts London Chess Classic hátíðinnar.**

**Hvítur á leik**



23. Dxc6! Dxc6 24. Rg5+ hxg5 25. Bxc6 Hee7 26. Bxe7 Hxe7. Hvítur er skiptamun yfir og vann skákina eftir smá barning. Guðmundur hafði 3½ vinning eftir 5 umferðir en Oliver hafði 3 vinninga. Á aðalmótinu tefla m.a. Kramnik og Anand.

**www.skak.is.** Friðriksmót Landsbankans fer fram á morgun.


JÓLAGJAFIR - JÓLAFÖTIN
MIKLU BETRA VERÐ
TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA
ATH!
JÓLASVEINUM ER VELKOMIÐ AÐ VERSLA HJÁ OKKUR.
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR AF UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA!*
JÓLAGJAFIR FYRIR ALLA
NÝ SENDING AF GLÆSILEGUM KULDASKÓM Á DÖMUR
SPARISKÓR Á ALLA FJÖLSKYLDUNA
HERRASKYRTUR
HÚFUR OG HANSKAR FYRIR ALLA
JÓLAHANDKLÆÐI
JÓLASERVÍETTUR Á KR. 99
*OUTLETVERÐ GETA NUMIÐ ALLT AÐ 80% AFSLÆTTI FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI VERSLANA.
STÆRSTA OUTLET LANDSINS!
KORPU OUTLET
Fylgstu með okkur á Facebook!
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400
Rabandi - auglýsingastofa ehf

markhönnun ehf

nettó
í JÓLASKAPI

# JÓLABÆKLINGURINN ER KOMINN Í HÚS

– FULLUR AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM




NÝTT KORTA-TÍMABIL!

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




# JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
BORGARNESI | EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI
MJÓDD | GRANDA

OPIÐ 6. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið










**Tilboðin gilda 12. - 18. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.





INNIHALD
300 g hunangsmúslí
80 g smjör
Gevalia espressó (bolli)
100 g sykur
450 g Philadelphia-ostur
2 egg
Cadbury kakóduft
hindberjaþykkni

AÐFERÐ
Myljið saman múslí, bráðið smjör og ½ espressó. Þrýstið blöndunni í botninn á 24 sm smelluformi. Þeytið saman Philadelphia-ost, egg og sykur. Setjið blönduna ofan á múslíblönduna.

Bakið við 160 gráður í 50 mínútur.

Geymið kökuna a.m.k. 4 klst. í kæli áður en hún er borin fram. Einnig er hægt að bera kökuna fallega fram í litlum kökumótum og strá kakódufti yfir. Berið fram með hindberjamauki.

HOLLUSTA OG HIMNESKT BRAGÐ



**SJÚK Í GRÆNLAND** Heiðrún getur ekki beðið eftir að komast aftur til Grænlands.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**„Það eru einhverjir töfrar þarna sem eru eiginlega ólýsanlegir. Það er eins og bindist í mann einhverjar taugar sem eru óslítanlegar.**

# Hélt í óvissa ævintýraleit til Grænlands

**Heiðrún Ólafsdóttir er tilnefnd til Fjöruverðlaunanna fyrir ljóðabók sína Af hjaranum. Í ljóðunum lýsir hún veru sinni á Grænlandi, veru sem hún segir hafa haft djúp og varanleg áhrif á sig. Þar var þó ýmislegt sem kom henni á óvart.**

„Mér bauðst að fara til Grænlands og vinna þar í tvo mánuði árið 2010, sagði upp góðu stöðunni minni í stóra fyrirtækinu og hélt út í óvissuna í ævintýraleit," segir Heiðrún Ólafsdóttir um tildrög Grænlandsferðarinnar sem hún lýsir í ljóðunum í Af hjaranum. „Ég fór að vinna sem kokkur á steikhúsi bæjarins Sisimiut, sem er næststærsti bær Grænlands með 3.600 íbúa."

Veran í Sisimiut hefur greinilega haft djúp áhrif á Heiðrúnu ef marka má ljóðin í bókinni. „Já, þetta hafði mikil áhrif," viðurkennir hún. „Og einkennileg. Eins mikið og mig langaði að komast í burtu á meðan ég var þar, þá hef ég verið alveg sjúk í Grænland síðan ég kom þaðan og get ekki beðið eftir tækifæri til að komast þangað aftur."

Hvað er svona heillandi? „Það er erfitt að útskýra það, en það eru einhverjir töfrar þarna sem eru eiginlega ólýsanlegir. Það er eins og bindist í mann einhverjar taugar sem eru óslítanlegar. Það er ekkert áþreifanlegt sem bindur mann; ég get ekki sagt að það sé fólkið, landslagið, tíðarfarið eða neitt eitt, það verður bara til einhver galdur. Og ég veit að ég er ekkert ein um þá upplifun."

Heiðrún segir Sisimiut eiginlega vera stórborg á grænlenskan mælikvarða, þar sé spítali, menntaskóli og allar græjur, eins og hún orðar það. Miðað við bókina hafði hún ákveðna fordóma gagnvart Grænlendingum áður en hún fór og hún gengst alveg við þeim. „Já, ég held ég verði að viðurkenna það," segir hún dræmt. „Maður fær eiginlega bara neikvæðar fréttir frá Grænlandi, um heimilisofbeldi eða drykkjuskap eða einhvers konar ósætti. Maður fær aldrei gleðilegu fréttirnar þaðan. Þess vegna kom mér gleðin í fólkinu þar á óvart, það eru allir svo glaðir og hamingjusamir, þrátt fyrir allt. Vissulega sá maður margt ömurlegt, til dæmis er



**GRÆNLAND**

næststærsta húsið í bænum barnaheimili fyrir börn sem hafa verið fjarlægð af heimilum sínum, þannig að undirtónninn er alltaf svolítið sorglegur og dapur. En gleðin er samt mest áberandi, svo furðulega sem það hljómar."

Og Grænlendingar hafa ekki verið haldnir fordómum gagnvart þér? „Ekki eftir að þeir komust að því að ég væri Íslendingur, nei. Fyrst héldu allir sem ég var að vinna með að ég væri Dani og fáir yrtu á mig fyrr en þeir fréttu að ég væri íslensk. Ætluðu sko ekki að fara að tala við enn einn Danann sem væri kominn til að breyta lífi þeirra."

Heiðrún segir það hafa komið sér mest á óvart hversu mikil stéttaskipting sé ríkjandi á Grænlandi. „Það eru mörg lög. Danir fæddir á Grænlandi tróna efstir, eða setja sig þar eiginlega sjálfir, síðan er það grænlenska elítan sem á nánast allan bæinn og ég var að vinna hjá. Þau eiga alla veitingastaðina í bænum, reka strætókeyrsluna, byggingafyrirtækin, fatabúð og eiginlega bara allt. Það var mjög skrítið að upplifa það."

Af hjaranum er önnur ljóðabók Heiðrúnar og hún gefur hana út sjálf, kom tilnefningin henni á óvart? „Já, hún kom mér svolítið á óvart. Einhvern veginn finnst manni þessi bransi vera ofboðslega forlagsbundinn. Þannig að ég upplifi tilnefninguna dálítið sem sigur litla mannsins, ekki bara sem höfundur heldur líka sem útgefandi. Það vekur hjá mér von um breytta tíma í útgáfumálum. Fyrst og fremst er tilnefningin þó mikill heiður fyrir mig sem ljóðskáld og ég er mjög ánægð með hana."

fridrikab@frettabladid.is

## Mál

*Smátt og smátt hefur þú lært einstaka orð og þykist vera farin að þekkja nokkrar algengar gerðir setninga. Þannig kemstu smám saman inn í glaðværðina. En auðvitað skilur þú ekki bofs þegar allt kemur til alls.*




# „DÚNDURÞRILLER"

*„Yrsu er lagið að skapa drungalega stemningu ... [heldur] lesandanum á tánum með getgátum, allt til enda."*

Þ.Þ. FRÉTTATÍMANUM

„**Hörkuspennandi** bók ... vel plottuð og það er margt sem kemur á óvart ... **Yrsa eins og hún gerist best** ... Lokin eru rosaleg ... rígheldur ... dúndurþriller ... **með hennar bestu bókum.**"

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

# Umfangsmestu bókmenntaverðlaunin

Níu bækur hlutu í vikunni Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana. Þetta er í 14. sinn sem verðlaunin eru veitt.

Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana voru veitt í 14. sinn frá árinu 2000 í Kiljunni á miðvikudaginn. Þar sagði Egill Helgason að sér fyndist þessi verðlaun eiginlega marktækari en Íslensku bókmenntaverðlaunin. Stór orð, sem Kristján Freyr Halldórsson, formaður Félags starfsfólks bókaverslana, segir ánægjulega viðurkenningu á þessari verðlaunaveitingu.

Félagið heldur utan um verðlaunin hverju sinni og kjörgengir eru starfsmenn í bókaverslunum um allt land. Þátttaka í ár var afar góð og úrslitin endurspegla þverskurð af bókasmekk bóksala um allt land.

Verðlaunin eru þau umfangsmestu sem veitt eru hérlendis, alls er tilnefnt og verðlaun veitt í níu flokkum.



SIGRÚN PÁLSDÓTTIR



ANDRI SNÆR MAGNASON



SJÓN

## EFTIRTALDIR HREPPTU HNOSSIÐ Í ÁR

**BESTA ÍSLENSKA SKÁLDSAGAN** Mánasteinn – Drengurinn sem aldrei var til eftir Sjón.

**BESTA ÍSLENSKA TÁNINGABÓKIN (13-18 ÁRA)** Tímakistan eftir Andra Snæ Magnason

**BESTA ÍSLENSKA BARNABÓKIN (0-12 ÁRA)** Vísindabók Villa eftir Vilhelm Anton Jónsson

**BESTA ÞÝDDA SKÁLDSAGAN** Maður sem heitir Ove eftir Fredrik Bachman

**BESTA ÞÝDDA TÁNINGABÓKIN (13-18 ÁRA)** Afbrigði eftir Veronicu Roth

**BESTA ÞÝDDA BARNABÓKIN (0-12 ÁRA)** Amma Glæpon eftir David Walliams

**BESTA HANDBÓKIN/FRÆÐIBÓKIN** Íslenska teiknibókin, Guðbjörg Kristjánsdóttir sá um útgáfuna

**BESTA ÆVISAGAN** Sigrún og Friðgeir – Ferðasaga eftir Sigrúnu Pálsdóttur

**BESTA LJÓÐABÓKIN** Árleysi alda eftir Bjarka Karlsson





Livostin augndropar og nefdropar eru fljótvirk ofnæmislyf með langvarandi verkun. Nota má Livostin samtímis inntöku annarra ofnæmislyfja.

Livostin® Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Livostin® (levokabastin); nefúði, dreifa 50 míkróg/skammt og augndropar, dreifa 0,5 mg/ml. Livostin er notað gegn ofnæmisnefbólgu og ofnæmistárubólgu í augum. **Skömmtun:** Nefúði: 2 úðaskammtar í hvora nös tvisvar á dag. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. Augndropar: 1 dropi í hvort auga 2 sinnum á dag. Gefa má skammtinn allt að 4 sinnum á dag sé þörf á. Halda skal meðferð áfram eins lengi og þörf krefur þar til einkenni eru horfin. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir levokabastini eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Livostin augndropar innihalda rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð sem getur valdið ertingu í augum og mislitað mjúkar augnlinsur. Varast skal að það komist í snertingu við mjúkar augnlinsur. Fjarlægið augnlinsur fyrir notkun augndropanna og bíðið í 15 mín. áður en þær eru settar í á ný. Livostin nefúði inniheldur rotvarnarefnið benzalkoníumklóríð og própýlenglýkól sem geta valdið ertingu í húð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Livostin má nota á meðgöngu og við brjóstagjöf. **Áhrif á akstur og notkun véla:** Livostin hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Gæta skal varúðar ef syfja kemur fram. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.




**„Orð Egils eru ánægjuleg viðurkenning á þessari verðlaunaveitingu.**

*Kristján Freyr Halldórsson, formaður Félags starfsfólks bókaverlsana*

VILHELM ANTON JÓNSSON


# Til hamingju!

## Tilnefningar til fjöruverðlaunanna 2014

**SAGAN AF GUÐRÚNU KETILSDÓTTUR. EINSÖGURANNSÓKN Á ÆVI 18. ALDAR VINNUKONU** - ***Guðný Hallgrímsdóttir***

"Með vinnslu Guðnýjar á ólíkum heimildum tengdum textabrotinu [ævisögunni] birtist lesandanum frásögn af skrykkjóttri lífsgögnu í skugga móðuharðinda þar sem Guðrún Ketilsdóttir glímir m.a. við fátækt, ágenga karlmenn og erfiða húsbændur… Þáttur kvenna, ekki síst alþýðukvenna, í íslenskri söguritun hefur jafnan verið rýr. Guðný sýnir hvernig hægt era ð gera áhugaverða sögu úr heimild sem virðist harla brotakennd…" – *Úr umsögn dómnefndar.*



**ÖNNUR SKYNJUN – ÖNNUR VERÖLD**

***Jarþrúður Þórhallsdóttir***

„Bókin dregur upp margþætta og sannfærandi mynd af lífi einhverfra og dregur lesandann nær heimi þeirra. Hún ætti að vera aðstandendum einhverfra styrkur og leiðsögn og veita öðrum innsýn í veruleika einhverfra einstaklinga" – *Úr umsögn dómnefndar.*




Háskólaútgáfan




BJARKI KARLSSON

# ÞÚ FINNUR BÓKINA
# Á FISKISLÓÐ

AFGREIÐSLUTÍMI Í DESEMBER

| | | |
|---|---|---|
| Föstudagur | 13. des. | 10–18 |
| Laugardagur | 14. des. | 11–16 |
| Sunnudagur | 15. des. | 10–16 |
| Mánudagur | 16. des. | 10–18 |
| Þriðjudagur | 17. des. | 10–18 |
| Miðvikudagur | 18. des. | 10–19 |
| Fimmtudagur | 19. des. | 10–19 |
| Föstudagur | 20. des. | 10–19 |
| Laugardagur | 21. des. | 11–19 |
| Sunnudagur | 22. des. | 11–19 |
| Mánudagur | 23. des. | 10–19 |




Við rannsökum risaeðlur
kr. 3.390




Amma glæpon
kr. 3.490




Randalín og Mundi í Leynilundi
kr. 3.390




Jólaandinn
kr. 3.290




66 handrit úr fórum Árna Magnússonar
kr. 6.790




Undir bárujárnsboga
kr. 5.990




Kræsingar án ofnæmisvalda
kr. 4.690



Spéspegillinn
kr. 2.790




Kafteinn Ofurbrók og hefnd geislavirku róbótabrókanna
kr. 3.190




Ólæsinginn sem kunni að reikna
kr. 3.690




Freyju saga – Múrinn
kr. 3.690




Hvar er Depill?
kr. 2.490

Birt með fyrirvara um villur.

INNPÖKKUNARBORÐ
OG ÓDÝRIR
MERKIMIÐAR




**ÞÚSUNDIR TITLA FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS – Á FORLAGSVERÐI**

FORLAGIÐ Bókabúð

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636 | forlagid.is



**SÖNGFJELAGIÐ** Jólatónleikar Söngfjelagsins verða haldnir í Grafarvogskirkju á morgun og á sunnudaginn.

# Flytja tvö ný jólalög

Söngfjelagið heldur sína árlegu jólatónleika um helgina. Þar verður meðal annars frumflutt nýtt jólalag sem Hreiðar Ingi Þorsteinsson samdi fyrir félagið.

Jólatónleikar Söngfjelagsins verða haldnir í Grafarvogskirkju á morgun og á sunnudaginn. Á efnisskránni verða þekkt og sígild jólalög í bland við nýrri tónlist frá ýmsum löndum.

Gestir Söngfjelagsins eru að þessu sinni kórinn Vox Populi og kvartettinn Mr. Norrington, Björg Þórhallsdóttir sópran, Kristjana Arngrímsdóttir alt og Ragnheiður Gröndal, ásamt kammersveit skipaðri einvala hljóðfæraleikurum. Stjórnandi er Hilmar Örn Agnarsson.

Frumflutt verður nýtt jólalag eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson tónskáld, sem samið var fyrir Söngfjelagið af þessu tilefni, og Ragnheiður Gröndal frumflytur einnig nýtt jólalag.

Þetta er í þriðja sinn sem Söngfjelagið heldur tónleika á aðventunni. Er það í anda hefðar sem Hilmar Örn skapaði í Skálholti en hann stóð árum saman fyrir aðventutónleikum sem nutu mikilla vinsælda þar um slóðir og urðu ómissandi þáttur í tónlistarlífinu á aðventu. Söngfjelagið heldur nú þessu starfi áfram á höfuðborgarsvæðinu.

Tónleikarnir laugardaginn 14. desember hefjast klukkan 17 en á sunnudaginn 15. desember hefjst þeir klukkan 18.

# Engin jól án Mahaliu

Esther Jökulsdóttir söngkona heldur gospeltónleika í Fríkirkjunni á mánudaginn þar sem hún syngur lög af plötum Mahaliu Jackson sem hún elskar. „Klukkan sex var Silent Night sett á fóninn og þá voru jólin komin,“ segir hún.

„Ég ólst upp við það austur á Héraði að klukkan sex á aðfangadag var Mahalia Jackson sett á fóninn og þá voru jólin komin,“ segir Esther Jökulsdóttir söngkona, sem sjöunda árið í röð efnir til tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík þar sem hún syngur lög sem Mahalia Jackson hljóðritaði.

„Ég syng aðallega lög af plötunni Silent Night,“ segir Esther. „En svo eru líka nokkur lög af I believe og You'll never walk alone.“

Esther segir tónleikana tvískipta, fyrrihlutinn sé almennt gospel en í seinnihlutanum sé svifið inn í jólin. „Þetta byrjaði nú bara vegna þess að Silent Night er mín uppáhaldsplata og Mahalia á svo stóran sess í hjarta mér,“ svarar hún spurð hvað hafi ýtt verkefninu af stað. „Ég hef lengi verið viðloðandi gospel en hef samt aðallega sungið blús. Þetta tvennt er náttúrulega mjög líkt og þótt ég hafi menntað mig í klassískum söng hafa blúsinn og gospelið eiginlega alveg tekið yfir.“ Esther hefur reyndar líka sungið rokk, folk-músík og kántrí og byrjaði meira að segja í pönkhljómsveit fimmtán ára. „Það entist í tvö ár,“ segir hún og hlær. „Þá fann blúsinn mig og það var eiginlega hann sem leiddi mig út í klassískt söngnám.“

Á tónleikunum á mánudagskvöldið hefur hún stuðning kvartetts sem í syngja Björn Thorarensen tenór, Gísli Magna tenór, Skarphéðinn Hjartarson tenór og Örn Arnarson bassi. Meðspil er í höndum einvala liðs hljómlistarmanna þar sem Aðalheiður Þorsteinsdóttir spilar á píanó, Scott McLemore á trommur, Gunnar Gunnarsson á Hammondorgel og Gunnar Hrafnsson á kontrabassa.



**ÚR PÖNKI Í GOSPEL** Esther hefur sungið eiginlega allar tegundir tónlistar, er klassískt menntuð í söng, en blúsinn og gospelið eiga þó hjarta hennar.

Esther segir tónleikana vera orðna fastan lið í undirbúningi jólanna hjá mörgum. „Það eru engin jól án Mahaliu og jólin byrja sem sagt í Fríkirkjunni klukkan 20.30 á mánudagskvöld.“

fridrikab@frettabladid.is


YONANAS ÍSGERÐARVÉL



Yonanas 282700

Yonanas ísgerðarvél sem notar allar gerðir af frosnum ávöxtum. Auðvelt að hreinsa.

VERÐ 12.995

FRÁBÆRT VERÐ

yonanas

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



20-50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Að vakna endurnærð/ur eftir góðan svefn er ein besta stund dagsins

# Jólatilboð

**20-50% afsláttur af öllum heilsurúmum**

**Sérfræðingar í heilsurúmum**

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing*

* Einungis er greitt 3,5 % lántökugjald.



**CLASSIC - rafstillanlegt**

Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**



**DRAUMEY**

Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**



**ROYAL - rafstillanlegt**

Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**

Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGUGREINING**

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



sabrino **Ítölsk hönnun - hágæða sófasett**

Kynningarverð



## SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil Nýtt korta
Jóla síldin er komin í Bónus
598 krónur 540g.
KÚTTER JÓLASÍLD 540g
598 krónur 500g.
ORA HÁTÍÐARSÍLD 500g
298 krónur 770g
BÓNUS HEILKORNABRAUÐ Með græna skráargatinu !
AÐEINS 1198 KR.KG
2875 kr. 2,4 kg
Þýsk frosin
HEIL PEKINGÖND
98 kr. 5 stk.
FIMM BÓNUS FLATKÖKUR
198 kr. 500g
RÚGBRAUÐSKUBBUR 500g
229 krónur 1 kg.
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG.
1698 kr. 15 stk.
ÖMMUBAKSTUR
Steikt laufabrauð 15 stk.
100% KJÖT
FRÁ ÞÝSKALANDI
2298 krónur kg
FROSIN Úrbeinuð kalkúnabringa
Pepsi kippa 4 x 2 ltr.
698 krónur 8 ltr.
298 kr. 1 stk
ÍSLENSKT ÚTI TÓLGARKERTI
FRÁ ÞÝSKALANDI
3998 kr. kg.
FROSIN Heil nautalund
198 kr. 2 stk
TVÖ ÚTIKERTI
998 krónur 1 kg.
GRÍMS PLOKKFISKUR 1 kg.
Tilbúinn,
– þarf aðeins að hita
2998 krónur 940g.
Nóa gjafakonfektkassi
1798 kr. 630gr
Nóa bestu fylltu molarnir
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
atímabil Nýtt kortatímabil
Fjalla HANGIKJÖT
2598 kr. kg
Fjalla ÚRBEINAÐ NORÐLENSKT HANGILÆRI
KJARNAFÆÐI
VINSÆLASTA HANGIKJÖTIÐ Í BÓNUS
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
KOFARAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
2998 krónur kg.
KOFARAREYKTUR ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
1998 krónur kg.
KJARNAFÆÐI
1259 krónur kg.
KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR með beini
Ali
1698 krónur kg.
HAMBORGAR HRYGGUR með beini
ÍSLANDS GRÍS
1298 kr. kg
ÍSLANDSGRÍS HAMBORGARHRYGGUR M.BEINI
1959 kr. kg
KJARNAFÆÐI KOFAREYKT HEILT LAMBALÆRI
BÓNUS Grísahnakkafille
998 krónur kg.
BÓNUS FERSKT GRÍSAHNAKKAFILLE
KS
HAUST SLÁTRUN 2012
2998 krónur kg.
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
Frosið lambafillet
BÓNUS Grísahakk
698 krónur kg.
BÓNUS GRÍSAHAKK
Quality Street
3698 kr. 2 kg
Quality Street Machintosh 2 kg.
NAUTA Veisla
NAUTGRIPAHAKK FRÁ SPÁNI
1298 krónur kg.
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
BÓNUS Grísabógur
598 krónur kg.
BÓNUS FERSKUR GRÍSABÓGUR
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
BÓNUS Grísahryggur
1298 krónur kg.
BÓNUS FERSKUR ÚRBEINAÐUR GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU
BÓNUS BAYONNE SKINKA
1159 krónur kg.
ÚR GRÍSABÓG BÓNUS NÝREYKT BAYONNESKINKA
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30



**GÓÐ OG GJAFMILD** Hljómsveitin Of Monsters and Men gaf eina milljón króna til Barnaspítala Hringsins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Omam gerir góðverk

Bolir sem seldir voru á tónleikum Omam til styrktar Barnaspítala Hringsins eru komnir í almenna sölu.

Í ágúst síðastliðnum stóð hljómsveitin Of Monsters and Men ásamt Garðabæ fyrir opnum tónleikum án aðgangseyris á Vífilsstaðatúni. Aftur á móti var allur ágóði af sölu stuttermabola og geisladiska á tónleikunum látinn renna til Barnaspítala Hringsins. Of Monsters and Men ákvað að jafna þá upphæð sem safnaðist og gaf Barnaspítalanum eina milljón króna.

Bolurinn sem seldur var á tónleikunum sló svo rækilega í gegn að hljómsveitin leitaði leiða til að selja hann þeim sem ekki komust á tónleikana og þannig safna enn meiri peningum fyrir Barnaspítalann.

Bolurinn, sem er með mynd eftir tvö börn sem lágu á spítalanum, er nú til sölu í gegnum vefverslun Of Monsters and Men og í versluninni Sturlu við Laugaveg. Allur ágóði af sölu á bolnum fer óskiptur til Barnaspítalans. **- glp**



**Í HÁSKÓLABÍÓI** Upptaka af tónleikum Skálmaldar í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands verður sýnd í Háskólabíói á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Málmmessa áratugarins í bíó

Miðasala er hafin á Málmmessu áratugarins sem sýnd verður í frábærum gæðum á sunnudaginn í Háskólabíói.

Um er að ræða sýningu á mynd- og hljóðupptöku af tónleikum Skálmaldar, í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Karlakór Reykjavíkur, Kammerkórinn Hymnodiu og barnakór Kársnesskóla.

Tónleikarnir fóru fram í Eldborg fyrir fullu húsi í lok nóvember.

Mynd- og hljóðupptaka er væntanleg í verslanir á sambyggðum CD og DVD þann 17. desember og verður vísast í fjölmörgum jólapökkum þetta árið.

Sýningin fer hins vegar fram klukkan 21.00 í sal 1 í Háskólabíói að kvöldi sunnudagsins 15. desember. **- glp**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 13. DESEMBER 2013**

### Tónleikar

**12.00** Í dag verða haldnir árlegir **hádegisjólatónleikar í Háteigskirkju**, sem eru einnig styrktartónleikar. Flutt verður hátíðleg jólatónlist af ýmsum flytjendum. Ágóði tónleikanna verður notaður til að kaupa L-Z-BOY stóla fyrir fæðingardeild Landspítalans. Stólarnir koma að góðum notum fyrir verðandi foreldra sem og nýbakaða.

**20.00 útskriftartónleikar Glódísar** M. Guðmundsdóttur verða haldnir í Víðistaðakirkju. Hún útskrifast með Bmus-gráðu í píanóleik frá Listaháskóla Íslands í janúar.

**20.00 Sváfnir Sigurðarson** skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

**21.00 Söngdjamm** á Café Rosenberg.

**22.00 Hljómsveitin In the Company of Men** fagnar útgáfu smáskífunnar „A Very ITCOM Christmas“ með tónleikum og hefur hún fengið hljómsveitina Icarus til að spila með sér á Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**23.00 Steed Lord DJ Set** á skemmtistaðnum Park, Hverfisgötu 20.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is*



# Vík Prjónsdóttir hlaut hæsta styrkinn

Fyrsta úthlutun Hönnunarsjóðs fór fram í gær. Ríflega 41 milljón var úthlutað.

Hönnunarsjóður úthlutaði í fyrsta skipti til hönnuða og arkitekta, ríflega 41 milljón króna, í gær. Alls hlutu 29 verkefni styrk auk þess sem veittir voru ferðastyrkir til þrettán verkefna. Hæsta styrkinn hlaut Vík Prjónsdóttir, alls 3,8 milljónir. „Við erum rosalega þakklátar fyrir að hafa fengið styrkinn og þetta mun hafa gríðarlega mikið að segja fyrir okkur. Við sóttum um styrkinn til að geta farið í samstarfsverkefni við aðra hönnuði. Annars vegar við tískuhúsið JÖR og hins vegar við Hjalta Karlsson, sem er grafískur hönnuður og rekur stofuna Karlssonwilker í New York,“ segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, sem skipar hönnunarteymið Vík Prjónsdóttur ásamt þeim Brynhildi Pálsdóttur og Þuríði Rós Sigþórsdóttur.

„Við höfum fengið mikið út úr því að vinna með hönnuðum, þverfaglega. Þá gerast hlutir sem myndu annars ekki gerast ef við værum bara einar að vinna,“ segir Guðfinna jafnframt.

Rúmlega tvö hundruð umsóknir bárust sjóðnum og var sótt um yfir fjögur hundruð milljónir, eða tífalda upphæðina sem var til skiptanna.



**FENGU 3,8 MILLJÓNIR** Á bak við Vík Prjónsdóttur eru þær Þuríður Rós Sigþórsdóttir og Brynhildur Pálsdóttir ásamt Guðfinnu. MYND/ARI MAGG

„Fjöldi umsókna sýnir skýrt fram á þörfina á slíkum sjóði. Það er því bæði sjokkerandi og mikil synd að stjórnvöld sjái ekki ástæðu til að eyrnamerkja þetta fé áfram uppbyggingu í hönnunarfaginu. Rannsóknir og þróunarverkefni eru lífsnauðsynlegir þættir í uppbyggingu fagsins,“ segir Guðfinna, en útlit er fyrir að Hönnunarsjóðurinn verði lagður niður eftir sína fyrstu og einu úthlutun. **olof@frettabladid.is**

## ÚTHLUTUN HÖNNUNARSJÓÐS

Hönnunarsjóður veitir styrki til margvíslegra verkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs; þróunar og rannsókna, verkefna og markaðsstarfs auk sérstakra ferðastyrkja.

Þessir hlutu styrki yfir eina milljón:

**Vík Prjónsdóttir** 3.800.000 kr.
**Studiobility ehf.** 2.200.000 kr.
**Dögg Guðmundsdóttir** 2.100.000 kr.
**Katrín Ólína Pétursdóttir** 2.000.000 kr.
**Dagný Bjarnadóttir** 2.000.000 kr.
**Signý Kolbeinsdóttir** 2.000.000 kr.
**G. Orri Finnbogason** 2.000.000 kr.
**María Kristín Jónsdóttir** 1.800.000 kr.
**Anna Leoniak** 1.500.000 kr.
**As We Grow ehf.** 1.500.000 kr.
**Bryndís Bolladóttir** 1.500.000 kr.
**Scintilla ehf**. 1.500.000 kr.
**Steinunn Sigurd ehf**. 1.500.000 kr.



# FLOTT FYRIR BÖRNIN OG UNGLINGANA

NÝTT KORTATÍMABIL

VERSLAÐU Á NETINU HAGKAUP.IS



**TILBOÐ!**
Monster High
Picture Day dúkka

3.499KR
v.á. 4.999



FÁST AÐEINS Í HAGKAUP

Búningur
Íþróttaálfurinn eða
Solla Stirða
4.999KR



Cars litlir bílar
1.499KR



Cars
Shake&Go
4.999KR



Fisher-Price

Fyrstu
kubbar
2.789KR

Hundur
2.599KR

Lirfu hringla
2.489KR

Apptivity
hulstur
3.999KR

## ONE DIRECTION



Veggspjöld
799KR

Límmiðar
399KR

Tattoo
699KR

Nælur
699KR
199KR

Ritfangasett
2.999KR
3.499KR

Allt vöruúrvalið fæst í Skeifunni, Smáralind, Kringlunni, Garðabæ og á Akureyri.

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**GETUR VEL HUGSAÐ SÉR AÐ VERÐA MILLJARÐA-MÆRINGUR** Snorri myndi þó aldrei skipta út and-legum alls-nægtum fyrir milljarðana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# „Sé núna að peningar eru dásamlegir og veita manni unað“

Snorri Ásmundsson heldur sýningu á vinnustofu sinni í dag og vill að sem flestir kaupi af honum verk. „Bóhemalífið er að breytast í gnægðir,“ segir Snorri.

„Málverk mín seljast nú eins og heitar lummur og lífið leikur við mig og ég leik mér við lífið. Ég held að þessi lífsgleði mín sé að veita mér uppskeru nú um stund-ir og bóhemalífið að breytast í gnægðir,“ segir Snorri Ásmunds-son myndlistarmaður, sem opnar vinnustofusýningu á vinnustofu sinni á Nýlendugötu 14, á þriðju hæð.

„Það er gaman að selja list og eiga peninga og ég býst við að selja mikið á næstunni því eftir-spurnin er mikil,“ segir Snorri jafnframt, en hann kemur til með að sýna málverk, teikning-ar, skúlptúra og fremja gjörn-inga. „Hingað til hef ég haft tak-markaðan áhuga á peningum en lifað í andlegum allsnægtum. Svo peningar eru eiginlega ný uppgötvun fyrir mig og ég sé núna að þeir eru dásamlegir og veita manni frelsi og unað,“ segir Snorri, en það er í nægu að snúast hjá honum þar sem hann kemur til með að sýna verk sín í Aust-urríki, á Íslandi, í Þýskalandi og í Noregi á næstu mánuðum. „Ég get vel hugsað mér að verða millj-arðamæringur þó ég muni aldrei vilja skipta út andlegum alls-nægtum,“ segir Snorri. - ósk

VILLAGE
Facebook: Village á Íslandi
LAGERSALA
GJAFAVÖRUR
50–80% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
OPIÐ:
13-18 virka daga
og 12-16 á laugardag
Erum í
SÍÐUMÚLA 3
í næsta húsi við
SAMSUNG Setrið
í sama húsi og
PÓSTHÚSIÐ



Tilvalið að kaupa fallegar jólagjafir á ótrúlegu verði

Skóli fyrir þig?
Handverks- og hússtjórnarskólinn Hallormsstað
Langar þig að stunda skemmtilegt nám:
- í heimavistarskóla?
- í góðum félagsskap?
- í fögru umhverfi?
Innritun á vorönn stendur yfir



Uppl. www.hushall.is eða í síma 471 1761

# Endurfundir Madonnu og Seans Penn

Parið eyddi tíma saman á Haítí í síðustu viku, ásamt syni Madonnu, Rocco.

Orðrómur þess efnis að Sean Penn og Madonna séu byrj-uð saman á ný flýgur nú fjöllunum hærra vestanhafs síðan mynd birtist af parinu í veislu í New York-borg í september.

Fyrir tveimur vikum fóru þau svo saman til Haítí til að sinna góðgerðarmálum, en Sean Penn hefur verið atkvæðamikill í góðgerðarstarfsemi þar í landi. Með í för var 13 ára sonur Madonnu og fyrrverandi eigin-manns hennar, leikstjórans Guy Ritchie, og virt-ist fara vel á með þeim. Rocco hlóð meðal annars upp mynd af þeim félögum á sam-félagsmiðilinn Instagram, sem hlaut gríðarlega athygli.

Madonna, sem er 55 ára gömul, og Sean, sem er 53 ára, gengu í hjóna-band árið 1985 en skildu fjórum árum síðar. Árið 1987 var greint frá því í fjölmiðlum að Madonna hefði verið lögð inn á spítala eftir að Sean hafði lamið hana í andlitið með hafnabolta-kylfu. Ári seinna var Madonna tekin í skýrslutöku hjá lögreglunni í Malibu eftir að Penn hafði bundið hana við stól á heimili sínu, í níu klukkutíma. Þrátt fyrir allt hafa þau alltaf haldið sambandi og verið náin.

Í sumar lét Debi Mazar, leikkona og góð vinkona Madonnu, hafa það eftir sér að Sean væri ástin í lífi vinkonu sinnar.

Penn skildi við eiginkonu sína, Robin Wright Penn, árið 2010 og Madonna skildi við Guy Ritchie árið 2008.

olof@frettabladid.is



**STJÖRNUPAR** Madonna og Sean Penn koma af æfingu á leikritinu Goose and Tom Tom í ágúst 1986. AFP/NORDICPHOTOS



**MYNDIN SEM GAF ORÐRÓMI UM ENDURFUNDI BYR UNDIR BÁÐA VÆNGI** Myndin er tekin 24. septem-ber síðastliðinn, þegar Madonna og Steven Klein héldu secretprojectrevolution-veislu í Gagosian-galleríinu í New York. AFP/NORDICPHOTOS

## SEAN PENN



**1984** Sean Penn trúlofaðist leikkonunni Elizabeth McGovern sem hann lék á móti í kvikmyndinni Racing With The Moon.



**1987** Einhvern tíma á milli þess sem Madonna og Sean Penn stóðu í skilnaði og tóku aftur saman, nýtti Madonna tækifærið og byrjaði með John F. Kennedy jr.



**1985** Sean Penn giftist Madonnu. Sambandið var stormasamt. Penn sat meðal annars í fangelsi í 33 daga árið 1987 fyrir að ráðast að ljósmyndara sem reyndi að mynda hjónin. Síðar í hjónaband-inu var Penn ákærður fyrir heimilisofbeldi. Þau skildu endanlega árið 1989.



**1988** Í því sem fjölmiðlar lýstu sem tilraun til þess að vekja umtal, á sínum tíma, byrjaði Madonna með grínistanum og söngkonunni Söndru Bernhard. Þær voru saman í um það bil ár.



**1990** Penn kynntist Robin Wright, sem hann svo giftist árið 1996. Þau eignuðust tvö börn saman, Dylan Frances og Hopper Jack. Samband Penns við Wright var einnig stormasamt, en þau sóttu um skilnað árið 2007 sem þau drógu síðar til baka. Þau skildu endan-lega að skiptum í júlí 2010, en höfðu þó búið hvort í sínu lagi um nokkurt skeið.



**1998-2008** Madonna var kynnt fyrir kvikmyndaframleiðandanum og leikstjóranum Guy Ritchie í gegnum hjónin Sting og Trudie Styler. Í ágúst árið 2000 eignaðist parið soninn Rocco. Í desember sama ár, nokkrum dögum fyrir jól, gengu Guy og Madonna í hjónaband í kastala í Skotlandi. Átta árum síðar, í október 2008, skildu þau opinberlega. Orðrómur þess efnis að Madonna hefði átt í leynilegu sambandi við hafnaboltastjörnuna Alex Rodriguez hefði verið ástæða skilnaðarins.



**2009** Sean Penn átti í um árs löngu sambandi við Sports Illustrated-fyrir-sætuna Jessicu White. Hún var 24 ára gömul þegar sambandið hófst.



**2009** Madonna, sem var 52 ára, kynntist fyrirsætunni Jesus Luz, sem var 22 ára á þeim tíma, í mynda-töku. Þau voru saman í um það bil eitt ár.



**2011** Sean Penn og Scarlett Johansson áttu í stuttu sambandi eftir skilnað Johansson við leikarann Ryan Reynolds. 24 ára aldursmunur er á þeim Scarlett og Sean Penn.



**2011** Madonna sást með franska dansaranum Brahim Zaibat, sem er 24 ára. Þau hafa sést saman af og til síðan.

## MADONNA


Jólaís
BORGARÍS
Eftirréttir fyrir alla
Kjörís
HIN EINA OG SANNA
KONFEKT TERTA
GÓMSÆT & SÍGILD FRÁ KJÖRÍS
JÓLAPINNAR
VANILLUÍS

# Íslenskt barnaefni slær í gegn

## Daginn í dag 3 kom út um liðna helgi en framleiðsla barnefnisins er alíslensk.

„Við erum rosalega ánægð með viðtökurnar og stolt af þessu þriggja sería safni,“ segir Þorleifur Einarsson, leikstjóri, brúðugerðarmaður og einn handritshöfunda barnaefnisins Daginn í dag. Þriðja serían af barnaefninu var frumsýnd við góðar undirtektir í Sambíóunum í Egilshöll fyrir skömmu fyrir fullum bíósal.

Um er að ræða alíslenskt barnaefni sem skrifað er af Þorleifi, Guðna Má Harðarsyni og Guðmundi Karli Brynjarssyni en báðir þeir síðarnefndu eru prestar í Lindakirkju. Fyrsta serían var ódýrt tilraunaverkefni sem þó stendur enn fyrir sínu en þættirnir hafa þróast heilmikið síðan árið 2010.



**GAMAN SAMAN** Hér eru höfundar og leikarar þáttanna. F.v. Jóel Ingi Sæmundsson (Klemmi), Edda Möller, framkvæmdastjóri Skálholtsútgáfunnar, Hafdís Maria Matsdóttir, Þorleifur Einarsson leikstjóri, Guðni Már Harðarson handritshöfundur og Guðmundur Karl Brynjarsson handritshöfundur. MYND/ATLI ÞÓR EINARSSON

„Ég sagði strax já við Guðna, þegar hann bað mig að vera með. Það er svo gefandi að að vinna með þessar erkisögur vestrænnar menningar, sem miðla góðum gildum og siðferði, og færa þær í nútímalegt samhengi íslenskra barna í dag “ segir Þorleifur. En það var ekki dans á rósum að koma efninu út.

„Þetta er 95 prósent fjármagnað styrkjalaust og það leggjast allir á eitt við að framleiða efnið. Það vinna allir verkefnið af ástríðu, hugsjón og eldmóði,“ bætir Guðni Már við. Þorleifur bjó til allar brúðurnar sem fram komu í þáttunum en þær eru alls um fimmtán. „Þar sem fjármagnið var nú ekki mikið til að moða úr, þá, eins og máltakið segir, kennir neyðin naktri konu að spinna. Ég kunni ekkert í brúðugerð en náði þó að nýta myndlistarbakgrunn minn, YouTube-myndbönd og aðstoð móður minnar til að búa brúðurnar til,“ útskýrir Þorleifur, sem notaði meðal annars borðtenniskúlur, plastskeiðar og ýmislegt annað forvitnilegt við gerð brúðanna.

Salan á fyrsta disknum, Daginn í dag eitt, gekk mjög vel, sem varð til þess að Skálholtsútgáfan gat spennt bogann aðeins. „Við renndum blint í sjóinn með fyrsta diskinn en hann seldist mjög vel og gátum við því lagt aðeins meira í diska tvö og þrjú sem teknir voru upp á sama tíma sumarið 2012. Einnig vorum við líka að svara mikilli eftirspurn,“ bætir Guðni Már við.

Efni þáttanna er fjölbreytt en þeir fjalla um krakkana Hafdísi og Klemma sem leikin eru af Hafdísi Mariu Matsdóttur og Jóel Inga Sæmundssyni, sem rata í skrautleg ævintýri sem kallast á við þema hvers þáttar. Atburðarásin er síðan brotin upp með vinsælum sunnudagaskólalögum.

„Það kom okkur mikið á óvart hversu breitt aldursbil þessir þættir spanna en við vitum til þess að krakkar á aldrinum tveggja til þrettán ára hafi gaman af þáttunum,“ bætir Þorleifur við.

Ásamt leikatriðum, brúðum og söng, sér Gunnar Júlíusson um að teikna myndir sem eru svo hreyfðar af Atla Þór Einarssyni svo úr verða alíslenskar teiknimyndir, þema hvers þáttar, er byggt á dæmisögum Jesú.

gunnarleo@frettabladid.is



### ➜ Skemmtilegar staðreyndir

Tónlistin leikur stórt hlutverk í þáttunum en Óskar Einarsson útsetur sönglögin. Ásamt Óskari leikur sönglögin frábær hljómsveit sem skipuð er þeim Jóhanni Ásmundssyni bassaleikara, Friðriki Karlssyni gítarleikara, en þeir eru báðir úr hljómsveitinni Mezzoforte, og Brynjólfi Snorrasyni trommuleikara. Helgi Reynir Jónsson sér um aðra tónlist í þáttunum.

Daginn í dag-seríurnar hafa selst mjög vel en sjö þúsund diskar af fyrstu tveimur seríunum hafa selst og hefur efnið verið leigt um 42 þúsund sinnum á VOD-leigum.



**FLOTTAR BRÚÐUR** Þorleifur Einarsson hefur lagt talsvert á sig við brúðugerð og hann hefur búið til alls15 brúður. MYND/SKJÁSKOT ÚR ÞÁTTUM






**LOFAR GÓÐRI SKEMMTUN** Bobby er einn af þeim sem skipuleggja hátíðina en frítt er inn á gleðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Seinfeld-aðdáendur sameinist á Harlem

## FESTIVUS - hátíð Seinfeld-aðdáenda haldin á Íslandi. Nóg af ídýfu og bannað að “double dip”-a.

„Við vildum tengja jólahátíðina við þessa hátíð í Seinfeld-þáttunum sem heitir Festivus. Sú hátíð er fyrir fólk sem er á móti neysluvæðingu jólanna og er slagorðið „Festivus for the rest of us“. Þetta er líka bara hátíð fyrir aðdáendur þáttanna,“ segir hönnuðurinn Bobby Breiðholt, einn af þeim sem stendur á bak við hátíð Seinfeldaðdáenda á skemmtistaðnum Harlem 30. desember.

„Við ætlum að gera mikið úr þessu. Við ætlum að sýna þættina á skjá og verðum auðvitað með spurningakeppni. Síðan erum við að vinna í því að vera með aðrar uppákomur eins og til dæmis Kramer keppni. Þá er hugmyndin að vera með frístandandi hurð og leyfa fólki að spreyta sig í að fljúga innum hana eins og Kramer. Svo verður fullt af ídýfu og bannað að „double dip“-a eins og George gerði svo eftirminnilega. Við verðum líka með súpu í verðlaun og það verður örugglega einhver vinalegur súpueldari sem skaffar okkur þann vinning.“ Bobby hefur verið aðdáandi þáttanna síðan sýningar á þeim hófust og er ekki í vafa um hverjar skemmtilegustu persónurnar eru.

„George er auðvitað langbestur. Aðrir skemmtilegir eru til dæmis J. Peterman sem talar svo dásamlega háfleygt mál. Aukapersónurnar eru margar svo litríkar og skemmtilegar. Þessir þættir endast svo vel. Friends voru vinsælir á sama tíma en Seinfeld er eiginlega Anti-Friends. Í Seinfeld eru allir vondir og ekkert sykursætt við vinasamböndin,“ segir Bobby og segir alveg leyfilegt að vera vondur á hátíðinni á Harlem þó hann efast um að svo fari.

- lkg

# ÁLNAVÖRUBÚÐIN
Hveragerði

-Þjóðarsátt í verðum

# SKÓDAGAR
13.12 til 15.12

14.des
**Jólasveinar**
koma í heimsókn
um kl **14**

**15% - 20% afsláttur af ÖLLUM skóm!**



Duffy
Verð: 11.990 kr
NÚ: 9.592 kr



Duffy
Verð: 11.990 kr
NÚ: 9.592 kr



SIXMIX 12536
Verð: 19.490 kr
NÚ: 16.566 kr



einnig til á börn

SIXMIX 1014
Verð: 16.990 kr
NÚ: 14.441 kr



Ítalskir leðurskór
Verð: 13.990 kr
NÚ: 11.192 kr



Kangaroo BÖRN
Verð: 11.990 kr
NÚ: 9.592 kr



SIXMIX 1058
Verð: 15.490 kr
NÚ: 13.166 kr



SIXMIX 1282
Verð: 16.990 kr
NÚ: 14.441 kr

Þú getur pantað og fengið sent
í gegnum Facebook eða síma 483-4517
facebook.com/alnavorubudin

A.T.H.
Við sendum FRÍTT í desember

Við sendum hvert á land sem er

NÝTT KORTATÍMABIL

Heitt súkkulaði
með rjóma
&
kaffi á könnunni
alla daga

**OPNUNARTÍMI** Virkir dagar 10-18 Laugardagar 10-18 Sunnudagar 12-18

Mind OUTLET.
Allar vörur á
2000kr.
Lokum á laugardag
Við hliðina á Herra Hafnarfirði
FJÖRÐUR www.fjordur.is
MIND Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði Sími 534 0073

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp — NÚNA

Sendu sms-ið barn í númerið 1900
til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur
www.unicef.is unicef

# Þrjú kíló á þremur stundarfjórðungum

Björn Sigurðarson, einnig þekktur sem Vopnafjarðartröllið, hefur tekið áskorun Stöðvar 2 og Fréttablaðsins. Hann ætlar sér að hesthúsa þriggja kílóa risaborgara. Fimmtán hafa reynt að klára borgarann en ekki tekist. Risaborgarinn er 7.300 hitaeiningar.

„Ég fór þarna um daginn og borðaði hálft fjölskyldutilboð með meðlæti, það var ekkert mál," segir Björn Sigurðarson, einnig þekktur sem Vopnafjarðartröllið, sem tekið hefur áskorun Stöðvar 2 og Fréttablaðsins um að leggja sér til munns tæplega þriggja kílóa hamborgara á veitingastaðnum Texasborgurum.

„Ég hef einu sinni borðað nautasteik sem var eitt og hálft kíló. Það var úti í Flórída. Þá fékk ég mér djúpsteiktan krókódíl í forrétt og súkkulaðiköku í eftirrétt. Það var engin keppni í gangi, ég gerði það bara ánægjunnar vegna. Nú er aftur á móti meira í húfi, þetta er alvöru keppni," segir Björn og bætir við að hann sé örlítið kvíðinn fyrir átið. Hann er júdókappi og líkir þessu við slíka keppni.

„Þetta er eiginlega sami kvíði og maður fær fyrir júdókeppni. Ég er ekkert hræddur við að klára ekki matinn, ég er meira hræddur við að verða eitthvað veikur að borða svona mikið á svona stuttum tíma. Þetta er máltíð fyrir örugglega átta manns, þannig að þetta verður rosalegt," útskýrir Björn. Hann er með vel úthugsaða áætlun, en hefur þó ekki ákveðið hvort hann drekki vatn eða gos með matnum.

„Ég ætla að leyfa því að ráðast þegar ég kem á staðinn og finn stemninguna."

Björn segist hafa orðið örlítið kvíðnari þegar hann heyrði að kraftajötunninn Hafþór Júlíus Björnsson hefði reynt við borgarann og ekki náð að klára. „Það er auðvitað ákveðið áhyggjuefni. En ég reikna samt með því að ná að klára þetta og stefni á að gera það á fjórutíu og fimm mínútum."

kjartanatli@frettabladid.is



**RISASTYKKI** Magnús Ingi á Texasborgurum sýnir hér risaborgarann fræga.



**45 MÍNÚTUR** Björn, eða Vopnafjarðartröllið, ætlar að klára borgarann á 45 mínútum.

## ➜ Undirbúningur Björns

- Drakk mikinn vökva í gær. Bæði vatn og sykurlausa gosdrykki
- Tilgangurinn með morgunmat dagsins er að viðhalda þenslu magans og hann inniheldur meðal annars vatn og loftkökur
- Teygði vel á kviðvöðvum í gærkvöldi
- Borðaði mikið brauð í allan gærdag

**Leikáætlun Björns:**

- Ætlar að skera borgarann í fernt og hugsa hann sem fjóra staka borgara
- Ætlar ekki að borða brauðið og kjötið á sama tíma. Ætlar að byrja á að borða kjötið
- Ætlar að borða hratt
- Ætlar að klára borgarann á 45 mínútum

## UPPLÝSINGAR UM RISABORGARANN:

➜ Matreiddur af Magnúsi Inga Magnússyni

➜ Um **7.300 kaloríur** (algeng orkuþörf karlmanns er **2.700** hitaeiningar á sólarhring)

➜ **15** hafa reynt að klára borgarann en engum tekist ætlunarverkið

➜ **Þrír** verið mjög nálægt því að klára, að sögn Magnúsar

➜ Með borgaranum þarf að borða **200 grömm** af frönskum kartöflum

JÓL Í ELDHÚSIÐ



DUALIT brauðrist
• 2 brauðsneiðar
• Sérstaklega við rauf f. brauð
• Hægt að rista beyglu / pítu
Kr. 32.944,-
DUALIT hraðsuðuketill
• 1.5L ketill
• Snúrulaus teketill
• Sía innan á stút
Kr. 18.900,-
GENSE kvörn
• Malar salt og pipar
• Keramikkvörn - píanólakk
• Þrír litir: svart, hvítt, rautt
Kr. 6.262,-
G GENSE Dualit. FASTUS Veit á vandaða lausn
Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# Leggja í púkk til að margfalda líkurnar

Vinnustaðir og hópar kaupa kerfisseðla til að vinna.

„Stöðugt færist í vöxt að vinnustaðir og hópar taki sig saman og kaupi kerfisseðla til að auka möguleika sína og skipti svo vinningsupphæðunum á milli sín," segir Inga Huld Sigurðardóttir, markaðsstjóri hjá Íslenskri getspá. „Vinningsupphæðirnar geta verið töluverðar ef heppnin er með þeim. Hver leggur 1.000-2.000 krónur í púkk og sameiginlega er keyptur 9 eða 10 raða kerfisseðill. níu raða kerfisseðill kostar 16.380 krónur og 10 raða kerfisseðill kostar 32.760.

„Eðli málsins samkvæmt eru líkurnar meiri á að vinna á kerfisseðil en á venjulegan seðil." - ue



**TÖLUVERÐUR ÁVINNINGUR** Inga Huld er markaðsstjóri Íslenskrar getspár. MYND/EINKASAFN

## Hvað eru kerfisseðlar?

**Hvað er kerfi?**
Í stað þess að velja fimm tölur í eina röð er hægt að velja 6-10 tölur í eina röð og eiga möguleika á að margfalda vinningsupphæðina. Taflan hér að neðan sýnir hversu margar lottóraðir standa á bak við hvert og eitt kerfi:

**Mismunandi kerfi. Fjöldi talna samsvarar ákveðnum fjölda raða.**

| | | |
|---|---|---|
| 6 tölur | 6 lottóraðir | 780 kr |
| 7 tölur | 21 lottóraðir | 2.730 kr. |
| 8 tölur | 56 lottóraðir | 7.280 kr. |
| 9 tölur | 126 lottóraðir | 16.380 kr. |
| 10 tölur | 252 lottóraðir | 32.760 kr. |

**Kerfi margfalda vinningsupphæðirnar**
Kerfisseðillinn margfaldar líka vinningsupphæðirnar þegar réttu tölurnar eru dregnar í útdrætti.

Dæmi: Ef þú átt 10 talna kerfisseðil og færð 4 réttar aðaltölur þá færð þú í þeim vinningsflokki sexfalda vinningsupphæð og sextugfalda upphæðina fyrir 3 rétta.



BOLUR 3990



BUXUR 16900



ÚLPA 13900



SKYRTA 9900



NÆRBUXUR
1 STK. 1990
2 STK. 3490



JAKKI 7990



DÚN VESTI 10900



BUXUR 11900



ÚLPA 29900



JAKKI 16900






SKYRTA 7990



HETTUPEYSA 5990



BUXUR 11900



HETTUPEYSA 7990



JAKKI 27900



BUXUR 16900

JACK & JONES®

FACEBOOK.COM/JACKANDJONESICELAND

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

INSTAGRAM @JACKANDJONESICELAND

# Og íþróttamaður ársins 2013 er …

**BAKPANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Í fyrsta skipti fæ ég að taka þátt í kjöri á íþróttamanni ársins. Sem nýr félagi í Samtökum íþróttafréttamanna fékk ég að setja saman minn lista yfir þau tíu sem sköruðu fram úr á árinu. Markmiðið var einfalt: setja saman hinn fullkomna tíu manna lista. Það skyldi sko enginn sjá ástæðu til að gagnrýna mitt val.

**ÍÞRÓTTAÁRIÐ** 2013 var ótrúlega gott og þó það sé vel þekkt staðreynd er með ólíkindum hve margt glæsilegt íþróttafólk við Íslendingar erum svo heppnir að eiga. Bara sú staðreynd að Ísland, litla Ísland, á heimsmeistara og Evrópumeistara í fleiri en einni grein segir okkur að við séum að gera eitthvað rétt. Svo mikil breidd er í íslensku íþróttalífi að mögulegt er að enginn þeirra sem skipuðu efstu þrjú sætin í kjörinu í fyrra hafni í tíu efstu sætunum í ár.

**AFREK** hinnar 17 ára Anítu Hinriksdóttur á Evrópu- og heimsmeistaramótum ungmenna fóru ekki fram hjá neinum. Kvennalandsliðið í knattspyrnu fór í átta liða úrslit á Evrópumótinu og karlalandsliðið var níutíu mínútum frá því að tryggja sér þátttökurétt á sjálfu heimsmeistaramótinu í Brasilíu. Knapinn Jóhann Rúnar Skúlason og spjótkastarinn Helgi Sveinsson urðu heimsmeistarar og Auðunn Jónsson Evrópumeistari í kraftlyftingum. Ísland eignaðist tvo Evrópumeistara í handbolta kvenna, Þýskalandsmeistara í handbolta karla og körfuboltafólk náði sínum besta árangri.

**HVORT** sem horft er á afrek hér heima eða erlendis er ljóst að engin leið er að setja saman hinn fullkomna tíu manna lista. Hvert afrek er litið ólíkum augum enda er samanburður afar erfiður. Að bera saman frábært framlag einstaklings í hópíþrótt og annars í einstaklingsíþrótt er á tíðum eins og að bera saman epli og appelsínur.

**VALIÐ** verður gagnrýnt. Hver svo sem stendur uppi með bikarinn eftirsótta þá verða fjölmargir fulltrúar og stuðningsmenn annars íþróttafólks ósáttir. Íþróttafólks sem stóð sig virkilega vel á árinu og hefði einnig verið vel að titlinum komið. Vonandi er að fleiri taki þann pól í hæðina að hrósa og fagna með þeim er titilinn hreppir.



**KYNNIR** Kristinn verður kynnir á tónleikunum í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**ÁSI Í BÆ** Hefði orðið 100 ára á árinu.

# Hálfbróðir Ása í Bæ

**Aldarafmæli Ása í Bæ verður fagnað í Hörpu í febrúar. Kristinn R. Ólafsson er hálfbróðir Ása og þó 38 ára aldursmunur sé á þeim þekkti Kristinn hann vel.**

Í tilefni af aldarafmæli Ása í Bæ og 140 ára afmæli Þjóðhátíðar í Eyjum verða haldnir tónleikar í Hörpu í febrúar. Kristinn R. Ólafsson er hálfbróðir Ása. Hann verður kynnir á tónleikunum. „Við erum ekki sammæðra eins og gefur að skilja, en við erum samfeðra. Á milli okkar er 38 ára aldursmunur. Ég verð 62 á næsta ári en hann hefði orðið hundrað ára. Ég þekkti hann alveg bærilega þótt það væri mikill aldursmunur á okkur."

Faðir þeirra hét Ólafur Ástgeirsson. „Hann var fæddur 1892 og giftist nokkuð eldri konu, Kristínu Jónsdóttur, sem hann eignaðist fjögur börn með, þar á meðal Ása í Bæ, sem hét Ástgeir Ólafsson. Eftir að Kristín deyr tekur faðir minn svo heljarstökk og kvænist móður minni sem var 28 árum yngri en hann og sex árum yngri en Ási. Þegar ég fæddist stóð karl faðir minn á sextugu en mamma var 32 ára."

Bræðurnir Kristinn og Ási ólust upp í Vestmannaeyjum. „Faðir okkar bjó þar alla tíð. Hann var bátasmiður, lundaveiðimaður og sjómaður. Ási í Bæ og Oddgeir Kristjánsson héldu uppi líflegu tónlistarlífi í Vestmannaeyjum á árum áður og mörg þjóðhátíðarlög eru eftir þá félaga." Því er viðeigandi að tengja saman aldarafmæli Ása í Bæ og afmæli Þjóðhátíðar. „En Ási samdi ekki einungis lög og texta, hann skrifaði líka sex bækur. Í einni þeirra, Skáldað í skörðin, segir hann frá æsku sinni og uppeldi í Eyjum. Þar útskýrir hann að Ási í Bæ var ekkert skáldanafn, hann var kallaður þetta vegna þess að hann var frá Litla-Bæ í Eyjum. Faðir minn var kallaður Óli í Bæ. Í bókinni er sagt frá heimili ömmu og afa þar sem var mikill söngur og gleði því amma var mjög söngvin."

Í þeirri bók kemur einnig fram að bræðurnir rekja sig í beinan karllegg til síðasta galdramanns á Íslandi, Ögmundar Ögmundssonar í Auraseli í Landeyjum. „Hann var langalangafi okkar. Í íslenskum þjóðsögum er sagt að hann hafi getað veitt vötnum, það er að segja breytt árfarvegum, og lét meðal annars eina ána éta upp túnið hjá presti einum sem viðhafði einhver niðrandi orð um hann. Ástgeir Guðmundsson, afi okkar, sem Ási bróðir er nefndur eftir, ólst upp hjá Ögmundi, sem var afi hans."

Bjarni Ólafur Guðmundsson skipuleggur tónleikana. „Hann var kallaður Daddi diskó í Eyjum í gamla daga og víðar." Tónleikarnir fara fram í Eldborgarsal Hörpu þann 8. febrúar á næsta ári. „Þetta verða tvískiptir tónleikar. Haldið verður upp á 100 ára afmæli Ása í fyrripartinum. Þá verða flutt lög og textar eftir hann. Kynningarmyndband um hann verður sýnt. Síðan verður seinni hlutinn tileinkaður Þjóðhátíð Vestmannaeyja, en 140 ár verða liðin síðan fyrsta Þjóðhátíðin var haldin í ágúst á næsta ári."

ugla@frettabladid.is

**➜ Nokkrir textar Ása í Bæ**
- Ég veit þú kemur í kvöld til mín
- Göllavísur
- Grásleppuvalsinn
- Maja litla
- Í verum

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3:20 - 4:20 - 5:40 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 3:40 - 6 | L |
| HOMEFRONT | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| HOMEFRONT VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | |
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 3:20 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 5:40 - 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| HOMEFRONT | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS | KL. 10:20 | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3:20 | L |
| HOMEFRONT | KL. 3:20 - 5:45 - 8 - 10:15 | 16 |
| MACHETE KILLS | KL. 10:30 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| HOMEFRONT | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 3:20 - 4:20 - 5:40 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| MACHETE KILLS | KL. 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| HOMEFRONT | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 5 - 10:20 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| FROSINN 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| FROSINN 3D | KL. 3.30 - 6 | L |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 9 | 14 |
| FURÐURFUGLAR 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| PIONEER | KL. 6 - 9 | 16 |
| MANDELA | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 6 - 9 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PIONEER | KL. 6 - 8 | 16 |
| MANDELA | KL. 10 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
AUKAKRÓNUR 5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| FROSINN 3D | 3, 5:30 | L |
| FROSINN 2D | 3, 5:30 | L |
| HUNGER GAMES 2 | 8, 11 | 12 |
| PHILOMENA | 5:50 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 3:50 | L |

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas


Gómsæt jól
Baileys-kakan í Iceland er eins og ljúfur draumur, hreinasta sælgæti.
BAILEYS
Baileys-kaka
898kr. pk.
Enn meira úrval í versluninni
9 Party Mini Pizzas
9 Party minipizzur
598kr pk.
Iceland 32 piece Party Spring Roll Selection
32 Party blandaðar vorrúllur
898kr pk.
Iceland 12 Party Ice Cream Belgian Chocolates
12 Party belgískt ís-konfekt
598kr pk.
Iceland Party Raspberry Eton Mess Dessert
Party eftirréttur með hindberjum
798kr pk.
Iceland 60 piece Party Chinese Platter
60 Party blandaðir Kína-réttir
1598kr pk.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND ENGIHJALLA
Nýtt kortatímabil
Iceland

## Íslandsmet og sæti í úrslitum hjá Eygló

**SUND** Eygló Ósk Gústafsdóttir úr Ægi hóf keppni frábærlega á fyrsta degi Evrópumeistaramótsins í 25 metra laug í Danmörku í gær. Eygló byrjaði daginn á að komast í undanúrslit í 100 metra baksundi og bætti um betur síðdegis er hún tryggði sér sæti í úrslitum á nýju Íslandsmeti.

Eygló Ósk synti á 59,26 sekúndum og bætti eigið Íslandsmet um 0,16 sekúndur. Það setti hún á Íslandsmeistaramótinu í Ásvallalaug í síðasta mánuði. Ægiskonan endaði í fjórða sæti síns riðils og áttunda sæti alls í undanúrslitunum. Tíu komust áfram í lokaúrslitin sem fara fram síðdegis á morgun.

Eygló átti einnig áttunda besta tímann í undanrásunum um morguninn er hún synti á 59,96 sekúndum. **- esá**



## Strandgatan vettvangur deildabikarkeppninnar enn á ný

**HANDBOLTI** Úrslitin ráðast í Flugfélags Íslands-deildabikarkeppninni um helgina en undanúrslitin í bæði karla- og kvennaflokki fara fram í dag. Úrslitaleikirnir verða svo háðir á morgun en allir leikirnir fara fram í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.

Fjögur efstu liðin í Olís-deildum karla og kvenna fyrir vetrarfrí öðlast þátttökurétt í keppninni sem hefur verið haldin um mitt keppnistímabil síðan 2007. Fyrstu tvö árin voru leikirnir spilaðir í Laugardalshöllinni en í Strandgötunni síðan 2009.

**→ UNDANÚRSLITIN**

| | |
|---|---|
| **KVENNA:** STJARNAN - ÍBV | KL. 16.00 |
| **KVENNA:** VALUR - GRÓTTA | KL. 17.45 |
| **KARLA:** HAUKAR - FRAM | KL. 19.30 |
| **KARLA:** FH - ÍBV | KL. 21.15 |

Karlalið FH og kvennalið Fram eru ríkjandi deildabikarmeistarar en Framkonur náðu ekki að vinna sér þátttökurétt í keppninni þetta árið.

Leikið verður linnulaust frá klukkan 16.00 og langt fram á kvöld en Vísir verður með beinar texta- og tölfræðilýsingar frá þeim öllum, sem og úrslitaleikjunum á morgun. **- esá**



**MEISTARAR** FH vann deildabikarinn á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LYKILMAÐUR** Hannes Jón fór á kostum með Eisenach er liðið vann sér sæti í efstu deild á síðustu leiktíð. MYND/AÐSEND

## Hannes Jón undir hnífinn

**HANDBOLTI** Handknattleikskappinn Hannes Jón Jónsson var lagður inn á sjúkrahús á mánudag vegna mikilla verkja í hægri öxl. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Hannes Jón, sem spilar með nýliðum Eisenach í þýsku úrvalsdeildinni, gekkst undir aðgerð á öxlinni í gær. Fram undan er önnur aðgerð á morgun og óvíst er um batahorfur. Er talið að ferill kappans geti verið í hættu.

Hannes meiddist illa á hægri öxl þegar hann var 17 ára og var frá æfingum í tvö ár. Þá greindist kappinn með þrjú illkynja æxli í þvagblöðru í október í fyrra en sneri aftur strax í janúar framar björtustu vonum. Eisenach komst upp úr þýsku B-deildinni um vorið og Hannes Jón var kjörinn besti leikmaður tímabilsins. **- ktd**



**FAGNAÐAREFNI** Sveinbjörg Zophoníasdóttir og félagar í FH fá langþráða innanhússaðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Opið hús á nýsteyptu gólfi

**FRJÁLSAR** Opið hús verður í frjálsíþróttahúsinu í Kaplakrika í Hafnarfirði í dag í tilefni af því að loks er búið að steypa gólfið í húsinu. Framkvæmdir við innanhússaðstöðu FH-inga hófust árið 2004 en fóru út um þúfur við efnahagshrunið haustið 2008.

Á heimasíðu Frjálsíþróttasambands Íslands kemur fram að gólfefni verði lagt á nýsteyptu plötuna á næstu mánuðum. Stefnt sé að að húsið verði nothæft til æfinga fyrri hluta árs 2014 og verði komið í fulla notkun um haustið.

Gunnar Svavarsson, formaður byggingarnefndar, segir að lóðamálin og utanhússfrágangur verði að bíða enn um sinn. Vel megi vera að hægt verði að fara í það á grundvelli flýtiframkvæmda.

FH-ingum, Hafnfirðingum og öðrum gestum er boðið að virða húsið fyrir sér á morgun á milli klukkan 16 og 18.30. **- ktd**

# Spilaði með svikara í Grödig

Hannes Þorsteinn Sigurðsson tekur nú þátt í austurrísku ævintýri með nýliðum SV Grödig í úrvalsdeildinni þar í landi. Veðmálahneyksli skók þó félagið á dögunum og þurftu tveir leikmenn að víkja vegna þess.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is





**ÆVINTÝRI Í ÖLPUNUM** Hannes Þ. Sigurðsson fagnar hér marki í leik með Grödig í Austurríki. MYND/GEPA-PICTURES

**FÓTBOLTI** Á ýmsu hefur gengið hjá Hannesi Þ. Sigurðssyni sem er nú á sínu fyrsta tímabili með SV Grödig í austurrísku úrvalsdeildinni. Gengi liðsins hefur verið vonum framar en það situr í öðru sæti deildarinnar nú þegar mótið er hálfnað. Á dögunum kom þó í ljós að leikmaður liðsins hafi reynt að hagræða úrslitum leikja í hagnaðarskyni.

„Það átti enginn von á þessu. Þetta var mikið áfall fyrir okkur alla,“ segir Hannes í samtali við Fréttablaðið. „Við erum með lítinn en samheldinn hóp leikmanna og það var reiðarslag að fá þær fréttir að einn okkar hafði unnið markvisst gegn okkur,“ bætir hann við.

SV Grödig er nýliði í deildinni og raunar að spila í efstu deild í Austurríki í fyrsta sinn í 65 ára sögu félagsins. Fyrir tíu árum var liðið í neðstu deild austurríska boltans en uppgangur þess síðan þá hefur verið með ólíkindum.

„Núverandi forseti félagsins tók við fyrir tíu árum og hefur rekið félagið síðan þá með syni sínum með góðum árangri. Þeir komu vitaskuld með pening í reksturinn en það þarf meira til, eins og að þjálfara og leikmenn. Þeir hafa unnið afar hörðum höndum að uppbyggingu félagsins og starfið verið afar metnaðarfullt,“ segir Hannes.

### Gaf andstæðingunum víti

Dominique Taboga heitir leikmaðurinn sem var rekinn frá SV Grödig fyrir veðmálabraskið. Hann er varnarmaður sem reyndi að hafa áhrif á úrslit leikja liðsins með beinum hætti.

„Ég hef reynt að forðast fjölmiðlaumfjöllun um málið en það sem ég hef séð bendir flest til þess að hann hafi viljandi reynt að fá á sig víti hér og þar. Hann var í góðri aðstöðu til þess sem aftasti varnarmaður,“ segir Hannes.

„Það segir því töluvert mikið um liðið og árangur þess að við erum þrátt fyrir allt í öðru sæti deildarinnar,“ bætir hann við.

### Alvarlegur dómgreindarskortur

Nokkrum dögum eftir að Taboga var rekinn fékk annar leikmaður SV Grödig að fylgja sömu leið. Í ljós kom að Taboga hafi reynt að fá annan leikmann, Thomas Zündel, til liðs við sig í braskinu. Zündel hafnaði boðinu en gerði þau afdrifaríku mistök að láta ekki forráðamenn félagsins vita af því.

„Zündel tók því engan þátt í þessu en gerðist engu að síður sekur um alvarlegan dómgreindarskort. Hann verður að gjalda fyrir það og það hefur jafnvel kostað hann ferilinn. Þetta er góður drengur og fínn knattspyrnumaður. Við söknum hans,“ segir Hannes.

### Fékk nýtt hlutverk í liðinu

Taboga situr nú í gæsluvarðhaldi og á yfir höfði sér langan fangelsisdóm verði hann fundinn sekur – allt að tíu ár, Enda er málið litið alvarlegum augum.

Sem fyrr segir hefur málið ekki haft áhrif á gengi liðsins. Það vann 3-0 sigur á Ried um helgina en þar með skaust liðið upp í annað sæti úr því fjórða. Hannes fékk tækifæri í byrjunarliðinu í annað sinn á tímabilinu og nýtti það vel.

„Okkar fremsti sóknarmaður hefur verið að spila mjög vel og er markahæstur í deildinni með fimmtán mörk. Maður gat því lítið kvartað yfir bekkjarsetunni. En gegn Ried spilaði ég sem fremsti maður á miðju og gekk það mjög vel,“ segir Hannes sem var þó tæklaður illa í fyrri hálfleik og entist í aðeins 60 mínútur í leiknum af þeim sökum.

„Það hefur verið talsvert um meiðsli í liðinu í haust og því vil ég ólmur ná mér góðum fyrir næsta leik,“ bætir Hannes við.

### Sérstaklega sætur sigur

Hann segir að hneykslið sem skók félagið hafi þjappað leikmönnum enn betur saman, þó svo að hópurinn hafi verið samheldinn fyrir.

„Sigurinn á Ried var afar kærkominn, sérstaklega þar sem hann var gegn öðru liði í efri hluta deildarinnar. Þetta var líka þriðji sigur okkar í átta dögum og búið að ganga á ýmsu þar fyrir utan. Það hefur reynt mikið á alla hjá félaginu og því var sigurinn ef til vill sérstaklega sætur.“ eirikur@frettabladid.is

## Völlurinn við fjallsrætur Alpanna

Heimavöllur SV Grödig er óvenjulegur, sérstaklega miðað við atvinnufélag í sterkri deild í Evrópu. Hann tekur aðeins rúmlega fjögur þúsund manns í sæti og er því sá leikvangur í austurrísku úrvalsdeildinni sem tekur langfæsta áhorfendur.

Áhorfendastúkan er aðeins við aðra hlið vallarins en Untersberg-fjallið, sem völlurinn heitir eftir, blasir við áhorfendum og leikmönnum. „Það væri algjör glæpur að setja stúku við þá hlið vallarins – ekki nema að hún væri gegnsæ,“ segir Hannes Þ. Sigurðsson, leikmaður Grödig, í léttum dúr. „Það er hreint magnað að spila á þessum velli.“

Það er þó sjaldan uppselt á heimaleiki félagsins, sérstaklega nú á vetrarmánuðunum. Yfirleitt eru 1-2 þúsund manns á vellinum. „Það er kannski ekki skrítið, miðað við sögu félagsins. Fyrir aðeins nokkrum árum var engin stúka á vellinum, aðeins bekkir. Það hefur því mikið breyst á skömmum tíma,“ bætir Hannes við en SV Grödig er að spila í efstu deild í Austurríki í fyrsta sinn og fyrir einungis tíu árum lék liðið í neðstu deild austurrísku knattspyrnunnar.

Grödig er við rætur Untersbergfjalls í grennd við Salzburg og er steinsnar frá þýsku landamærunum.

# Spann sér lygavef

Dominique Taboga sagðist í fyrstu vera fórnarlamb.



**Í HALDI** Taboga var handtekinn í síðasta mánuði og á yfir höfði sér langan fangelsisdóm. MYND/EPA

**FÓTBOLTI** Dominique Taboga er 31 árs gamall Vínarbúi sem hefur spilað í heimalandinu allan sinn feril. Honum er gefið að sök að hafa reynt að hagræða úrslitum leikja með SV Grödig í austurrísku úrvalsdeildinni.

Málið komst fyrst upp í síðasta mánuði þegar hann kom að máli við forráðamenn Grödig og sagði að hann hefði verið kúgaður af glæpamönnum til að hafa áhrif á úrslit leikja liðsins.

Í fyrstu var honum trúað en fljótlega kom í ljós að það voru lygar. Sagan stóðst ekki og í ljós kom að hann hefði reynt að fá nokkra liðsfélaga sína til að taka þátt í braskinu með sér. Félagið rak hann og stuttu síðar var hann handtekinn.

Fjöldi annarra hefur flækst í málið, til að mynda Sanel Kuljic. Sá á leiki að baki með austurríska landsliðinu og var liðsfélagi Taboga þegar þeir léku saman með Kapfenberg í fyrra en Kuljic lagði skóna á hilluna í fyrra.

Veðmálabrask og spilling virðist stærra vandamál í Austurríki en mörgum löndum í Evrópu en nú stendur yfir ítarleg lögreglurannsókn þar í landi. Húsleit hefur verið gerð hjá 30 leikmönnum og eru 20 þeirra grunaðir um veðmálabrask. Alls eru sautján leikir til rannsóknar, þar af níu í austurrísku úrvalsdeildinni.

markhönnun ehf




EIN Á ENDA JARÐAR
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON
**4.893** KR




MEISTARASÖGUR
**1.995** KR

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




ÁR DREKANS
**2.963** KR




GULLIN SKÝ
ÓSKAR ÞÓR HALLDÓRSSON
**3.894** KR




SKAGFIRSKAR SKEMMTISÖGUR
BJÖRN JÓHANN BJÖRNSSON
**1.944** KR




FRÁ HESTUM TIL HESTAFLA
BJARNI GUÐMUNDSSON
**4.753** KR




Í TILEFNI DAGSINS
YESMINE OLSSON
**4.089** KR




STÍGUM FRAM
SHERYL SANDBERG
**2.955** KR




HEILSUDRYKKIR HILDAR
**2.399** KR




SAUÐFJÁRRÆKT Á ÍSLANDI
**5.433** KR



**EFNILEG** Glódís, sem er 18 ára, spilaði tólf A-landsleiki á árinu. MYND/ÓSKARÓ

## Glódís eftirsótt

**FÓTBOLTI** Sænsku meistararnir í LdB Malmö hafa farið fram á að Glódís Perla Viggósdóttir komi utan til æfinga í janúar. Sara Björk Gunnarsdóttir og Þóra Björg Helgadóttir spila með Malmö.

„Hún er samningsbundin okkur fram yfir tímabilið 2014. Við ætlum ekki að láta hana fara fyrir þann tíma,“ segir Einar Páll Tamini, formaður meistaraflokksráðs kvenna hjá Stjörnunni.

„Þeir leituðu til okkar og vildu fá hana í skoðun,“ segir Einar Páll. Hann telur sænska félagið meðvitað um vilja Stjörnunnar til að halda miðverðinum út næsta tímabil. „Þeir vildu samt fá hana og vilja væntanlega byggja upp gott samband við hana.“ - ktd




Ég hef hafið störf á
Stúdíó – Hallgerði,
Nóatúni 17
Tímapantanir 561 5455
Allir velkomnir
Kv. Bjöggi klippari


# Ekkert verra en aðgerðarleysi

„Ég vissi að árið yrði algjört spurningamerki,“ segir spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir sem hyggur á nýja sigra á nýju ári í íþróttinni. Hún býr nú í Sviss þar sem hún hefur hafið doktorsnám í ónæmisfræði.

**FRJÁLSAR** „Ég hef gaman af uppbyggingartímabilinu. Það er kannski ekki alveg að marka mig. Mér finnst þessi erfiðisvinna ofboðslega skemmtileg og nýt hennar í botn,“ segir Ásdís Hjálmsdóttir. Spjótkastarinn ver miklum tíma þessa dagana í lyftingasalnum líkt og fjölmargir frjálsíþróttamenn þjóðarinnar á undirbúningstímabilinu sem stendur yfir frá hausti fram yfir áramót.

„Ég er aðeins byrjuð í tækniæfingum og að kasta spjótinu. Það er ofboðslega gaman eftir hlé frá köstunum.“

Ásdís býr í Zürich þar sem hún æfir hjá þjálfara sínum, Terry McHugh. Samstarf hennar við Írann er tæplega ársgamalt og hafa þau unnið í að breyta tækni hennar á árinu.

### Æfingarnar gengu betur en mótin

„Ég gerði mér grein fyrir því að árið í ár yrði algjört spurningamerki, gæti farið hvernig sem er,“ segir Ásdís sem bætti Íslandsmetið í spjótkasti á Ólympíuleikunum sumarið 2012 með kasti upp á 62,77 metra. Spjótið flaug hins vegar aldrei yfir 60 metrana á árinu þótt aðeins hafi munað þremur sentimetrum í Stokkhólmi í júní.

„Það gekk vel á æfingum en undir pressu á mótum er svo auðvelt að detta út úr því og fara að gera það sem þú hefur vanið þig á undanfarin tíu ár,“ segir Ármenningurinn. Sömuleiðis hafi sífelld ferðalög á milli Íslands og Sviss frá janúar fram á sumar tekið sinn toll.

„Ég tók minnst fjögur flug í hverjum mánuði. Það tekur rosalega orku frá manni,“ segir Ásdís sem flutti til Sviss í júní þar sem hún hefur dvalið síðan. Mikill munur sé að hafa þjálfara sinn á öllum tækniæfingum ólíkt því að hitta hann bara vikulega eins og var fyrri hluta árs.

### Komin í doktorsnám

„Það var rosalega mikið áreiti og mikið að gerast í lífi mínu yfirhöfuð. Mér líður vel í rútínu og það er gott að hún er komin aftur,“ segir Ásdís sem hóf doktorsnám í ónæmisfræði við háskólann í Zürich í nóvember. Hún starfar á húðsjúkdómadeildinni á háskólasjúkrahúsinu og kann vel við sig.

> **Ég tók minnst fjögur flug í hverjum mánuði. Það tekur rosalega orku frá manni.**
>
> *Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari*

„Þetta er mjög spennandi,“ segir Ásdís en verkefni hennar snýr að því að bæta ónæmismeðferð við ofnæmi. Spjótkastarinn segir henta sér vel að vera upptekin og geta einbeitt sér að fleiru en íþrótt sinni.

### Get ekki setið heima og beðið

„Ég virka ekki ef ég er heima að bíða eftir næstu æfingu,“ segir Ásdís. „Ef þú gerir ekkert nema að mæta á æfingar, hugsa um æfingar og lífið snýst um það þá geturðu fengið nóg einn daginn.“

Sömuleiðis geti meiðsli gert vart við sig og ekkert sé verra en að vera aðgerðarlaus og velta sér upp úr meiðslum.

„Svo er um að gera að nýta tímann og ná sér í menntun og vera búin að öllu þegar íþróttaferlinum lýkur. Þá getur maður farið að gera hvað sem mann langar til að gera,“ segir Ásdís sem hlakkar til næsta tímabils. Hápunkturinn er Evrópumeistaramótið sem fer einmitt fram í Zürich í ágúst. Ásdís hefur þegar náð lágmarkinu, 57,40 metrum, með köstum sínum á árinu sem er að líða,

„Það er ansi hæpið að ég væri að stressa mig á þessu lágmarki,“ segir Ásdís sem kastaði margoft lengra á árinu. Líklegt er að Guðmundur Sverrisson, frjálsíþróttamaður ársins, verði einnig á meðal keppenda. ÍR-ingurinn kastaði 80,66 metra síðastliðið sumar og er til alls líklegur.

### Guðmundur gerður úr stáli

Ásdís þekkir Guðmund vel og fagnar árangri hans.



**EINBEITT** Ásdís Hjálmsdóttir stefnir á þátttöku í Evrópumeistaramótinu í Zürich í sumar, þar sem hún er nú búsett. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Gummi hefur lent í miklum meiðslum og alls kyns leiðindum. En það er þegar fólk lendir í meiðslum sem maður sér úr hverju það er gert. Þessi strákur er gerður úr stáli og það er frábært að sjá hann uppskera.“

Ásdís kemur til Íslands í næstu viku og verður í faðmi fjölskyldunnar fram yfir áramót. Hún mun þó áfram æfa af kappi.

„Ætli það verði ekki bara frí á aðfangadag, jóladag og gamlársdag.“ kolbeinntumi@365.is






# Krosslegg fingur fram að jólum

Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari tilkynnti 28 manna EM-hóp sinn í gær.

**HANDBOLTI** „Það eru góð nöfn í þessum hópi og það er að koma spenningur,“ segir Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari karla, en hann tilkynnti í gær hvaða 28 leikmenn geta spilað með Íslandi á EM í janúar.

Aðeins 16 munu fara með liðinu til Danmerkur og æfingahópurinn fyrir mótið verður með um 20 leikmönnum.

„Það eru ákveðin spurningamerki eins og með Alexander en það skýrist eftir helgi hvort hann verður með okkur á EM. Arnór Þór er að koma aftur eftir meiðsli og svo er Vignir reyndar meiddur líka. Við sjáum hvernig það fer.“

Alexander Petersson fór á kostum með Rhein-Neckar Löwen gegn Kiel á miðvikudag. Engu að síður er öxlin á honum ekki góð þó að hann spili mikið með Löwen þessa dagana.

Það er taugatrekkjandi tími fram undan fyrir landsliðsþjálfarann en hann vonast eftir því að fá sína leikmenn heila heilsu í verkefnið.

„Ég krosslegg fingur fram að jólum og vona að allir haldi heilsu.“ - hbg



**ERFITT VAL** Aron mun tilkynna æfingahóp sinn í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### EM HÓPURINN 2013

**MARKVERÐIR:**

| | |
|---|---|
| Aron Rafn Eðvarðsson | Guif |
| Björgvin Páll Gústavsson | Bergischer |
| Daníel Freyr Andrésson | FH |
| Hreiðar Levý Guðmundsson | Nötteroy |

**AÐRIR LEIKMENN:**

| | |
|---|---|
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | PSG |
| Árni Steinn Steinþórsson | Haukar |
| Atli Ævar Ingólfsson | Nordsjælland |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Alexander Petersson | Rhein-Neckar Löwen |
| Ernir Hrafn Arnarson | Emsdetten |
| Arnór Atlason | St. Raphael |
| Bjarki Már Gunnarsson | Aue |
| Guðjón Valur Sigurðsson | Kiel |
| Bjarki Már Elísson | Eisenach |
| Snorri Steinn Guðjónsson | GOG |
| Ólafur Andrés Guðmundsson | Kristianstad |
| Ólafur Bjarki Ragnarsson | Emsdetten |
| Róbert Gunnarsson | PSG |
| Arnór Þór Gunnarsson | Bergischer |
| Ólafur Gústafsson | Flensburg |
| Guðmundur Árni Ólafsson | Mors-Thy |
| Gunnar Steinn Jónsson | Nantes |
| Sverre Jakobsson | Grosswallstadt |
| Stefán Rafn Sigurmannsson | RN Löwen |
| Rúnar Kárason | Hannover-Burgdorf |
| Kári Kristján Kristjánsson | Bjerringbro-Silkeborg |
| Vignir Svavarsson | Minden |
| Þórir Ólafsson | Kielce |

*Landsliðið kemur saman til æfinga 28. desember. Liðið spilar svo á æfingamóti í Þýskalandi gegn heimamönnum, Austurríki og Rússlandi dagana 3., 4., og 5. janúar*







Ný sending komin

## Elos háreyðing

HOM-HUPK00591

Varanleg háreyðing fyrir allar húðgerðir og öll líkamssvæði. Auðveld og þægileg. Tækni sem byggir á samvirkni leifturljóss (IPL) og rafbylgna (RF) sem veldur varanlegri eyðingu á hársekknum. Meðferð sem hefur í fjölda ára, eingöngu verið aðgengileg hjá fagfólki. Til að ná sem bestum árangri er meðferðinni beitt á hvert svæði einu sinni í viku, í 7 vikur. Eftir það þarf eingöngu viðhaldsmeðferð eftir þörfum. Meðferð á allan líkamann tekur um 30 mín. Í hylkinu sem fylgir eru 120.000 ljósleiftur sem endast í 60 líkamsmeðferðir. Hægt að kaupa auka hylki. Nú fylgir epilator einnig með hverju tæki.

**59.750 kr.**

Eirberg

# GEFÐU GÓÐA GJÖF




Eirberg hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að vinnuvernd og hagræði.



## Mediflow $H_2$0 heilsukoddinn

MFL-1210

Einstakur heilsukoddi með vatnsfyllingu. Klínískar rannsóknir sýna að Mediflow heilsukoddinn er einn besti koddi á markaðnum til að minnka verki í hálsi og auka svefngæði. Mjúkur en veitir samt fullkominn stuðning fyrir hálsinn. Efsta lag úr mjúkum trefjum. Þar fyrir innan er vatnspúði sem fylltur er með mismiklu vatni til að stilla hæfilegan stuðning fyrir hvern og einn.

**9.750 kr.**

## Nuddpúði með gelhausum

HOM-SP1000

Mjúkir gelhausar sem laga sig að líkamanum. Shiatsu nudd og infrarauður hiti.
Fjarstýring með stigvaxandi stillimöguleikum.

**19.750 kr.**

NÝ ÚTGÁFA





## ELLE MACPHERSON THE BODY™

HOM-ELMFS-250

Fótsnyrtitæki með 2 snyrtihausum. Fótabað með hita og þægilegu nuddi 4 innbyggðar nuddrúllur fyrir iljarnar. Heldur vatninu heitu. Falleg gjöf sem bætir líðan. Nú fylgir epilator einnig með hverju tæki.

**22.950 kr.** Ný sending komin

**Opið alla daga til jóla** • Virka daga 9 - 18 • Laugardaga 11 - 15 • Sunnudaga 13 - 17 • Aðfangadag 10 - 12 • Eirberg ehf., Stórhöfða 25, Sími 569 3100, eirberg.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 19.50
### Logi í beinni



Laufléttur og skemmtilegur þáttur í umsjá Loga Bergmann þar sem bráðskemmtilegir viðmælendur mæta í bland við tónlistaratriði ásamt öðrum óvæntum uppákomum. Óhætt er að segja að þátturinn er hin fullkomna uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna.



### Ljóska í laganámi

**SJÓNVARPIÐ KL. 21.15** Legally Blonde er bandarísk gamanmynd frá 2001. Eftir að kærasti ljóskunnar Elle segir henni upp eltir hún hann í laganám í Harvard til að næla í hann aftur.



### Contraband

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00** Endurgerð íslensku myndarinnar Reykjavík Rotterdam með Mark Wahlberg í aðalhlutverki en þetta er ekta spennutryllir úr smiðju Baltasars Kormáks sem enginn má láta fram hjá sér fara.



### Matarást með Rikku

**STÖÐ 2 GULL KL. 19.35** Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en í öllum tilfellum alveg eldheitu ástarsambandi við matargerð.

### X-ið 977 kl. 07.00
### Harmageddon

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 7-10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.







Þriðja þáttaröðin er komin í verslanir!

Sjálfstætt framhald á fjörugum ævintýrum Hafdísar, Klemma og vina þeirra. Vandað, fyndið og alíslenskt barnaefni.

Íslenskt tal — Söngvar textaðir






Fæst í verslunum um allt land

Skálholtsútgáfan – www.skalholtsutgafan.is Dreifing: SamFilm


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.01 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum**
**07.06 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Malcolm In The Middle**
**08.40 Ellen**
**09.20 Bold and the Beautiful**
**09.40 Doctors**
**10.25 Harry's Law**
**11.05 Drop Dead Diva**
**11.50 Dallas**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mistresses**
**13.50 Home Alone**
**15.30 Waybuloo**
**15.50 Skógardýrið**
**16.15 Ellen**
**16.58 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum**
**17.50 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Popp og kók**
**19.50 Logi í beinni**
**20.50 On Strike For Christmas** Skemmtileg jólamynd frá 2010 með Daphne Zuniga og David Sutcliffe í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um konu sem fer í verkfall á jólunum eftir eiginmaður hennar og unglingssynir eru of uppteknir til þess að hjálpa til við jólaundirbúninginn.
**22.20 Special Forces**
**00.10 Wrecked** Kvikmynd frá 2010 með Adrien Brody í aðalhlutverki.
**01.40 The Runaways**
**03.25 Fright Night**
**05.10 Rush Hour 2**

## SPORT *besta sætið*

**12.50 Zulte-Waregem - FK Rubin Kazan**
**14.30 Angóla - Noregur**
**15.50 Ungverjaland - Þýskaland** Bein úts.
**17.20 Tottenham - Anzhi Makh'kala**
**19.00 Sportspjallið** Vikulegur þáttur
**20.00 Meistaradeild Evrópu** - fréttaþáttur
**20.30 La Liga Report**
**21.00 Evrópudeildarmörkin**
**21.55 Ungverjaland - Þýskaland**
**23.15 Paok Salonika - AZ Alkmaar**
**00.55 Meistaradeild Evrópu.** AC Milan - Ajax

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.05 Arsenal - Everton**
**14.45 Stoke - Chelsea**
**16.25 Messan**
**17.40 Crystal Palace - Cardiff**
**19.20 Liverpool - West Ham**
**21.00 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.30 Football League Show**
**22.00 Match Pack**
**22.30 Premier League World**
**23.00 Southampton - Man. City**
**00.40 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**01.10 Messan**
**02.25 Man. Utd. - Newcastle**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing **21.00** Randver í Iðnó **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**16.35 Around the World in 80 Plates**
**17.20 Raising Hope**
**17.45 Don't Trust the B*** in Apt 23**
**18.10 Cougar Town**
**18.30 Funny or Die**
**19.00 Top 20 Funniest**
**19.45 Smash** *(14:17)*
**20.30 Super Fun Night** *(8:17)*
**20.55 The X-Factor US** *(24:26)*
**21.35 Grimm** *(5:22)*
**22.20 Strike Back** *(4:10)* 23.05
**23.50 Top 20 Funniest**
**00.35 Smash**
**01.20 Super Fun Night**
**01.45 The X-Factor US**
**02.25 Grimm**
**03.10 Strike Back**
**04.00 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Dóra könnuður **07.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.50** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Diego, **08.24** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **08.31** Svampur Sveinsson **08.54** Latibær **09.05** Ævintýri Tinna **09.27** Brunabílarnir **09.52** Ævintýraferðin **10.05** Lukku-Láki **10.29** Ofurhundurinn Krypto **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Dóra könnuður **11.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.50** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **12.07** Diego **12.30** Svampur Sveinsson **12.52** Latibær **13.03** Ævintýri Tinna **13.25** Brunabílarnir **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Lukku-Láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.45** UKI **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Dóra könnuður **15.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.50** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Diego **16.24** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **16.31** Svampur Sveinsson **16.53** Latibær **17.05** Ævintýri Tinna **17.27** Brunabílarnir **17.52** Ævintýraferðin **18.05** Lukku-Láki **18.29** Ofurhundurinn Krypto **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Öskubuska í villta vestrinu **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**16.55 Strákarnir**
**17.20 Friends**
**17.45 Seinfeld**
**18.10 Modern Family**
**18.35 Two and a Half Men**
**19.00 Evrópski draumurinn** *(2:6)*
**19.35 Matarást með Rikku** *(2:10)*
**20.05 Spaugstofan**
**20.35 Veistu hver ég var?**
**21.15 Fóstbræður** *(2:8)*
**21.45 Mið-Ísland** *(2:8)*
**22.15 Wipeout - Ísland**
**23.10 Bara grín**
**23.40 Logi í beinni**
**00.30 Það var lagið**
**01.35 Besta svarið**
**02.15 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.15 Chronicles of Narnia, The.** The Voyage of the Dawn Treader
**13.05 Airheads**
**14.40 The Descendants**
**16.35 The Chronicles of Narnia,**
**18.25 Airheads**
**20.05 The Descendants**
**22.00 Contraband**
**23.50 The Dept**
**01.40 Arn** - The Kingdom at the End of the Road
**03.45 Contraband**

## RÚV

**15.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10 Litli prinsinn**
**17.33 Verðlaunafé**
**17.35 Jóladagatalið** - Jólakóngurinn *(13:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
**17.59 Spurt og sprellað**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.15 Villt og grænt**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Útsvar Spurningakeppni sveitarfélaga.** Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.15 Ljóska í laganámi**
**22.50 Á tæpasta vaði** *(Die Hard)* John McClane lögreglumaður í Los Angeles reynir að bjarga konu sinni og fjölda annarra sem þýskur hryðjuverkamaður tekur í gíslingu í jólaboði. Leikstjóri er John McTiernan og aðalhlutverk leika Bruce Willis, Alan Rickman, Bonnie Bedelia.
**01.05 Kona, byssa og núðluhús** *(San qiang pai an jing qi)*
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 Once Upon A Time**
**17.00 Secret Street Crew**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 Happy Endings**
**18.55 Minute To Win It**
**19.40 America's Funniest Home Videos** *(9:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.05 Family Guy** *(6:21)* Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á Skjá Einn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.30 The Voice** *(12:13)* Spennandi söngþættir þar sem röddin ein sker úr um framtíð söngvarans. Heimsþekktar poppstjörnur skipa sem fyrr dómnefndina en Christina Aguilera og Cee Lo Green snúa nú aftur eftir hlé.
**22.00 Home for the Holidays** Bandarísk kvikmynd í leikstjórn Jodie Foster. Claudia er einstæð móðir sem nýlega missti vinnuna. Hún ákveður að fara til fjölskyldu sinnar til að fagna þakkargjörðarhátíðinni en þar lendir hún í óvæntum ævintýrum.
**23.45 Excused**
**00.10 The Bachelor**
**01.40 Ringer**
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **09.00** World Challenge 2013 **12.00** World Challenge 2013 **15.00** World Challenge 2013 **18.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **21.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **00.00** Franklin Templeton Shootout 2013 **03.00** Eurosport

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

NÝTT

NÓA Fylltir molar

# FYRIR GLEÐILEG JÓL

## ALLIR FYLLTU MOLARNIR SAMAN Í KASSA

Það elska allir Nóa Konfekt en sumir elska Fylltu molana meira en aðra mola. Nú fá þeir konfektkassa sem eru fullir af gómsætum Fylltum molum... og engu öðru.




## GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

NÓA Konfekt

HELGIN



**„Ég ætla að hanga á manntal.is um helgina, og á vef Ljósmyndasafns Reykjavíkur.“**

Kristín Svava Tómasdóttir, ljóðskáld og sagnfræðinemi.

# Vilja fá 300 kampavínsflöskur og halda partí í Bláa lóninu

Sky Blu úr LMFAO kemur fram á Íslandi í janúar og ætlar að djamma hressilega.

Sky Blu, annar helmingur bandaríska rafdansdúettsins LMFAO, mun halda tónleika í Laugardalshöll laugardaginn 4. janúar. Hann er mikill partípinni og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vill hann fá þrjú hundruð kampavínsflöskur til þess að búa til alvöru kampavínssturtu fyrir áheyrendur. Þá er hann sagður vilja halda stórt einkapartí í Bláa lóninu.

Hann verður ekki einn á sviðinu því með honum verður hljómsveit og dansarar en alls koma hingað til lands sextán manns. Sérstakir VIP-miðar eru fáanlegir á tónleikana en handhöfum þeirra gefst kostur á að stíga dansspor með stjörnunum.

Kröfulistinn er þó hófsamlegur en spaugilegur í senn, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mega vatnsmelónur alls ekki vera nærri Sky Blu.

LMFAO hefur sent frá sér tvær plötur, Party Rock og Sorry for Party Rocking. Tvíeykið er líklega þekktast fyrir lögin Party Rock Anthem, Champagne Showers og Sexy and I Know It.

Á síðasta ári tók LMFAO sér frí svo frændurnir gætu einbeitt sér að sólóferli sínum.

SkyBlue ætlar að gefa Íslendingum nýjustu plötuna sína á bigbad.com. **- glp**



**PARTÍ Á ÍSLANDI** Sky Blu úr raftónlistarsveitinni LMFAO kemur fram hér á landi, ásamt fríðu föruneyti í janúar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Bjór, samverustundir og vinýlplötur

Jóladagatöl eru ómissandi hluti aðventunnar að margra mati. Þau geta verið jafn mismunandi og þau eru mörg, en í ár njóta „öðruvísi“ dagatöl mikilla vinsælda. Fréttablaðið heyrði í þremur ólíkum einstaklingum sem prófuðu í ár að breyta út af hefðinni.



**EVA EINARSDÓTTIR** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Samverustund á hverjum degi

„Þetta er nú ekki svo óvenjulegt, þetta snýst bara um að hafa smá samverustund á hverjum degi,“ segir **Eva Einarsdóttir**, borgarfulltrúi fyrir Besta flokkinn í Reykjavík. Eva heldur utan um jóladagatal fyrir börnin sín sem felst í því að bak við hvern glugga leynist hugmynd um eitthvað skemmtilegt sem fjölskyldan getur gert saman. Það getur verið allt frá því að baka laufabrauð yfir í að gera saman góðverk.

„Í gær var til dæmis jólaföndur og þá bölvaði ég nú svolítið sjálfri mér,“ segir Eva. „En í dag er ferð á bókasafnið.“

Að þessu sinni keypti Eva sjálft jóladagatalið í IKEA, en segir að það verði heimagert á komandi ári. „Svo er það líka innihaldið sjálft sem skiptir máli,“ segir hún.

Með þessari hugmynd sinni vill Eva reyna að kenna börnunum sínum að það sé samveran sem skiptir mestu máli um jólin.

„Svo er ég ekki mikið jólabarn sjálf, þannig að þetta er svolítið eigingjarnt af mér,“ bætir hún við. „Með þessu er ég líka að reyna að gera sjálfa mig að aðeins meira jólabarni.“



**VIGNIR SVAVARSSON**

## Vínylplötutöffari

„Það er nú bara konan mín sem er svona sniðug,“ segir **Vignir Svavarsson**, landsliðsmaður í handbolta, en hann fékk í ár jóladagatal sem hver vínylplötunördi yrði ánægður með. „Ég kýs nú frekar ‚vínylplötutöffari‘,“ segir Vignir.

Á heimili Vignis í Þýskalandi er ný plata opnuð á hverjum degi og gætir þar ýmissa grasa. Meðal þeirra gersema sem Vignir hefur fengið undanfarna daga má nefna plötur með Bob Dylan, Rolling Stones og safnplötuna Black Gold, sem geymir smelli úr heimi sálartónlistar. Að sögn Vignis er þetta ekki í fyrsta sinn sem konan hans gleður hann svona á aðventunni.

„Í fyrra fékk ég svona bjórdagatal og árið þar á undan gerði hún handa mér skafmiða með vinningum,“ segir Vignir. Meðal þess sem Vignir segist hafa grætt á skafmiðunum voru húsgögn eftir uppskáldaða húsgagnahönnuðinn Karl Farbman úr sjónvarpsþáttunum Seinfeld. „Ég var nýbúinn að kvarta undan því hvað húsgögnin mín væru ó-Karl Farbmansleg,“ segir hann. „Það var bætt úr því.“



**ÁSGEIR KOLBEINSSON**

## Bock-bjórinn kom á óvart

„Þetta er allt rosa vandað,“ segir **Ásgeir Kolbeinsson**, fjölmiðlamaður, um jólabjórsdagatalið sem hann fékk að gjöf frá kærustu sinni á dögunum. „Hún lét gera svona kassa með hólfum sem eru pökkuð inn í jólapappír. Það eru mismunandi bjórtegundir í hverju hólfi. Þetta segir sig rosa mikið sjálft, svo opnar maður bara hólfin og allir glaðir.“

**„Svo opnar maður bara hólfin og allir glaðir.**

*Ásgeir Kolbeinsson, fjölmiðlamaður*

Ásgeir segir dagatalið geyma bjór sem hann hefði ef til vill ekki smakkað annars. „Bock-bjórinn kom vel á óvart,“ segir Ásgeir, sem segir að þessi jólahefð sé komin til að vera.

„Það er ekkert hægt að bakka út úr þessu,“ segir hann. „Maður getur ekki bara einu sinni sett í þvottavélina og svo hætt.“ **bjarkia@frettabladid.is**


Borgar Apótek
– Þín vegna

... opnar í Borgartúni
og býður lausasölulyf
á góðum kjörum!




747 kr.

Borgar Apótek | Borgartúni 28, 105 Reykjavík | sími 553-8331


Carolina toppur
2990



Chicago bolur
1590




Clearwater Rib jakkapeysa
3990


Wish peysa
3990




Skinny low champ gallabuxur
4500


Glendale Treats jakkapeysa
3990


Chicago SS Rib bolur
1590


Missourie jakkapeysa
3990


Chicago SS Rib bolur
1590




Skinny low champ diego buxur
5990




Chicago SS Rib bolur
1590


Clearwater Zip peysa
3490

# OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

FYLGTSU MEÐ ÞVÍ NÝJASTA Á FACEBOOK OG INSTAGRAM

facebook.com/veromodaiceland @veromodaiceland

**VERO MODA**®

Kringlunni og Smáralind

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Mútaði jólasveininum

Nú eru jólasveinarnir byrjaðir að streyma til byggða og fer athafnakonan **Ásdís Rán Gunnarsdóttir** ekki varhluta af því. Hún segir frá því á Facebook-síðu sinni að dóttir hennar hafi skilið eftir mjólkurglas, kexköku og bréf fyrir Stekkjarstaur til að reyna að múta honum svo hún fái það sem hún vill í skóinn. „Hún er athafnakona eins og móðir hennar," skrifar Ásdís Rán á síðuna sína.



### Leigir út íbúðina

Landsliðsmarkvörðurinn **Hannes Þór Halldórsson** er á förum frá landinu innan skamms þar sem hann er búinn að skrifa undir samning við norska úrvalsdeildarliðið Sandnes Ulf. Hann og hans heittelskaða, Halla Jónsdóttir, leita nú logandi ljósi að góðu fólki til að leigja íbúð þeirra á meðan þau dvelja í Noregi. Um er að ræða fjögurra herbergja blokkaríbúð í Stóragerði og geta áhugasamir haft samband beint við markvörðinn knáa.



## Mest lesið vísir

1. Hjálpuðu heimilislausa Litháanum – Gáfu honum bensín og smákökur
2. Námsmenn látnir borga brúsann
3. Átta fjölskyldur fá 1,5 milljónir fyrir jól
4. Russell Brand keypti sér kvenmannsskó á Laugaveginum
5. Gunnar fer á kostum með Ben Stiller




